**SKOÐUN**



Við getum ekki endalaust minnkað við efnahagslífið og aukið við velferðarkerfið, skrifar Pawel Bartoszek **19**

**MENNING**



Ólafur Arnalds hefur gert plötusamning við Universal-risann. **46**

**SPORT**



Kári Kristján Kristjánsson er lykilmaður Wetzlar í Þýskalandi. **42**



Hugleikur segir frá heimsenda á súran hátt. **38**


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
23. nóvember 2012
276. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



**LÍFIÐ**



**Boðberi hollustunnar**
Solla í Gló vonast til að skólamatur verði eldaður frá grunni úr góðu hráefni. **6-8**

**FRÉTTIR**

**Vopnahléi fylgt eftir**
Bæði Ísraelar og Palestínumenn líta á vopnahléssamkomulag sem sigur. **10**

**Telja sig beitta órétti**
Annþór Karlsson og Börkur Birgisson telja sig beitta órétti. **12**

**Öllum hjá Eir skipt út**
Unnið er að því að skipta út fulltrúaráði Eirar og í framhaldinu stjórninni. Umfjöllun um Eirarmálið. **16**




**18**


| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | NA | 11 |
| Akureyri | 2° | A | 4 |
| Egilsstaðir | 3° | A | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | SV | 3 |
| Reykjavík | 2° | SA | 7 |

**Rigning** suðaustan- og austanlands og annars víða lítilsháttar úrkoma síst þó norðan til. Strekkingur á Vestfjörðum, annars hægari. Hiti víða 0 til 6 stig. línur **4**

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk






**RAUÐNEFJAR GLEÐJAST** Þau Guðmundur Ó. Guðmundsson, 90 ára, og Auður Eldey Flókadóttir, 1 árs, eru nýjustu heimsforeldrar Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) á Íslandi. Þau komu fram saman í gær til að vekja athygli á hinum árlega Degi rauða nefsins hinn 7. desember næstkomandi en í gær hófst sala á rauðum nefjum. Með sölu þeirra vill UNICEF gleðja landsmenn en vekja um leið athygli á þeirri neyð sem steðjar að milljónum barna um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dæmi um að börnin séu misnotuð hér

Nokkur mál er varða vafasamt ætterni erlendra barna hafa ratað til Mannréttindaskrifstofu. Óvíst hversu hátt hlutfall mála kemst upp og endar í rannsókn.

**SAMFÉLAGSMÁL** Nokkur mál er varða útlensk börn sem komið hefur verið með hingað til lands á fölsuðum pappírum hafa ratað inn á borð Mannréttindaskrifstofu Íslands á undanförnum árum. Í sumum málunum hafa börnin verið misnotuð eftir að þau komu hingað til lands. Dæmi eru um að þau vilji losna af heimilum forráðamanna sinna eftir að hafa dvalið á Íslandi í nokkurn tíma.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu, segir að þegar upp komist um málin haldi fólkið því í flestum tilvikum fram að barnið sé skylt öðru þeirra. Hún segir aldur barnanna sem koma hingað til lands í fölskum forsendum mismunandi. Yfirleitt séu þau ung, tveggja eða þriggja ára, en sum enn stálpaðri. Hún man eftir þremur til fjórum löndum sem börnin hafa komið frá.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakaði nú mál pars sem kom með ungabarn til landsins og lagði fram alla pappíra þess efnis að þau væru foreldrar þess þegar sótt var um dvalarleyfi fyrir það. Þegar óskað var eftir DNA-rannsókn viðurkenndu þau að vera ekki raunverulegir foreldrar barnsins. Fleiri mál af sama toga eru til skoðunar.

Margrét segir Ísland bundið fjölda alþjóðlegra mannréttindasamninga og að stjórnvöldum sé fyrst og fremst skylt að vernda réttindi barnanna.

„Það hafa komið upp dæmi þar sem börn hafa verið misnotuð, líður illa og vilja komast burt af heimilinu þegar þau eru búin að vera á landinu í einhvern tíma,“ segir hún. „En í mörgum tilvikum virðist eins og verið sé að fara vel með þau og sambandið milli foreldra og barns sýnist gott og fallegt.“ Hún segir þessi mál þó alltaf flókin þar sem fólkið hefur brotið lög.

Nokkur mál koma upp hér á landi á hverju ári þar sem grunur leikur á að fólk, sem segist foreldrar barns, sé það ekki. Útlendingastofnun leitar ekki sérstaklega að málum sem þessum og grunar að tilvikin séu mun fleiri.

**- þeb, sv /** **sjá síðu 4**

**➜ Mál frá Víetnam stoppuð í kerfinu**

Dvalarleyfisumsóknir fyrir börn frá Víetnam hafa verið stöðvaðar tímabundið vegna þess að skjöl sem lögð eru fram í umsóknum þaðan þykja ekki trúverðug. Nokkur mál hafa komið upp hjá yfirvöldum þar sem vafi leikur á raunverulegu ætterni.

**Það hafa komið upp dæmi þar sem börn hafa verið misnotuð, líður illa og vilja komast burt frá heimilinu þegar þau eru búin að vera á landinu í einhvern tíma.**

*Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands*

Nýtt frumvarp um fjármálafyrirtæki verður lagt fram í náinni framtíð:

# Upplýst um eigendur bankanna

**VIÐSKIPTI** Upplýsa verður um eigendur fjármálafyrirtækja í ársreikningum þeirra verði fyrirhuguð lagabreyting að veruleika. Það þýðir að allir endanlegir eigendur (e. beneficiary owners) meira en eins prósents í fjármálafyrirtæki verða tilgreindir í ársreikningi. Verið er að leggja lokahönd á frumvarp þess efnis.

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra fjármálamarkaða og viðskipta, segir afar mikilvægt að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um hverjir séu eigendur fjármálafyrirtækja.



STEINGRÍMUR SIGFÚSSON

„Sérstaklega á ekki að vera neinn vafi á því þegar aðilar eru komnir með, eða eru við það að eignast, ráðandi hlut í fjármálafyrirtækjum. Það vill svo til að við erum að fara yfir lög um fjármálafyrirtæki og erum að leggja lokahönd á frumvarp um breytingar á þeim. Ég geri ráð fyrir því að á meðal þeirra breytinga sem við munum leggja þar til er að það verði gerð krafa um að í skýringum með ársreikningum fjármálafyrirtækja sé alltaf upplýst um alla þá sem eiga meira en eitt prósent í fyrirtækinu.“

**- þsj /** **sjá síðu 8**










## SPURNING DAGSINS



Ólöf, hefur þér gengið vel að fóta þig í lífinu?

**„Mér hefur skrikað fótur af og til en ég stend keik í dag.“**

Fætur Ólafar Hugrúnar Valdimarsdóttur eru misstórir. Því hefur hún lýst eftir „fótaspegilmynd“ sinni til að auðvelda skókaup.

Hæstiréttur Kólumbíu dæmdi íslensku hjónunum í vil varðandi ættleiðingu:

# Komast loks heim með stelpurnar

**FÓLK** „Loksins, loksins, loksins dómur er fallinn í Tribunal (Hæstarétti í Medellin) og var okkur dæmt í vil. Helga Karólína og Birna Salóme eru orðnar löglegar dætur okkar.“

Svo skrifuðu hjónin Bjarnhildur Hrönn Níelsdóttir og Friðrik Kristinsson á Facebook-síðu sína í gærkvöld.

Hjónin hafa nú dvalið í Kólumbíu í tæpt ár og beðið eftir leyfi frá dómstólum til að fá að ættleiða tvær kólumbískar stúlkur. Hæstiréttur dæmdi fjölskyldunni í vil í gær, eftir að málið hafði farið fram og til baka í kerfinu.

Á Facebook-síðu fjölskyldunnar segir að þrír dómarar hafi dæmt í málinu í þetta sinn og hafi þeir allir verið sammála um að til þessa hafi hagsmunir stúlknanna ekki verið hafðir að leiðarljósi.

„Næstu skref eru að fá vegabréf og vegabréfsáritun heim til Íslands fyrir Helgu Karólínu og Birnu Salóme. Við búumst við því að vera komin heim til Íslands eftir 10 til 14 daga og er mikil tilhlökkun hjá okkur fjölskyldunni.“

Hjónin fóru út í desember fyrir ári síðan til að sækja stúlkurnar tvær sem þau ætluðu að ættleiða frá Kólumbíu. Upphaflega bjuggust þau við að dvelja í landinu í um sex vikur. **- sv**

> **Við búumst við því að vera komin heim til Íslands eftir 10 til 14 daga og er mikil tilhlökkun hjá okkur fjölskyldunni.**
>
> *Af Facebook-síðu Bjarnhildar og Friðriks*

Bíræfnir bófar á Akureyri:

# Jólaljósaþjófar vinna dýr spjöll

**AKUREYRI** Skemmdarvargar á Akureyri hafa valdið miklu tjóni undanfarið.

Í tilkynningu frá bænum kemur fram að ljósaperum úr jólaskreytingum hafi verið stolið um allan bæ síðustu daga. Sérstaklega er ástandið slæmt við Akureyrarkirkju þar sem perum er stolið dag hvern. Perurnar eru afar dýrar LED-perur og því mikill skaði af þessum þjófnaði. Að auki var tveimur ljóskösturum sem lýstu upp tré í gilinu stolið. **- þj**

## ÞESSU ÓSKAÐI BREIVIK EFTIR



Lesljós og geislaspilari eru á óskalista Breiviks.



Breivik er þegar með bókahillu, kistu og kúlupenna.

Aðstaðan í Illa-fangelsinu í Noregi:

# Breivik má hafa kúlupenna

**NOREGUR Aðstaða morðingjans Anders Behring-Breivik í fangelsinu Illa hefur breyst til batnaðar, samkvæmt því sem lögmaður hans sagði í samtali við Verdens Gang.**

**Í vikunni fékk Breivik bókahillu og kistu undir föt inn til sín, samkvæmt samkomulagi við yfirvöld fangelsisins. Hann hefur líka fengið leyfi fyrir kúlupenna, en hingað til hefur hann mátt gera sér túss að góðu.**

**Þá fær Breivik að hafa ruslapoka inni hjá sér, en lögmaður hans vonast til þess að á næstunni muni bætast við auka lesljós og jafnvel ferðageislaspilari.** **- þj**

Aukið rennsli í Grímsvötnum:

# Hlaup líklegt í Gígjukvísl

**SAMGÖNGUR** Ríkislögreglustjóri hefur, í samráði við lögreglustjórana á Eskifirði og Hvolsvelli, lýst yfir óvissustigi vegna mælinga sem benda til aukins vatnsrennslis úr Grímsvötnum.

Mælingar sýna að íshellan í Grímsvötnum hefur sigið undanfarna daga. Má því búast við jökulhlaupi í Gígjukvísl á næstu dögum. Talið er að um lítið hlaup verði að ræða líkt og átti sér stað árið 2008. Umferð um Skeiðarársand verður því ekki takmörkuð. Óvissustig er hluti af verkferlum í skipulagi almannavarna til að tryggja formleg samskipti og upplýsingagjöf. **- mþl**

Sakfelldur fyrir fjölda brota:

# Síbrotamaður í 3 ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Síbrotamaðurinn Már Ívar Henrysson var í gær dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur. Þá var Már sviptur ökuréttindum ævilangt.

Í dómsmálinu voru Má gefin að sök fíkniefnalagabrot, vopnalagabrot, brot gegn valdstjórninni, umferðarlagabrot, varsla þýfis, líkamsárás og eignaspjöll. Hann var sakfelldur fyrir ýmis brot gegn valdstjórninni, alvarlega líkamsárás gegn lögreglumanni auk annarra brota. Már hefur margoft áður verið dæmdur fyrir lögbrot og með brotum sínum nú rauf hann skilorð. **- mþl**

# Telja sig hafa keypt vannýtta gullnámu

Nýir eigendur Skíðaskálans í Hveradölum boða mikla uppbyggingu og stóraukin umsvif í veitinga- og ferðaþjónustu. Þeir segja staðinn mjög vannýttan og bjóða upp á óendanlega möguleika. Verður okkar draumaveröld, segir annar eigandinn.

**PJÓNUSTA** Hjónin Inga Lísa Sólonsdóttir og Aron Þorsteinsson, sem keypt hafa hinn fornfræga Skíðaskála í Hveradölum af Svavari Helgasyni, áforma þar stóraukin umsvif með verkefninu Skíðaskálinn í Hveradölum – Luxury resort.

Í viðskiptaáætlun kemur fram að úttekt á rekstri og arðsemi Skíðaskálans lofi afar góðu. „Þessi fjárfesting er svokölluð gullnáma sem hefur verið afar vannýtt eða legið í dvala, gullnáma sem býður í raun upp á óendanlega möguleika,“ segir í áætluninni. Skapa á mun meiri tekjur en nú er með því að hafa opið allt árið. Jólahlaðborð hafa hingað til verið burðarás rekstursins.

Inga Lísa segir ætlunina að bjóða heim göngufólki og náttúruunnendum með stórbættri aðstöðu og lagfæringu á stígakerfi. Aðgangur verður þremur heitum pottum sem nýta mikinn jarðhita á svæðinu. Laða á að tónlistarmenn jafnt á sumrum sem vetrum, stórauka verslun á staðnum með sölu á alls kyns sérvöru og efna til útimarkaða.

Ekki síst á að bjóða veitingar árið um kring og leigja út mismunandi sali skálans fyrir alls kyns viðburði. Þá er ætlunin að fá skólabörn í fræðsluferðir og tengja greiðasöluna við gestamóttöku Hellisheiðarvirkjunar sem er þar skammt frá. Meðal annarra hugmynda Ingu og Arons er síðan uppbygging baðlónsins Viking Lagoon, gerð golfvallar og smíði þyrlupalls fyrir útsýnisflug.

„Guðdómlegt umhverfi í faðmi fjalla veitir sérstöðu og lyftir Skíðaskálanum í hæstu hæðir þar sem heitir leir- og gufuhverir og aðrar perlur íslenskrar náttúru veita Skíðaskálanum þá réttmætu upphefð að geta talist veislu- og náttúruparadís,“ segir í viðskiptaáætluninni sem fjárfestar fá nú til skoðunar.

Áformin hafa verið kynnt fyrir bæði Orkuveitu Reykjavíkur, sem leigir Skíðaskálanum land, og fyrir skipulagsnefnd Ölfuss sem tók vel í verkefnið.




**SKÍÐASKÁLINN Í HVERADÖLUM** Framtíðarskipulag Skíðaskálans gerir meðal annars ráð fyrir baðlóni og búningsaðstöðu. TEIKNING/MAGNÚS JENSSON ARKITEKT

> **Margir líta svo á að við séum að endurvekja Eden í nútímalegri mynd.**
>
> *Inga Lísa Sólonsdóttir eigandi Skíðaskálans í Hveradölum*

Svavar Helgason mun ljúka jólahlaðborðahaldinu sem nú stendur yfir og afhenda Ingu og Aroni Skíðaskálann í janúar. Inga Lísa segir þau hjónin sjálf munu búa á staðnum sem gestgjafar.

„Margir líta svo á að við séum að endurvekja Eden í nútímalegri mynd. Þetta verður okkar draumaveröld,“ segir Inga Lísa. „Hvað er betra en sunnudagsbíltúrar, útivist og eðalveisluhöld í flottasta kastala landsins? Hveradalir er staður kærleiks og menningar, hér endurskrifaði Halldór Laxness Íslandsklukkuna og var reglulegur gestur í þessari náttúruperlu á heimsvísu.“

**gar@frettabladid.is**




Forsætisráðherra hvetur til skoðunar á hvort flytja megi eignasafn:

# FME telur flest í lagi hjá Dróma

**STJÓRNSÝSLA** Fjármálaeftirlitið (FME) hefur lokið úttekt sinni á starfsháttum Dróma, fjármálafyrirtækisins sem stofnað var utan um rekstur SPRON og Frjálsa fjárfestingarbankann.

FME skoðaði átta þætti í starfsemi félagsins og gerði að lokum athugasemd við einn. Taldi FME að Drómi hefði gengið of langt í afskiptum sínum af samningsgerð skuldara við þriðju aðila. Hafði Drómi í nokkrum tilvikum farið fram á að fyrirvari kæmi fram, í samningum um að þriðji aðili tæki yfir skuldbindingar skuldara, þess efnis að skuldari afsalaði sér rétti til endurgreiðslu, kæmi til hennar.

FME gerði hins vegar ekki athugasemdir við til að mynda endurútreikninga Dróma á gengistryggðum lánum eða framkvæmd félagsins á 110% leiðinni, svo nokkuð sé nefnt.

Úttekt FME á Dróma má meðal annars rekja til mikillar opinberrar umræðu um starfshætti félagsins, svo og ábendinga sem FME höfðu borist. Í tilkynningu frá Dróma vegna úttektarinnar segir að niðurstöðurnar staðfesti að starfshættir félagsins séu faglegir og í samræmi við kröfur um góða viðskiptahætti. **- mþl**

## Flutningur eignasafns skoðist

Drómi var til umræðu í óundirbúnum fyrirspurnatíma á Alþingi í gær. Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, beindi þá fyrirspurn til Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra um verklag Dróma og ástæður þess að félagið var upphaflega stofnað. Í svari sínu sagði Jóhanna ljóst að eitthvað mikið hefði verið að í samskiptum Dróma og þeirra lántaka sem undir félagið heyrðu. Úr þeim vanda yrði að leysa og bætti Jóhanna við að skoða þyrfti hvort ástæða væri til að flytja eignasafn Dróma frá félaginu til Seðlabankans eða Arion banka. Þá benti Jóhanna á að Eignarhaldsfélag Seðlabankans og ráðherranefnd um skuldavanda heimilanna hefðu Dróma til skoðunar. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær sagðist Hlynur Jónsson, stjórnarformaður Dróma, undrast orð Jóhönnu, ekki síst í ljósi niðurstöðu FME.





40%
AFSLÁTTUR
GRENILENGJUR
Lengd: 2,7 metrar.
Græn PROMO.
VERÐ ÁÐUR FRÁ: 499
299
MIKIÐ ÚRVAL
AF ÚTISERÍUM
VERÐ FRÁ
995
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
ÚTISERÍUM
40%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM
KERTUM
46%
AFSLÁTTUR
DÚKUR
FULLT VERÐ: 1.295
699
NÝTT
20%
AFSLÁTTUR
3 STK.
FULLT VERÐ: 2.495
1.995
DISNEY JÓLAKÖKUBOX 3 STK.
3 saman í setti. Stærðir: Ø14, Ø17, Ø20 sm.
33%
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 2.995
1.995
COZY JÓLASVEINAHJÓN
Flott jólasveinahjón á frábæru verði! Hæð: 30 sm.
40%
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 499
299
STÓR JÓLABOLLI
Hæð: 15 sm.
40%
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 3.995
2.395
JÓLAARINN
Flottur jólaarinn með ljósi. Fæst í nokkrum gerðum.
Gengur fyrir rafhlöðum.
DISKAMOTTA
FULLT VERÐ: 499
40%
AFSLÁTTUR
299
GLITTER TREE DÚKUR OG LÖBER
Fallegur dúkur og löber. Fæst með gylltu og silfruðu munstri.
Diskamottur 33 x 48 sm. Fullt verð: 499 nú: 299
Dúkur 85 x 85 sm. Fullt verð: 1.295 nú: 699
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
TILBOÐIN GILDA 23.11 til 25.11

## GENGIÐ
22.11.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,14 | 126,74 |
| Sterlingspund | 201,21 | 202,19 |
| Evra | 162,21 | 163,11 |
| Dönsk króna | 21,746 | 21,874 |
| Norsk króna | 22,111 | 22,241 |
| Sænsk króna | 18,818 | 18,928 |
| Japanskt jen | 1,5246 | 1,5336 |
| SDR | 192,57 | 193,71 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
224,3673

Bændasamtökin sögð hafa uppi einræðistilburði við mótun samningsafstöðu í landbúnaðarmálum:

# Bændur mótmæla afstöðu í ESB-viðræðum

**EVRÓPUMÁL** Fulltrúar Bændasamtakanna gengu nýverið út af fundi starfshóps sem ætlað er að móta samningsafstöðu Íslands í landbúnaðarmálum í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið (ESB).

Ástæðan er sú að Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri í atvinnuvegaráðuneytinu og formaður starfshópsins, lýsti því yfir á fundinum að í samningsafstöðu Íslands yrði ekki krafist áframhaldandi tollverndar fyrir landbúnaðarvörur frá ríkjum ESB.

Bændasamtökin hafa áður kynnt svokallaðar varnarlínur sínar í tengslum við viðræðurnar, en ein þeirra er að áframhaldandi tollvernd verði tryggð.

Frá þessu var greint á vefsíðu Neytendasamtakanna sem eiga sömuleiðis fulltrúa í starfshópnum. Gagnrýna samtökin fulltrúa bænda fyrir gjörninginn og benda á að Bændasamtökin verði að gera sér grein fyrir því að þau séu ekki einráð þegar komi að samningsafstöðu Íslands í landbúnaðarmálum. Þannig verði einnig að gæta að hagsmunum neytenda, sem og annarra hagsmunaaðila.

Þá segja Neytendasamtökin alveg ljóst að krafa um áframhaldandi tollvernd landbúnaðarvara sé með öllu óraunhæf.

Hins vegar sé líklega hægt að koma til móts við sérstakar aðstæður íslensks landbúnaðar á annan hátt, svo sem með beinum stuðningi úr landbúnaðarsjóði ESB og ríkissjóði Íslands. **- mþl**



**LANDBÚNAÐUR** Bændasamtökin vilja að Ísland krefjist þess að tollar verði áfram lagðir á landbúnaðarvörur frá ESB í aðildarviðræðum. Aðrir hagsmunaaðilar telja það óraunhæft með öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mæðrastyrksnefnd:

## Sækja þarf um jólaúthlutun

**SAMFÉLAGSMÁL Undirbúningur fyrir árlega jólaúthlutun er hafin hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Í jólaglaðningnum er úthlutað mat og öðrum varningi sem tilheyrir jólahaldi.**

**Sækja þarf sérstaklega um jólaglaðninginn hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur að Hátúni 12b. Opið er fyrir umsóknir þriðjudaginn 27. nóvember klukkan 10-14, fimmtudaginn 29. nóvember klukkan 10-12, mánudaginn 3. og þriðjudaginn 4. desember klukkan 10-14 og fimmtudaginn 6. desember klukkan 10-12.**

**Úthlutað verður í Fosshálsi 7, þar sem áður voru Bifreiðar og landbúnaðarvélar, 19., 20. og 21. desember klukkan 10-12 og 13-16. Þangað gengur Strætó, leiðir 15 og 19.**

### AKUREYRI

**Varpa vegum á milli**

Bæjarráð Akureyrar kveðst mótmæla harðlega ákvörðun Vegagerðarinnar um að hluti Borgarbrautar, Hlíðarbrautar og Hlíðarfjallsvegar og hluti Hjalteyrargötu, Silfurtanga og Laufásgötu falli ekki undir skilgreinda þjóðvegi og hyggist þar með hætta að greiða fyrir viðhald og þjónustu á þessum vegum.

### HALDIÐ TIL HAGA

Í fréttaskýringu um sölu- og markaðsmál í íslenskum sjávarútvegi í Markaðnum, sérblaði Fréttablaðsins, á miðvikudag fórst fyrir að geta heimilda í tveimur skýringamyndum. Upplýsingarnar voru fengnar úr fyrirlestri Kristjáns Hjaltasonar, formanns Sjávarútvegsráðstefnunnar, á Sjávarútvegsráðstefnunni 8. nóvember. Í fyrirlestrinum gaf Kristján yfirlit yfir íslenskan sjávarútveg 2012 og heimsafla.

# Telur að fjöldi barna dvelji ólöglega á Íslandi í dag

Útlendingastofnun leitar leiða til að auðvelda DNA-greiningar vegna vafasams ætternis erlendra barna. Leitar ekki uppi mál til skoðunar. Nokkur mál hafa ratað til Mannréttindaskrifstofu er varða misnotkun á börnum.

**SAMFÉLAGSMÁL** Nokkur mál koma upp hér á landi á hverju ári þar sem grunur leikur á að fólk sem segist foreldrar barns sé það ekki. Útlendingastofnun leitar ekki sérstaklega að málum sem þessum og grunar að tilvikin séu mun fleiri.

„Þau mál sem detta inn á borð til okkar án þess að við séum að leita að þeim segja okkur að við verðum að taka á þessu,“ segir Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar.

„Við sendum tuttugu vottorð úr landi árið 2008 til eins ríkis og það tók tvö og hálft ár að fá niðurstöðu. Þá kom í ljós að helmingur skjalanna var falsaður,“ segir Kristín. Verið er að leita leiða til að einfalda DNA-rannsóknir vegna vafasams ætternis erlendra barna.

Kristín segir að slíkt sé nauðsynlegt vegna mála þar sem grunur vaknar um að blóðtengsl barns og meintra foreldra þess séu ekki til staðar þrátt fyrir skilríki þar um. Eins og staðan er núna kostar blóðrannsókn 190 þúsund krónur og fólkið sem er rannsakað þarf að borga kostnaðinn.

„Við erum að skoða hvort það séu aðrar leiðir færar í þessu. Vegna þessa gífurlega kostnaðar og skorts á mannskap þá höfum við ekki gert þessa kröfu, þrátt fyrir ábendingar um að skjöl séu ekki í lagi,“ segir Kristín. Ef skjöl, sem skilað er inn til Útlendingastofnunar, eru ekki fullnægjandi er börnum sem hingað koma synjað um dvalarleyfi.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands, segir nokkur mál hafa



**KRISTÍN VÖLUNDARDÓTTIR**



**MARGRÉT STEINARSDÓTTIR**

komið á borð stofnunarinnar þar sem komið hefur í ljós við komuna hingað til lands að gögn um ættartengsl erlendra barna hafa verið fölsuð. Dæmi eru um að börn hafi leitað til kerfisins vegna misnotkunar af hálfu forráðamanna sinna eftir að hafa dvalið hér á landi í nokkurn tíma. Í þeim tilvikum hafa barnaverndaryfirvöld eða aðrir opinberir aðilar haft afskipti af málunum og komið þeim áfram til Margrétar, bæði í tíð hennar hjá Alþjóðahúsi og svo hjá Mannréttindaskrifstofu.

„Í Alþjóðahúsi höfðum við nokkrum sinnum samband við barnaverndaryfirvöld vegna barna í vafasamri stöðu,“ segir hún. „Svo leitaði fólkið stundum til okkar þegar búið var að koma upp um það, til að reyna að fá hjálp við að halda barninu.“

Margrét segir aldur barnanna sem koma hingað til lands á fölskum forsendum mismunandi. Yfirleitt séu þau ung, tveggja eða þriggja ára, en sum enn stálpaðri. Hún man eftir þremur til fjórum löndum sem börnin hafa komið frá.

thorunn@frettabladid.is
sunna@frettabladid.is



**TEKIÐ Á FÖLSKUM FORSENDUM** Útlendingastofnun leitar ekki sérstaklega uppi mál þar sem talið er að fólk hafi komið með börn inn í landið á fölskum forsendum. NORDICPHOTOS/GETTY

www.dacia.is

DACIA

**Dacia Duster**
Nýr sportjeppi á hrikalega góðu verði
**Kr. 3.990 þús.**
Dísil 5,3L/100 km



DACIA GROUPE RENAULT / NISSAN
BL BL. ehf / Sævarhöfða 2 110 Reykjavík / Sími 525 8000

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**ÚRKOMA** verður á víð og dreif um landið í dag og á morgun en svo léttir til sunnanlands á sunnudag. Heldur kólnar í veðri næstu daga og má búast við hálku víða um land.




**Á morgun**
Strekkingur með SA-strönd annars hægari.




**Sunnudagur**
Strekkingur sums staðar NV-lands annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 7° | Gautaborg | 7° | London | 11° | Orlando | 20° | San Francisco | 18° |
| Basel | 11° | Frankfurt | 9° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 19° | Ósló | 7° | Stokkhólmur | 6° |
| Berlín | 7° | Friedrichshafen | 11° | Las Palmas | 24° | New York | 12° | París | 10° | | |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** *Jón Laufdal jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ALVÖRU STEAK
## á diskinn minn!

100%
FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*






TILBOÐ
2.794 kr/kg.
Verð áður 4.299.-

**T-bone**
*úr spjaldhrygg*



TILBOÐ
3.439 kr/kg.
Verð áður 4.299.-

**Entrecote**
*úr spjaldhrygg*



*Ofnsteik - þarf langan eldunartíma*

NÝTT
1.199 kr/kg.
Kynningarverð

**Bringa (brisket)**
*úr framhluta*

## NEW ORLEANS BBQ SVÍNARIF



TILBOÐ
1.154 kr/kg.
Verð áður 1.649.-



**Edwards Sælkerakökur**
- 5 tegundir hver annari betri



**Fridays forréttir**
– yumm yumm



**Lender´s beyglur**
– ekta amerískar beyglur

*2 fyrir 1*



**Orville Popp**
– 2 fyrir 1



**Sweet Baby Ray´s**
– BBQ sósa



**Arizona ice-tea**
– sætt og grænt te



**Jet-Puffed sykurpúðakrem**
– geggjað í baksturinn



**Twizzlers**
– rauður lakkrís

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 25. nóvember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Númer hvað notar leikkonan Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir af skóm?
**2.** Hvaða merkisgripi er nú hætt að framleiða í Bretlandi eftir 130 ára sögu?
**3.** Hvað heitir formaður Skotveiðifélags Íslands?

**SVÖR**

**1.** Númer 38 á hægri fót og 40 á þann vinstri. **2.** Ritvélar. **3.** Elvar Árni Lund.

Formaður Sjálfstæðisflokksins segir ríkisstjórnina ekki tilbúna fyrir stóriðju:

# Stjórnin jákvæð í garð kísilverksmiðju

**ALÞINGI** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra út í stuðning ríkisstjórnarinnar við fyrirhugaða kísiliðju þýska fyrirtækisins CCP á Húsavík. Ætlað er að hún nýti orku úr Bjarnarflagi og Þeistareykjum.

Bjarni sagði Landsvirkjun reiðubúna til að ljúka samningum um mitt næsta ár, en opinberan stuðning varðandi samgöngu- og hafnarbætur skorti. Hann spurði hvort eðli verksmiðjunnar réði einhverju um stuðning stjórnarinnar.

„Hvort það skipti máli að hér er um kísilverksmiðju að ræða, þar sem kísilverksmiðjur eru jú talsvert verri í mengunarlegu tilliti en til dæmis álver," spurði Bjarni, en álver væru stjórninni ekki þóknanleg.

Jóhanna sagði að stjórnin væri jákvæð gagnvart samgöngu- og hafnarbótum í tengslum við verkefnið.

„Við styðjum auðvitað öll verkefni, innlend sem erlend, að því er varðar atvinnuuppbyggingu og fjárfestingar, svo fremi sem það rúmist innan laga og reglna og alþjóðasamninga sem við erum aðilar að."

Bjarni taldi svör forsætisráðherra sýna að stjórnin væri ekki tilbúin og gæti ekki svarað því hvort verkefnið rúmaðist innan áætlana eða alþjóðasamninga.

„Landsvirkjun er tilbúin, en ríkisstjórnin er ekki tilbúin. Það er hin dapra staðreynd þessa máls." **- kóp**

> **Landsvirkjun er tilbúin, en ríkisstjórnin er ekki tilbúin. Það er hin dapra staðreynd þessa máls.**
>
> *Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins*



## HEIMURINN




### Sjálfsvígsárás kostar 23 lífið

**1** Sjálfsvígsárásarmaður varð að minnsta kosti 23 að bana og særði um 60 manns þegar hann sprengdi sig í loft upp skammt frá **Islamabad, höfuðborg Pakistans**. Átta börn voru meðal hinna látnu og særðu. Fórnarlömbin voru sjía-múslímar, en hópur pakistanskra talibana lýsti yfir ábyrgð á árásinni. „Við eigum í trúarstríði við sjía," sagði Ahsanullah Ahsan, talsmaður talibana, sem eru súnní-múslímar. „Þeir guðlasta. Við munum halda áfram árásum á þá."



### Fyrrverandi forsetafrú eftirlýst

**2** Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Haag krefst þess að Simone Gbagbo, eiginkona fyrrverandi forseta **Fílabeinsstrandarinnar**, verði framseld til Hollands. Þar þarf hún að svara fyrir sakir um margvíslega glæpi gegn mannkyni, meðal annars morð, nauðganir og ofsóknir. Eiginmaður hennar, Laurent Gbagbo, var handtekinn árið 2011 og framseldur til Haag, þar sem hann sætir ákærum fyrir glæpi gegn mannkyni, fyrstur þjóðhöfðingja. Stjórnvöld á Fílabeinsströndinni fullyrða að þau ætli ekki að framselja forsetafrúna fyrrverandi.

### Aðskilnaðarsinnar bjartsýnir

**3** Íbúar **Katalóníu á Spáni** ganga til kosninga á sunnudag, þar sem helsta kosningamálið er hvort lýsa eigi yfir sjálfstæði héraðsins, jafnvel þótt stjórnarskrá Spánar geri ekki ráð fyrir þeim möguleika. Aðskilnaðarsinnar, með Arturo Mas héraðsforseta í fararbroddi, eru bjartsýnir á sigur, en skoðanakannanir sýna að Katalóníumenn hika við að lýsa yfir sjálfstæði. Einna helst stendur í þeim að sjálfstæð Katalónía dytti út úr Evrópusambandinu og þyrfti að sækja um aðild.

# Góð staða eða slæm?

Formaður Framsóknarflokksins segir að ef ekkert verði gert versni skuldastaða ríkisins með landflótta og kjaraskerðingu. Forsætisráðherra segir mikinn árangur hafa unnist. Staðan sé góð miðað við aðstæður og bjartar horfur fram undan.

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig stendur þjóðarbúið?

Sýn alþingismanna á ástand efnahagsmála fer algjörlega eftir því hvort þeir tilheyra stjórnarmeirihlutanum eða stjórnarandstöðunni. Staða þjóðarbúsins var rædd í sérstakri umræðu á Alþingi í gær.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, var málshefjandi. Hann sagði þörfina fyrir að bregðast við vaxandi skuldavanda Íslands vera mikla. „Seðlabanki Íslands hefur á undanförnum árum hvað eftir annað stórlega vanmetið hreina erlenda skuldastöðu þjóðarbúsins," sagði Sigmundur Davíð í gær.

Hann vitnaði í álit Ragnars Árnasonar hagfræðings um að hrein erlend skuldastaða væri 100 prósent af vergri landsframleiðslu, að teknu tilliti til uppgjörs á þrotabúum bankanna. Ef ekkert yrði að gert myndi skuldastaðan fara stöðugt versnandi næstu 60 árin með tilheyrandi kjaraskerðingu, mögulegum landflótta og draga myndi úr tækifærum til uppbyggingar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði stöðu þjóðarbúsins hins vegar góða miðað við aðstæður. Hagvaxtarhorfur væru bjartari en annarra iðnvæddra ríkja og spáð væri 2,5 prósenta hagvexti á næsta ári.

„Skuldir heimila og fyrirtækja hafa lækkað um næstum helming frá hruni, sem hlutfall af landsframleiðslu."

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði geta stefnt í mikið óefni en ef rétt væri haldið á málum gætu Íslendingar unnið sig hratt út úr stöðunni. Ríkisstjórnin hefði ekki sýnt langtímahagvexti neinn raunverulegan stuðning.

„Við Íslendingar munum ekki framleiða þann gjaldeyri sem þarf til að standa í skilum við þær skuldbindingar sem þjóðarbúið hefur gengist undir. Það er staðan."

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, minnti á að fyrir örfáum árum hefði umræðan snúist um það hvort Ísland ætti að segja sig til sveitar og leita ásjár Parísarklúbbsins, sem er óformlegur félagsskapur ríkustu þjóða heims. Þjóðarbú sem komin eru í þrot reyna að endursemja um skuldir sínar við klúbbinn.

Séu umræðurnar í gær vísir að því sem koma skal í kosningabaráttunni er ljóst að kjósendur munu eiga í vanda með að greina raunverulega stöðu landsins í gegnum málflutning stjórnmálaflokkanna.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**MÁLSHEFJANDINN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði setningu neyðarlaganna árið 2008 hafa skapað tækifæri til endurreisnar efnahagslífsins sem ríkisstjórnin hefði ekki nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ekki skjótt afnám gjaldeyrishafta

„Ég hef ítrekað úr þessum stól varað við óraunsæjum væntingum um skjótt afnám gjaldeyrishafta. Ég fullyrði, og fagna því að fleiri eru að átta sig á því, að óraunsæjar væntingar um það hamla því að við getum unnið úr vandanum. Það er nefnilega einfaldlega þannig að aflandskrónueigendur og erlendir kröfuhafar þurfa að átta sig á því að þær krónur sem hér eru innlyksa eru ekki að fara neitt. Og það eina sem er til hagsbóta fyrir íslenskt þjóðarbú og þessa aðila sem hægt er að gera fyrir þær krónur er að fjárfesta, fjárfesta og fjárfesta í gjaldeyrisskapandi starfsemi á Íslandi. Því aðeins verða búin til einhver þau verðmæti sem unnt væri með tíð og tíma að flytja hér út úr landinu."



**HELGI HJÖRVAR**





Afborgun á mánuði aðeins:
25.910 kr.*

Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans. Reiknaðu dæmið á landsbankinn.is

Chevrolet Lacetti Station

| | |
|---|---|
| Söluverð: | 1.800.000 kr. |
| Bílafjármögnun: | 1.350.000 kr. |
| Okkar hlutur: | 210.000 kr. |
| Þín útborgun: | 240.000 kr. |
| **Heildarverð til þín:** | **1.590.000 kr.** |
| **Afborgun:** | **25.910 kr.** |

*Hlutfallskostnaður 11.92%

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum


Toys Я Us
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
30 %
afsláttur af
Barbie
TM
Tilboðin gilda 25.11.2012. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.
AKUREYRI: Glerártorg, sími 461 4500 ★ GRAFARVOGUR: Blikastaðavegur, sími 585 0600 ★ KÓPAVOGUR: Smáratorg, sími 550 0800

# Upplýsa á um eigendur bankanna

Yfirvofandi breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki munu skikka fyrirtækin til að tilgreina alla sem eiga meira en eitt prósent í þeim í ársreikningum sínum. Upplýsa verður um endanlega eigendur. Steingrímur J. Sigfússon mun leggja fram frumvarp þess efnis á næstunni.

**VIÐSKIPTI** Upplýsa verður um alla þá sem eiga meira en eitt prósent í íslensku fjármálafyrirtæki í ársreikningi. Ekki verður hægt að fela sig á bak við vörsluaðila heldur verður að upplýsa um hverjir endanlegir eigendur (e. beneficiary owners) eru. Þetta er á meðal þeirra breytinga sem koma fram í frumvarpi um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra fjármálamarkaða og almennra viðskiptamála, segir frumvarpið vera í lokafrágangi og að það verði lagt fram í náinni framtíð.

Fréttablaðið greindi frá því á miðvikudag að Fjármálaeftirlitið (FME) hefði upplýsingar um hverjir væru virkir eigendur Straums fjárfestingabanka en teldi sig ekki geta upplýst um þá á grundvelli þagnarskyldu. Sú þagnarskylda verður úr sögunni ef frumvarpið verður að lögum.

Að sögn Steingríms er mikilvægt að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um hverjir séu eigendur fjármálafyrirtækja. „Sérstaklega á ekki að vera neinn vafi á því þegar aðilar eru komnir með, eða eru við það að eignast, ráðandi hlut í fjármálafyrirtækjum. Það vill svo til að við erum að fara yfir lög um fjármálafyrirtæki og erum að leggja lokahönd á frumvarp um breytingar á þeim. Ég geri ráð fyrir því að á meðal þeirra breytinga sem við munum leggja þar til verði að krafa verði gerð um að í skýringum með ársreikningum fjármálafyrirtækja sé alltaf upplýst um alla þá sem eiga meira en eitt prósent í fyrirtækinu.“

Steingrímur segir að hann vilji að endanlegur eigandi (e. beneficiary owner) sé tilgreindur í ársreikningum fjármálafyrirtækja, svo hægt sé að rekja endanleg tengsl milli eigendanna. „Þetta snýst líka um að ráðandi eignarhlutur sé ekki falinn á bak við skráningu á marga aðila sem eru ekki flokkaðir sem tengdir aðilar. Við munum reyna að taka á þessu vegna þess að við teljum þetta vera mjög mikilvægt. Það er líka mjög mikilvægt fyrir fjármálafyrirtækin sjálf að það ríki ekki óvissa um eignarhald þeirra sem geri þau tortryggileg.“

Eftir að Straumur gekk í gegnum nauðasamninga árið 2010 hefur eigandi bankans verið eignaumsýslufélagið ALMC. Deutsche Bank AF í Amsterdam heldur síðan á 99 prósentum hlutdeildarskírteina í ALMC fyrir hönd hinna eiginlegu hluthafa félagsins. Hvorki FME né Straumur telja sig mega upplýsa um hverjir þeir eru. Bankinn fékk fjárfestingabankaleyfi í fyrrahaust og hefur verið afar virkur þátttakandi í íslensku fjármálalífi alla tíð síðan og meðal annars haft umsjón með hlutafjárútboðum og skuldabréfaútgáfum.

Fréttablaðið upplýsti nýverið um að á meðal eigenda Straums væri bandaríska sjóðstýringarfyrirtækið Davidson Kempner Capital Management LLC. Sjóðir á vegum þess eru líka á meðal stærstu kröfuhafa Glitnis, Kaupþings og Landsbankans.

thordur@frettabladid.is



**FRUMVARP** Steingrímur J. Sigfússon segir það mikilvægt að ráðandi eignarhlutur sé ekki falinn á bak við skráningu á marga aðila sem séu ekki flokkaðir sem tengdir aðilar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ➜ Áhrif nauðasamninga óljós

Stærstur hluti Arion banka og Íslandsbanka er í dag í eigu eignarhaldsfélaga sem skipuð eru stjórnarmönnum óháðum kröfuhöfum gömlu bankanna, Kaupþings og Glitnis. Félögin heita Kaupskil og ISB Holding. Bæði Kaupþing og Glitnir stefna að því að klára nauðasamning á næstu mánuðum. Verði þeir samþykktir munu verða til eignarhaldsfélög utan um eignir búanna í eigu kröfuhafa og slitameðferð ljúka.

Fréttablaðið beindi fyrirspurn til FME um hvort afstaða þess til hæfis Kaupþings og Glitnis til að fara með virkan eignarhlut í nýju bönkunum myndi breytast við samþykkt nauðasamninga. Í svari eftirlitsins segir að „eðli málsins samkvæmt er Fjármálaeftirlitinu ómögulegt að svara hvaða áhrif mögulegir nauðasamningar Glitnis og Kaupþings kunna að hafa á hæfi þeirra sem eigenda að fjármálafyrirtækjum almennt. Slíkt er ávallt háð mati á hverjum tíma. Hins vegar er ljóst að Kaupskil og ISB Holding hafa nú þegar skilyrta heimild fyrir eignarhaldinu sem stendur óbreytt óháð mögulegum nauðasamningum félaganna. Komi til afturköllunar á þeirri skilyrtu heimild, t.a.m. vegna þess að misbrestur verði á því að núverandi skilyrði fyrir eignarhaldinu verði uppfyllt eða af öðrum ástæðum, er ljóst að meta þarf hæfi þeirra að nýju“.


MYNDARLEGUR

www.landrover.is

LAND ROVER

ABOVE AND BEYOND



ENNEMM / SÍA / NM55351

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.950.000 KR.

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l / 100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Ef þig langar að prófa Discovery skaltu ekki hika við að hafa samband við okkur í síma 525 8000 eða koma við og skreppa í reynsluakstur.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ATHUGIÐ!

Tryggðu þér nýjan DISCOVERY 4 fyrir breytingar á vörugjöldum þann 1. jan. nk

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# KÓSÝ FÖSTUDAGUR

PIZZUR
460 G
FROSNAR



498 KR PK



359 KR PK

HÁLFMÁNI
SKINKA EÐA PEPPERONI
200 G

329 KR PK

X-tra



TÚNFISKUR
Í VATNI
185 G

259 KR STK



UPPÞVOTTALÖGUR
500 ML

239 KR STK



HVEITI
2 KG

239 KR PK

AUSTURLENSKIR RÉTTIR
CHICKEN TIKKA MASALA, PAD THAI, PEANUT, SWEET N' SOUR
350 G

498 KR PK



Réttir sem koma skemmtilega á óvart

COCA COLA
330 ML

79 KR STK





KLEMENTÍNUR
Í LAUSU

50% AFSLÁTTUR

195
ÁÐUR 389 KR/KG



VETRARÚLPUR
S-XXL 2 LITIR
8.998 KR STK



VETRARBUXUR
S-XXL
4.398 KR STK



SNJÓBUXUR
BARNA
3.998 KR STK



VETRARGALLI
BARNA 2 LITIR
7.998 KR STK

netto
Kræsingar & kostakjör

**Tilboðin gilda 22. - 25. nóvember**

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Hverafold · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

markhonnun.is

Viðræður við ríkið hefjast:

## Grænt ljós á kaup á Perlunni

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Borgarráð samþykkti í gær að borgaryfirvöld gangi til samninga við Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á Perlunni í Öskjuhlíð. Þá mun borgin ganga til samninga við ríkið um að það leigi húsið í allt að 15 ár og komi þar upp náttúruminjasýningu.**

**Ef samningar takast við OR um kaupin og ríkið leigir húsið mun Reykjavíkurborg gera breytingar á Perlunni fyrir allt að 100 milljónir króna vegna sýningarhalds. Heimild borgarráðs er bundin við það að viðunandi leigusamningur um sýningu Náttúruminjasafns Íslands náist við ríkið.** - shá

Norræn verkalýðshreyfing:

## Gylfi nýr varaformaður NFS

**KJARAMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, formaður Alþýðusambands Íslands (ASÍ), var kjörinn varaformaður Norrænu verkalýðshreyfingarinnar (NFS) á stjórnarfundi samtakanna í Helsinki á þriðjudag.

ASÍ gerði fyrir nokkrum árum kröfu um að lögfesta skiptireglur hvað varðar formennsku og varaformennsku í samtökunum. Á fundinum voru slíkar reglur samþykktar og taka þær gildi með kjöri Gylfa sem tekur við embættinu 1. janúar næstkomandi. ASÍ mun síðan taka við formennsku í NFS árið 2014 og BSRB árið 2019. - mþl

# Binda vonir við vopnahléið

Jafnt Ísraelar sem Hamas-samtökin á Gasa líta á vopnahléssamkomulagið sem mikinn sigur eftir vikulangan loftthernað á Gasaströnd. Mohammed Morsi Egyptalandsforseti fær stórt hlutverk við að fylgja því eftir.

**ÍSRAEL** Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og Ismaíl Haníjeh, leiðtogi Hamas-samtakanna á Gasa, lýstu báðir yfir sigri eftir að samið hafði verið um vopnahlé á miðvikudag.

Ísraelar fengu því framgengt, sem þeir sögðu frá upphafi vera aðalmarkmið sitt með loftárásunum á Gasa, að Palestínumenn hafa lofað því að skjóta ekki fleiri sprengjuflaugum yfir landamærin til Ísraels.

Margir Ísraelar eru hins vegar á nálum af ótta við að Gasa-búar standi ekki við þetta loforð og ísraelskir fjölmiðlar tóku dræmlega undir sigurtal Netanjahús.

Ekki er öruggt að Haníjeh, leiðtogi Hamas, geti tryggt að engir herskáir Palestínumenn taki upp á því að skjóta fleiri sprengjuflaugum yfir landamærin. Í sigurræðu sinni höfðaði hann til samvisku Hamas-liða um að láta slíkt eiga sig, en sagði jafnframt að geri Ísraelar fleiri árásir muni Palestínumenn bregðast við.

Hamas-liðar fengu því hins vegar framgengt, sem þeir hafa barist fyrir árum saman, að Ísraelar opni landamærahliðin og liðki töluvert fyrir bæði ferðalögum fólks og vöruflutningum. Standi Ísraelar við þetta hafa þeir, að minnsta kosti að hluta til, létt þeirri einangrun af Gasasvæðinu sem herskáir Palestínumenn hafa barist gegn, meðal annars með því að skjóta sprengjuflaugum yfir landamærin.

Þá hafa Ísraelar lofað því að fremja ekki fleiri „hnitmiðuð mannvíg“, eins og þeir nefna það þegar leiðtogar herskárra Palestínumanna eru drepnir án dóms og laga.

Það var hins vegar Mohammed Morsi, forseti Egyptalands, sem stóð uppi sem óvæntur sigurvegari, því bæði Bandaríkjastjórn og Ísraelar töldu ástæðu til að hrósa honum fyrir hans hlut í því að samningar um vopnahlé tókust.

Hann fær jafnframt nokkuð stórt hlutverk við að fylgja því eftir að vopnahléið haldi.

gudsteinn@frettabladid.is





**ALLIR HRÓSA SIGRI** Ísraelarnir Benjamín Netanjahú forsætisráðherra, Ehud Barak varnarmálaráðherra og Avigdor Lieberman utanríkisráðherra sögðust ánægðir með samkomulagið. Mikil fögnuður ríkti ekki síður þegar Ismail Haníjeh, leiðtogi Hamas-samtakanna, boðaði til tveggja daga hátíðarhalda á Gasa. NORDICPHOTOS/AFP

## Átta daga hernaður í tölum

**➜ Sprengjur á Gasa**

Ísraelsher varpaði meira en **2.000** sprengjum á meira en **1.500** skotmörk á Gasasvæðinu.

Þær kostuðu meira en **160** Palestínumenn lífið, þar af að minnsta kosti **37** börn og yfir **10** konur. Að sögn heilbrigðisstarfsfólks á Gasa var um helmingur hinna látnu almennir borgarar.

Ísraelsher fullyrðir að meðal hinna drepnu hafi verið **30** háttsettir Hamas-liðar.

**➜ Sprengjur frá Gasa**

Palestínumenn skutu meira en **1.400** sprengjuflaugum frá Gasasvæðinu. Þær kostuðu **6** Ísraela lífið, þar af tvo ísraelska hermenn en fjóra almenna borgara.

Að sögn Ísraelshers lentu yfir **800** þessara sprengjuflauga á ísraelsku landsvæði, sumar í byggð og nokkrar í borgunum Tel Avív og Jerúsalem. Meira en **150** komu niður innan landamæra Gasasvæðisins.

Ísraelsher segir að með eldflaugavarnarkerfinu, sem nefnt er Járnhvelfing, hafi tekist að sprengja á lofti meira en **400** þeirra sprengjuflauga sem skotið var frá Gasa.





Breytt og bætt Vínbúð á Akureyri

Vínbúðinni á Akureyri var nýverið breytt til hins betra. Við erum stolt af meira vöruúrvali en tegundum okkar hefur fjölgað um þriðjung.
Við bjóðum ykkur innilega velkomin í glæsilega verslun.

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is


## REIÐHJÓLASLYS Á ÍSLANDI




Tæplega 1.200 reiðhjólaslys urðu á Íslandi á árabilinu 2000 til 2011, að því er frumniðurstöður Rannsóknarnefndar umferðarslysa gefa til kynna. Karlmenn og drengir eru mun líklegri til að lenda í reiðhjólaslysum en stúlkur og konur.

Tölfræði yfir reiðhjólaslys á Íslandi:

# 5 til 14 ára drengir slasast oftast allra

**SLYS** Drengir á aldrinum fimm til fjórtán ára eru líklegastir til að slasast í reiðhjólaslysum. Þetta er meðal þess sem kom fram í erindi Sævars Helga Lárussonar, sérfræðings hjá Rannsóknarnefnd umferðarslysa (RNU) á Umferðarþingi fyrr í vikunni. Sævar kynnti þar niðurstöður rannsókna sem nefndin hefur gert á hjólreiðaslysum.

Í erindi sínu sagði Sævar meðal annars að grunur hefði leikið á að hluti reiðhjólaslysa væri ekki tilkynntur sem slíkur og fjöldi slasaðra hjólreiðamanna væri því enn meiri en tölur Umferðarstofu gæfu til kynna. Því hefði RNU lagt út í að rannsaka gögn frá Landspítalanum til að fá greinarbetri tölur.

Þar kom í ljós, við fyrstu yfirferð, að tæplega 1.200 slasaðir hjólreiðamenn hefðu leitað aðhlynningar á árunum 2000 til 2011, eða um 100 á ári að meðaltali.

Um fjórðungur þeirra voru drengir á aldrinum fimm til fjórtán ára, en alls eru 70 prósent þeirra sem slasast í reiðhjólaslysum karlar.

Reiðhjólaslys eru þó jafnan ekki alvarleg þar sem um átta prósent af 1.200 þörfnuðust innlagnar og aðeins fjögur til átta prósent eru talin hafa slasast alvarlega.

Enginn hefur þó látist í reiðhjólaslysi á Íslandi frá árinu 1997.

Enn ítarlegri greining á gögnum Landspítala stendur nú yfir og er búist við að lokaniðurstaða liggi fyrir í janúar. - þj

# -7 kr.

## af lítranum í dag, föstudag, hjá ÓB og Olís með ÓB-lyklinum




Í dag, föstudag, er 7 kr. afsláttur af eldsneytislítranum til ÓB- og Olís-lykilhafa. Afslátturinn gildir bæði á ÓB- og Olís-stöðvum.




**Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð!**



**Afslátturinn gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís.**

ICELANDAIR SAGA CLUB

Til að safna Vildarpunktum Icelandair með ÓB-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair korti, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi ÓB eru á ob.is/Vildarkerfi.

PIPAR\TBWA · SÍA · 123232

# Farið fram á þunga dóma

Saksóknari krefst átta og sjö ára fangelsisdóma yfir Annþóri Karlssyni og Berki Birgissyni. Þeir ávörpuðu dóminn og lýstu óréttlætinu sem þeir telja sig beitta.



LANGT OG STRANGT Dómarar málsins eiga mikið verk fyrir höndum næstu fjórar vikur. Þessa mynd teiknaði Halldór Baldursson af þeim á þriðjudag.



ANNÞÓR KRISTJÁN KARLSSON



BÖRKUR BIRGISSON

**DÓMSMÁL** „Því miður er ég hræddur um að það sé búið að ákveða þennan dóm fyrir löngu síðan og það sé bara formsatriði að halda þessi réttarhöld,“ sagði Annþór Kristján Karlsson þegar honum gafst tækifæri til að ávarpa dóminn í blálokin á eigin réttarhöldum undir kvöld í gær.

Annþór er ákærður ásamt Berki Birgissyni og átta öðrum fyrir þrjár líkamsárásir, frelsissviptingar og fjárkúgun. Saksóknari og verjendur fluttu mál sitt í allan gærdag, en í lokin fengu Annþór og Börkur að ávarpa dóminn að eigin ósk.

Annþór lýsti þeirri skoðun sinni að málið allt væri atlaga að honum. „Lögregla og aðrir glæpamenn – ég lít á mig sem glæpamann, hef verið glæpamaður í mörg ár – eru búnir að biðja menn að bera ljúgvitni gegn mér,“ sagði hann.

Þá gagnrýndi hann það sem hann kallaði „fíaskó“ við flutning hans og Barkar til og frá réttarsölum. „Það er búið að búa til eitthvað „show“ eins og við séum alveg svaðalega hættulegir,“ sagði hann, og bætti við að sjálfur hefði hann ekkert gert sem gæfi tilefni til þess og að Börkur hefði bara hrækt í átt að dómara. „Ég sé ekki alveg ofbeldið í því,“ sagði Annþór.

„Mig langar að lýsa yfir ánægju með það að allir þeir sem hafa borið mig röngum sökum skuli hafa dregið framburð sinn til baka,“ sagði Börkur. Þess ber að geta að saksóknari heldur því fram að sá breytti framburður helgist af hótunum Annþórs og Barkar í þeirra garð.

Báðir hafa þeir sagst að langmestu leyti saklausir og halda því fram að lögregla hafi falsað skýrslur. Og Börkur bætti um betur í gær: „Lögreglan er búin að hvetja og kúga veikgeðja einstaklinga til að bera ljúgvitni gegn mér.“ Þá kvaðst hann ætla að birta upptökur af vitnaskýrslum sem hann fékk afhentar fyrir mistök á netinu sem staðfestingu á óheiðarlegum vinnubrögðum lögreglu.

> **Lögreglan er búin að hvetja og kúga veikgeðja einstaklinga til að bera ljúgvitni gegn mér.**
>
> *Börkur Birgisson*

Hann sagðist hafa setið saklaus í fangelsi í átta mánuði vegna málsins, vitnaði í stjórnarskrárákvæðið um að allir menn væru saklausir uns sekt þeirra væri sönnuð og lauk ræðu sinni á þennan hátt:. „Af hverju á þetta ákvæði ekki við um mig?“

Það var sækjandi málsins, Karl Ingi Vilbergsson, sem hóf gærdaginn á málflutningi sínum. Hann sagði framburð Annþórs og Barkar mjög ótrúverðugan og benti á að nánast allir sem tengdust málunum sem til umfjöllunar eru væru mjög óttaslegnir við þá.

Því næst fór Karl Ingi yfir refsikröfurnar í málinu. Hann fór fram á átta ára fangelsi yfir Annþóri og sjö ára yfir Berki, með vísan til mikils brotaferils þeirra. Hann krafðist tveggja til þriggja og hálfs árs fangelsis yfir flestum hinna, og hálfs árs fangelsis yfir einum.

Verjendurnir tíu tóku við af Karli Inga og töluðu máli skjólstæðinga sinna. Allir voru þeir sammála um að rannsókn lögreglu hefði verið áfátt, jafnvel svo mjög að það ætti að varða frávísun málsins.

Lengst töluðu Guðmundur St. Ragnarsson, verjandi Annþórs, og Ingi Freyr Ágústsson, verjandi Barkar. Þeir töldu augljóst að lögregla hefði ekki gætt hlutlægni við rannsókn málsins. Hún hefði nær öll beinst að skjólstæðingum þeirra. „Það er eins og það sé verið að reyna að negla þá tvo – ekki hina,“ sagði Guðmundur, sem sagði til dæmis að það væri „algjör firra“ að ætla að sakfella Annþór fyrir árás í Háholti í Mosfellsbæ sem níu sakborninganna eru ákærðir fyrir.

„Málið er allt með ólíkindum,“ samsinnti Ingi Freyr. Allt væri gert til að varpa sök á Annþór og Börk og sumu úr framburði vitna og sakborninga væri „sópað undir teppið“ í þeim tilgangi. Að öllu loknu var málið dómtekið. Dómur fellur líklega innan fjögurra vikna.

stigur@frettabladid.is




Íbúðalánasjóður

## Átt þú rétt á lækkun skulda?

**Frestur til að sækja um sértæka skuldaaðlögun rennur út um næstu áramót**

- Sértæk skuldaaðlögun er ætluð þeim sem skulda meira en 100% af markaðsvirði veðsettra fasteigna og bifreiða. Skuldaaðlögunin nær til allra skulda einstaklinga hjá Íbúðalánasjóði, bönkum, sparisjóðum og lífeyrissjóðum.
- Sértæk skuldaaðlögun kemur aðeins til greina ef sýnt þykir að vægari úrræði nægja ekki til að rétta af fjárhagsstöðuna og fyrirséð er að viðkomandi geti ekki staðið í skilum af lánum sínum til langframa.

**Sótt er um sértæka skuldaaðlögun í viðskiptabanka umsækjanda.**

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

www.ils.is

# Þar sem gæðavörur kosta minna




TJEP · ALPHA TOOLS · Toolson · Nilfisk · DEWALT · PROXXON · ROTHENBERGER INDUSTRIAL · DREMEL · Paslode · BOSCH Invented for life · KÄRCHER · WAGNER · BLACK&DECKER · BOSCH · Fein · metabo · STEINEL · STANLEY · HERKULES · NUAIR

## ☆☆☆ LÁGVÖRUVERÐS VARAN OKKAR

**Ódýrara verður það ekki!**



Toolson

**18V RAFHLÖÐUBORVÉL**
PRO-AS 18 LI.
0-1150 snún./mín.
Hámarksátak 30 Nm.
20 stillingar. LED ljós.
2 gírar. 2 stk. 1,3 Ah
litium-ion rafhlöður
og 3 klst hleðslu-
tæki fylgir.
Kemur í tösku.

**14.995:-**



BLACK&DECKER

**FJÖLVERKFÆRI MT250KA-QS**
250 wött. 10000-
20000 snún/mín.
Fjöllæsing fyrir
blöð. 1 slípiskífa og
3 sagablöð fylgir.

**13.995:-**



ALPHA TOOLS

**HJÓLSÖG**
AHS 66-1. 1200 wött.
4500 snún./mín.
Sagarblað þv. 185
mm. Skurðardýpt
0-64 mm. Allt að
45° vinkill.

**7.295:-**

## ☆☆☆☆ GÆÐAVARAN OKKAR

**Gæði á góðu verði!**



BLACK&DECKER

**18V RAFHLÖÐUBORVÉL**
HP186F4LK-QW.
0-1200 snún./mín.
Hámarksátk 33 Nm.
24 stillingar. 1,5 Ah
Lithium-ion
rafhlöður 40 mín
hleðslutæki fylgir.
Kemur í tösku.

**22.995:-**



BOSCH

**FJÖLVERKÆRI**
PMF 190 E. Hægt
að hraðastilla.
Kemur í tösku með
9 fylgihlutum.

**19.995:-**



metabo

**HJÓLSÖG**
KS54SP. 1010
watt. 6000 snún./
mín.Skurðardýpt:
54mm. Sagarblað
fylgir.

**21.995:-**

## ☆☆☆☆☆ HÁGÆÐAVARAN OKKAR

**Mestu gæðin á hagstæðu verði!**



BOSCH
Invented for life

**RAFHLÖÐUBORVÉL**
GSR18 VE-2 LI. 0-380
Lítil og kröftug vél,
1600 snún./mín.
Hámarksátak
80Nm. Með ljósi,
3,0 li-ion rafhlöðu
og hleðslutæki.

**72.995:-**



Fein

**FJÖLVERKFÆRI**
Með rafstýrðri
hraðastýringu.
Skipt um fylgihluti
án verkfæra. Slípi-
verkfæri og sagir
fylgja.

**49.995:-**



DEWALT

**HJÓLSÖG**
DWE560-QS. 1350
wött. Skurðardýpt
65 mm. Sagarblað
þv. 184 mm.

**25.995:-**

**Auglýst verð gildir frá föstudeginum 23. nóvember til og með sunnudagsins 25. nóvember 2012. Gildir á meðan birgðir endast.**

# BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

# JÓLABÆKURNAR

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM




30% afsláttur
3.270KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.679KR.~~




2.650KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.790KR.~~




30% afsláttur
2.090KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~2.990KR.~~




30% afsláttur
4.540KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.490KR.~~




KYNNINGARVERÐ
4.400KR.
VENJULEGT VERÐ* ~~6.290KR.~~




3.490KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.990KR.~~

Í DAG 23. NÓVEMBER MUN SOLLA KYNNA BÓK SÍNA EFTIRRÉTTIR SOLLU Í HAGKAUP KRINGLUNNI 1. HÆÐ MILLI KL. 16-18




KYNNINGARVERÐ
4.190KR.
VENJULEGT VERÐ* ~~5.990KR.~~




30% afsláttur
3.280KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.699KR.~~




3.100KR.




4.400KR.




30% afsláttur
2.580KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.690KR.~~




KYNNINGARVERÐ
2.440KR.
VENJULEGT VERÐ* ~~3.499KR.~~




KYNNINGARVERÐ
2.440KR.
VENJULEGT VERÐ* ~~3.490KR.~~




30% afsláttur
1.390KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~1.998KR.~~




30% afsláttur
3.980KR.
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.690KR.~~

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir 23.-25. nóvember.

*Venjulegt verð er það verð sem bókin mun kosta að loknu kynningarverði.


Á BETRA VERÐI
Í HAGKAUP
Sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Dauðinn í Dumbshafi
30% afsláttur
NÁVÍGI Á NORÐURSLÓÐUM
Íshafsskipalestirnar og orrustan 1942–1945
5.230KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
7.480KR.
30% afsláttur
Fimmtíu dekkri skuggar
Fifty Shades Darker
EL James
2.300KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
3.290KR.
3.999KR.
ARNALDUR INDRIÐASON
REYKJAVÍKURNÆTUR
4.490KR.
KULDI
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
KYNNINGARVERÐ
2.090KR.
VENJULEGT VERÐ*
2.990KR.
HUGLEIKUR DAGSSON
OPINBERUN
KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR
HVÍTFELD
KYNNINGARVERÐ
4.190KR.
VENJULEGT VERÐ*
5.990KR.
Pater Jón Sveinsson
NONNI
KYNNINGARVERÐ
4.890KR.
VENJULEGT VERÐ*
6.990KR.
30% afsláttur
DAVID LAGERCRANTZ
ÉG ER ZLATAN IBRAHIMOVIĆ
2.500KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
3.599KR.
ÁRNI SAM
Á FULLU Í 40 ÁR
4.030KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
5.570KR.
30% afsláttur
SÆRINGAMAÐURINN
3.140KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
3.140KR.
30% afsláttur
Leyndardómar hundaþjálfunar
Heiðrún Villa
3.980
UPPHAFLEGT VERÐ
5.690KR.
Golf á Íslandi
KYNNINGARVERÐ
10.490KR.
VENJULEGT VERÐ*
14.998KR.
TopGear 100
BÍLARNIR
30% afsláttur
3.490KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
4.990KR.
Skagfirskar skemmtisögur 2
Meira fjör!
32% afsláttur
2.020KR.
UPPHAFLEGT VERÐ
2.980KR.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FJÁRHAGSVANDI EIRAR



**STJÓRNARFUNDUR** Stjórnarmenn ganga af fundi fyrr í mánuðinum.

## HVERJIR SKIPA Í STJÓRN?

Ellefu sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir voru stofnaðilar í Eir. Reykjavíkurborg, VR, Seltjarnarnesbær, Blindrafélagið, Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga, Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði, Hjúkrunarheimilið Skjól, Brynja (hússjóður Öryrkjabandalagsins), Efling, SÍBS og Mosfellsbær skipa sína fulltrúa í fulltrúaráð Eirar, sem fundar að minnsta kosti tvisvar á ári. Fulltrúaráðið kýs svo bæði stjórnina og skoðunarmenn reikninga.




## HVAÐ ER EIR?

Eir er sjálfseignarstofnun sem var upphaflega hjúkrunarheimili og var tekið í notkun árið 1993. Á Eir eru nú 155 hjúkrunarheimilisrými, tólf endurhæfingarrými og sex skammtímarými, samtals 173 rými. Þá er þar dagvistun fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma og geta allt að 24 dvalið þar á daginn.
Eir rekur einnig 206 öryggisíbúðir. Þær eru reknar í húsrekstrarsjóði, sem er aðskilinn rekstri hjúkrunarheimilisins, en þó er allt rekið á sömu kennitölunni.

**NÓVEMBER 2007**
Bygging 110 öryggisíbúða við Fróðengi hafin.

**OKTÓBER 2008**
Hrun. Búið að grafa grunn. Ákveðið að halda áfram framkvæmdunum.

**1. DESEMBER 2009**
Fyrstu öryggisíbúðirnar vígðar.

**1. NÓVEMBER 2012**
Stöð 2 greinir fyrst frá fjárhagsvanda Eirar.

**8. NÓVEMBER 2012**
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir af sér sem formaður stjórnar.

2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013

**Sigurður Helgi Guðmundsson**
Framkvæmdastjóri frá stofnun fram í maí 2011.

**Vilhjálmur Þ.**
Framkvæmdastjóri frá maí 2011 til áramóta 2011-2012.

**Sigurður Rúnar Sigurjónsson**
Framkvæmdastjóri frá áramótum 2012 en tók við húsrekstrarsjóði í ágúst 2012.

**SEPTEMBER 2012**
Ákveðið að hætta að borga af lánum.

## ➜ Hvað eru öryggisíbúðir?

Eir rekur 206 öryggisíbúðir. 37 íbúðir eru að Hlíðarhúsum 3 til 5 í Reykjavík, 58 íbúðir eru að Hlaðhömrum 2 í Mosfellsbæ og þær nýjustu eru 111 talsins og eru að Fróðengi 1 til 11. Allar íbúðirnar eru hannaðar þannig að auðvelt sé að komast um til dæmis í hjólastól. Þær eru útbúnar öryggiskerfi sem tengist hjúkrunarvakt allan sólarhringinn og útköllum er sinnt af hjúkrunarfræðingum eða sjúkraliðum. Íbúar geta keypt mat frá Eir og fá hann þá ýmist sendan eða borða hann í matsal Eirar. Í Hlíðarhúsum eru íbúðirnar með tengigangi yfir á hjúkrunarheimilið og geta íbúarnir því sótt sér alla þjónustu þangað. Í Mosfellsbænum er ýmis þjónusta í húsinu og í Fróðengi er áætlað að borgin byggi þjónustumiðstöð árið 2014 sem mun veita þjónustu.

## ➜ Hver er staða íbúa?

Íbúar í öryggisíbúðunum greiða útborgun og geta síðan leigt það sem eftir stendur af verðinu. Þetta er kallað íbúðarréttur og með honum á fólk rétt á að búa í íbúðunum. Margir íbúar hafa lagt ævisparnaðinn í íbúðarréttinn.

Ef íbúar falla frá eða vilja flytja annað er upphæðin sem þeir lögðu inn framreiknuð og endurgreidd innan hálfs árs. Tvö prósent af útborguninni koma til frádráttar á hverju ári.

Að auki er tekið gjald fyrir viðhald á íbúðunum og sameiginlegu húsnæði og fyrir kostnað við hita, rafmagn, ræstingu og fleira. Þá borga íbúarnir fasteignagjöld.

Þessi íbúðarréttur nemur nú um tveimur milljörðum króna. Um þrjátíu íbúðir eru sagðar tómar af þessum 206 og miðað við það eiga íbúar hverrar íbúðar um 11,3 milljónir króna hjá Eir.

## ➜ Hvernig standa fjármálin?

Fyrir utan þá tvo milljarða sem Eir skuldar íbúunum þá nema skuldir við Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóði, sem fjármögnuðu byggingu öryggisíbúðanna við Fróðengi, um sex milljörðum króna. Aðgerðir nú miða meðal annars að því að tryggja samninga við þessa kröfuhafa um lausn vandans. Þessir kröfuhafar eiga veð í fasteignum Eirar, en það eiga íbúarnir ekki.

Eigið fé Eirar er neikvætt um 385 milljónir og tæknilega er stofnunin gjaldþrota.

## ➜ Hvað ætla stjórnvöld að gera?

Málefni Eirar voru rædd á Alþingi fyrr í vikunni. „Þarna er augljóslega mjög alvarlegt mál á ferðinni og það verður rannsakað ofan í kjölinn enda um að ræða gríðarlega hagsmuni íbúa þessa heimilis," sagði Sigríður Ingibjörg Ingadóttir formaður velferðarnefndar. Hún sagði aðkomu nefndarinnar „einna helst að fara fram á að farið verði yfir rekstur allra hjúkrunarheimila á Íslandi, hvort þar sé eitthvað í gangi svipað þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið á Eir og hvort tryggt sé að eigendur leggi ekki ævifjármunina sína í hendurnar á fjárglæfrafólki". Hún vildi ekki segja til um með hvaða hætti nefndin myndi gera þetta, en hún sagðist telja eðlilegt að einhverjir aðrir færu yfir þetta. „Við munum samhliða því sem við ræðum um þörf fyrir hjúkrunarheimili og málefni hjúkrunarheimila út frá því sjónarhorni ræða með hvaða hætti hægt er að auka öryggi þeirra sem flytja á hjúkrunarheimili. Það er augljóst af þessu máli að traust fólks á þeim stofnunum sem reknar eru fyrir ríkisfé fyrir aldraða hefur borið alvarlegan skaða."

Björn Valur Gíslason, formaður fjárlaganefndar, hefur einnig tjáð sig um málið. Í gærkvöldi sagði hann að ekki stæði til að ríkið legði fé inn í reksturinn, en það væri þó ekki hægt að útiloka.

## ➜ Hvað er verið að gera í málinu?

Eftir að framkvæmdastjóra Eirar varð staðan ljós ákvað hann ásamt stjórninni að leita til utanaðkomandi sérfræðinga til að skoða málið. Lex lögmenn og KPMG voru fengin til verksins og hafa unnið með kröfuhöfum og stjórn til að finna lausn á vandanum. Reynt er að vinna hratt að lausn málsins.

Stjórnin óskaði jafnframt eftir því að Ríkisendurskoðun rannsakaði vandann og ástæður hans en því hafnaði Ríkisendurskoðandi á þeim forsendum að hann hefði ekki umboð til þess. Vandinn væri vegna húsrekstrarsjóðsins, en ekki hjúkrunarheimilisins.

Þá hefur stjórn Eirar sent fjármála- og efnahagsráðuneytinu beiðni um að málefni Eirar verði tekin til gagngerrar endurskoðunar.



**ÖRYGGISÍBÚÐIR EIRAR** Unnið er hörðum höndum að lausn á vanda hjúkrunarheimilisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Öllum verði skipt út

Unnið er að því að skipta út fulltrúaráði Eirar og í framhaldinu stjórninni. Þrír stjórnarmenn hafa þegar hætt, en einn segir fáránlegt að hann eigi að víkja.

**Þórunn Elísabet Bogadóttir**
thorunn@frettabladid.is



**SAMFÉLAGSMÁL** Allar líkur eru á því að skipt verði um fulltrúaráð og stjórn Eirar á næstunni. Borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkti í gær að fulltrúum borgarinnar í fulltrúaráðinu yrði skipt út. Þá vill borgin að stjórninni verði skipt út.

Fundur í fulltrúaráðinu verður 7. desember næstkomandi, en það er fulltrúaráðið sem skipar stjórnina. Stjórn Eirar frestaði á fundi sínum fyrr í vikunni tillögu frá stjórnarformanni um að fulltrúaráðið yrði leyst upp og ný stjórn yrði skipuð.

Björn Valur Gíslason, formaður fjárlaganefndar, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að til stæði að skipta um flesta ef ekki alla fulltrúa í ráðinu. Þá blasti við að stjórnin hefði ekki lengur umboð til starfa. Björn Valur hefur verið fulltrúi fjárlaganefndar í starfshópi um málefni Eirar.

Eftir að vandræði Eirar komust í sviðsljósið hefur verið þrýst á stjórnarmenn að hætta störfum. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sem var stjórnarformaður og um tíma framkvæmdastjóri, sagði af sér þann 8. nóvember síðastliðinn. Hafsteinn Pálsson fylgdi í kjölfarið og svo Jórunn Frímannsdóttir, sem hafði komið inn í stjórnina fyrir Vilhjálm. Aðrir stjórnarmenn hafa ekki sagt af sér.

Stefán Benediktsson, sem er fulltrúi meirihluta borgarinnar í stjórninni, sagði í kvöldfréttum Rúv í gær að hann vildi ekki hætta í stjórninni. Honum þætti það fáránlegt. Ef ekki hefði komið nýtt fólk inn í stjórnina árið 2011, og það fólk upplýst um stöðuna, væri ekkert komið upp á yfirborðið um vandræðin.

**11,3**

Um þrjátíu íbúðir af 206 eru tómar. Miðað við það eiga eigendur hverrar íbúðar 11,3 milljónir króna hjá Eir.

30-50% AFSLÁTTUR af öllum rúmum

# TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING



## TAKTU UPPLÝSTA ÁKVÖRÐUN!

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna og taktu upplýsta ákvörðun um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**OPIÐ TIL KL. 19.00 ALLA VIRKA DAGA FRAM AÐ JÓLUM**

**Royal**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: **302.391**
Tvíbreitt - verð frá: **566.991**



Allt að **431.994 kr.** AFSLÁTTUR

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: **26.241** kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: **49.243** kr. á mán.

**Classic**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: **190.049**
Tvíbreitt - verð frá: **346.995**



Allt að **178.956 kr.** AFSLÁTTUR

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: **16.732** kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: **30.268** kr. á mán.

**Draumur**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: **131.985**
Tvíbreitt - verð frá: **228.488**



Allt að **111.423 kr.** AFSLÁTTUR

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: **11.724** kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: **20.047** kr. á mán.

**Draumey**
Íslenskt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: **70.224**
Tvíbreitt - verð frá: **129.360**



Allt að **61.129 kr.** AFSLÁTTUR

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: **6.397** kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: **11.497** kr. á mán.

## Aukahlutir á 50% afslætti

– með seldum rúmum og dýnum

SÆNGURVER, LÖK, OG HEILSUKODDAR Á TILBOÐI Í OKTÓBER

## Arineldstæði á hausttilboði!

**20-65% afsláttur**







– Mikið úrval af eldstæðum –

# ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
ATHUGIÐ – Lengri opnunartími frá kl 10-19 alla virka daga fram að jólum.

VERSLUNIN RúmGott ÍSLENSK HEILSURÚM

Forræðishyggja lifir í íslenskum stjórnmálum:

# Þeir sem vita best

Hvert hlutverk ríkisvaldsins á að vera er eilíft umræðuefni. Almennt virðist sátt um það á Íslandi að það eigi að halda uppi lögum og reglu og setja almennar leikreglur. Auk þess er víðtækur stuðningur við að hér sé víðfeðmt velferðarkerfi og að ríkið tryggi þegnum sínum tiltölulega jöfn tækifæri til náms og starfa. Sífellt er þó verið að endurskilgreina hlutverk ríkisins og fingur þess birtast skyndilega á ólíklegustu stöðum. Nú, þegar líður að lokum kjörtímabilsins, virðist vera mikill vilji til að stækka það hlutverk.



**Þórður Snær Júlíusson**

thordur@frettabladid.is

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2013 er til að mynda boðuð hækkun á vörugjöldum á matvæli sem beinast eiga að sykri í matvælum. Hækkunin er réttlætt með manneldissjónarmiðum og aðgerðum gegn offitu. Þessi hækkun kemur til viðbótar við sykurskatt sem settur var á drykki og sætindi árið 2009 með það að markmiði að draga úr neyslu á þeim.

Í síðasta mánuði var greint frá því að leggja ætti fram frumvarp sem bannar erlend happdrætti á netinu. Ástæðan er víst sú að pókerspilun Íslendinga á netinu er orðin svo mikil að yfirvöldum þóknast hún ekki lengur. Íslenskir fjárhættuspilarar mega þó áfram tapa peningunum sínum í spilakössum Háskólans, Rauða krossins, Landsbjargar og SÁÁ. Verði frumvarpið að lögum á að setja á fót Happdrættisstofu til að framfylgja lögunum.

Frumvarp um bann við áfengisauglýsingum undir merkjum lýðheilsusjónarmiða var líka lagt fram fyrir skemmstu. Eða réttara sagt um bann við auglýsingum íslenskra aðila sem selja áfengi. Bannið nær nefnilega ekki yfir erlenda fjölmiðla sem aðgengilegir eru hér á landi né internetið, þar sem áfengisauglýsingar eru á hverju strái. Bannið mun því líkast til ekki draga úr neyslu, heldur bitna fyrst og síðast á íslenskum bjórframleiðendum sem eru að reyna að auka markaðshlutdeild sína á kostnað innfluttra tegunda.

Fyrir Alþingi liggur líka nýleg tillaga um að einungis megi selja tóbak í apótekum þó að neysla þess sé lögleg. Einungis apótek með „sérstakt tóbakssöluleyfi“ mega selja varninginn og eftir tíu ár á salan að vera takmörkuð þannig að hún sé háð því að „tóbakslyfseðli“ sé framvísað. Í tillögunni er einnig reynt að koma á algeru banni við munn- og neftóbaki, en í dag er einungis bannað að nota útlenskt. Í rökstuðningi segir: „Ekki er unnt að sitja hjá meðan notkun þessa forms tóbaks eykst hröðum skrefum.“

Allar þessar aðgerðir eru studdar þeim rökum að bönnin sem þeim fylgja séu okkur fyrir bestu. Góðu stjórnmálamennirnir eru að passa upp á að við förum okkur ekki að voða líkt og foreldrar sem vernda kornabörn sín frá hættum umhverfisins. En augljóst er að alþingismenn geta ekki varið þegna landsins fyrir öllum mögulegum skaða, sem auk þess er afstætt hugtak. Að margra mati felst líka beinn skaði í mörgum aðgerðum ríkisins. Þess vegna er auðvelt að draga þá ályktun að valkvæð boð og bönn stjórnarherranna snúist ekki um fórnarlömbin heldur stjórnlyndi þeirra sem setja lögin. Þeir sjá heiminn í ákveðnum litum og vilja að aðrir, sem þeir telja vita minna, upplifi hann á sama hátt. Og í þeirri afstöðu er fólgin nánast ófyrirgefanleg hræsni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871



Elínbjörg Magnúsdóttir

5. SÆTI

Elínbjörg Magnúsdóttir

Alþingi á að endurspegla samfélagið.
Hlúum að heimilunum – afnemum skattastefnu vinstri stjórnarinnar.

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í REYKJAVÍK 24. NÓVEMBER

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bubbi byggir

„Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt samfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu.“ Nei, lesandi góður, þetta er ekki tekið úr stefnuskrá einhvers stjórnmálaflokksins eða hugmyndum ungmennafélaganna um hvernig Ísland eigi að vera. Þetta er fyrsta setning í aðfaraorðum að frumvarpi til stjórnskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Lagatextar eru oft hinir tyrfnustu og þetta er fínasta tilbreyting frá þeim. En hvað í ósköpunum þýðir þetta orðagjálfur?



### We the People

Við sem byggjum Ísland á reyndar í þessu tilviki ekki við um iðnaðarmenn þessa lands; sem eru salt jarðar. Hér er væntanlega vísað til þjóðarinnar. „We the People“ segir í stjórnarskrá Bandaríkjanna og af hverju ættum við ekki að gera eins?

### NATO gegn stjórnarskrá?

Og áfram halda aðfararorðin í stjórnarskrárfrumvarpinu: „Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.“ Þetta er athyglisvert, ekki síst í ljósi aðildar Íslands að hernaðarbandalaginu NATO. Ætli Samtök hernaðarandstæðinga hlytu ekki að telja það fullnaðarsigur ef aðild að NATO verður stjórnarskrárbrot?



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Breytum þessu saman

STJÓRNMÁL



**Hanna Birna Kristjánsdóttir**

borgarfulltrúi og frambjóðandi í fyrsta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Margir einstaklingar hafa komið að máli við mig undanfarið og sagt mér að þeir séu búnir að glata trúnni á stjórnmálin. Þeim þykir miður hversu lítið traust ríkir í samfélaginu og telja ástæðuna meðal annars þá að kjörnir fulltrúar forgangsraði ekki nægilega í þágu fólksins í landinu.

Það er talsvert til í því. Stjórnmálamenn verða að leggja sig enn betur fram við að hlusta á fólkið og heyra raddir þess. Þá færi mestur tími okkar allra í að vinna að lausnum vegna þeirra verkefna sem fjölskyldurnar í landinu standa frammi fyrir. Orkan færi í að skapa fólkinu og fyrirtækjunum tækifæri til að nýta það sem við eigum til að efla atvinnu, hagsæld og von. Aðgerðir til að draga úr skuldavanda og auka ráðstöfunartekjur heimilanna væru í forgrunni og umtalsverður tími yrði nýttur til að minnka yfirbygginguna og kostnað kerfisins, svo tryggja mætti lága skatta og sem besta nýtingu fjármagns. Starfshópum opinberra starfsmanna og stjórnmálamanna um allt og ekki neitt yrði fækkað en öll áhersla lögð á að færa vald og val til almennings sjálfs.

Að ástunda slík stjórnmál er eina leiðin til að endurvinna það traust sem glatast hefur. Núverandi valdhöfum hefur ekki tekist það og því bíður það mikilvæga verk þeirra sem raunverulega eru reiðubúnir til að hlusta og heyra – en umfram allt vinna í þágu fólksins í landinu. Við eigum fjölmörg ónýtt tækifæri til að gera landið okkar enn betra. Hér geta allir lagt sitt af mörkum og hér getum við í sameiningu gert þær breytingar sem nauðsynlegar eru.

Ég hvet allt sjálfstæðisfólk í Reykjavík til að taka þátt í að velja öflugan framboðslista fyrir komandi þingkosningar. Þannig aukum við líkurnar á góðum árangri Sjálfstæðisflokksins í vor og gefum íslenskri þjóð von um breytingar, fleiri tækifæri og nýja tíma.

**➜ Aðgerðir til að draga úr skuldavanda og auka ráðstöfunartekjur heimilanna væru í forgrunni og umtalsverður tími yrði nýttur til að minnka yfirbygginguna og kostnað kerfisins, svo tryggja mætti lága skatta og sem besta nýtingu fjármagns.**

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Norræna nammileitin

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Ímyndum okkur eftirfarandi leik: Bláum og rauðum súkkulaðieggjum er dreift um Öskjuhlíðina. Eggin sjást ekki langar leiðir heldur þarf oft að kemba grasið og fara inn í runna til að finna þau. Krakkahópur fær það hlutverk að leita að eggjunum.

Setjum okkur nú í hlutverk kennarans. Við stýrum leiknum og höfum nokkur markmið. Við viljum til dæmis að a) allir leggi sig fram við að leita að eggjunum eftir bestu getu og b) að allir krakkar fái að minnsta kosti eitt blátt egg og eitt rautt egg í lok leiks og helst líka að c) sem flest eggin finnist og á sem skemmstum tíma. Hvernig eigum við að setja upp leikinn til að ná þessu fram?

**Aðferð 1**

Hugsum okkur fyrst að við setjum engar reglur og segjum bara „Einn, tveir og … leita!“. Ef nóg er af eggjum getur þessi aðferð hæglega uppfyllt öll skilyrðin að ofan. En segjum að eggjaþörin séu ekki mikið fleiri en börnin. Nokkur barnanna munu þá kannski rjúka af stað og hamstra egg, aðrir munu ekki finna neitt og gefast upp eftir nokkra stund. Í þessum leik eru hvatarnir til að leita að eggjum vissulega miklir (til að byrja með) en hættan er á að einhverjir labbi burt tómhentir er töluverð. Það er fúlt. Það er leiðinlegt að fá ekki súkkulaði.

**Aðferð 2**

Kannski gætum við einfaldlega prófað að safna öllum saman í upphafi leiks og útskýrt markmiðin: „Jæja, krakkar! Nú ætlum við að fara að leita að súkkulaðieggjum. En það má enginn borða neitt fyrr en ALLIR í hópnum eru komnir með að minnsta kosti eitt rautt og eitt blátt egg.

Hvað haldið þið að þið getið fljót að ná því? Þið vitið að 4.C var einungis 6 mínútur að finna eitt rautt og blátt egg á mann. Haldið þið að þið getið verið fljótari en þau?“

Hvernig ætli þetta myndi virka? Ef til vill myndu krakkarnir byrja á því að leita hver fyrir sig en uppgötva svo að þau hefðu stundum hag af því að skiptast á eggjum, til dæmis ef einhver einn ætti tvö blá en einhver annar tvö rauð. Í lokin gætu svo einhverjir þurft að láta einhver egg af hendi til hinna „eggjasnauðari“ svo dæmið gengi upp.

Þessi aðferð nær í það minnsta markmiðinu um „lágmarksframfærslu“ öfugt við aðferð 1.

**Aðferð 3**

Við gætum auðvitað gengið miklu lengra og sagt: „Nú ætlum við að fara út og leita að súkkulaðieggjum hérna í brekkunni. Allir sem finna einhver súkkulaðiegg verða að koma með þau hingað niður að stóra steini og ég (kennarinn) ætla að telja þau. Það fær enginn súkkulaðiegg fyrr en ég segi. Svona, af stað!“

Aðferðirnar þrjár lýsa hreinum kapítalisma, norrænu velferðarmódeli og kommúnisma. Aðferðir 1 og 2 reyna að virkja kosti „frjáls markaðar“.

Aðferðir 2 og 3 reyna að tryggja jöfnuð en ég held að aðferð 2 geri það á flestan hátt betur en aðferð 3. Menn nenna síður að leggja sig allan fram ef þeir fá jafnmikið og þeir sem gera ekki neitt. Að auki er miðstýrð dreifing ekki endilega hagkvæm.

Í stórum málaflokkum, til dæmis þegar kemur að menntun og gæslu ungra barna, virðast nú engar hugmyndir ná flugi aðrar en þær að hið opinbera framleiði vöruna og dreifi henni, helst „ókeypis“ og til allra. Það ætti að vara við því. Við getum ekki endalaust minnkað við efnahagslífið og aukið við velferðarkerfið. Eitt borgar, jú, að mestu fyrir annað.

> Í stórum málaflokkum, til dæmis þegar kemur að menntun og gæslu ungra barna, virðast nú engar hugmyndir ná flugi aðrar en þær að hið opinbera framleiði vöruna og dreifi henni, helst „ókeypis“ og til allra.

Frjáls markaður er góð leið til að dreifa vörum. Ef við lítum á eggjaleitina okkar þá er fljótlegra að krakkarnir víxli sjálfir á þeim súkkulaðieggjum sem þá vantar fremur en að þeir komi með þau öll í sama pott og bíði eftir að kennarinn skipti þeim á milli. Okkur hættir stundum til að hugsa mikið í stórum miðlægum kerfum þótt lífið sé fullt af mótdæmum um dreifð kerfi sem virka vel. Auðvitað þarf til dæmis ekki „miðlæga opinbera leiguþjónustu með barnaföt“. Bland.is dugar bara fínt.

## AF NETINU

### Íhlutun og íhlutir

Svo virðist sem sterk tengsl séu á milli félagslegs þrýstings, kynímyndarinnar, tísku og jafnvel klámvæðingu nútímans. Eins hvernig yngri kynslóðirnar vilja oft marka sína sérstöðu á ystu nöf, hvað sem um almenna skynsemi og hollustu má segja og við hin látum óátalið. Líka hlutir sem við tökum upp frá frumbyggjum í fjarlægum heimsálfum af hentisemi, en sem tengjast jafnvel ævafornri menningu og trú þeirra sem í raun eiga. Hefðir sem við virðumst geta afbakað og túlkað að vild. Á síðastliðnu ári hefur líka margt opinberast um okkar innri mann, hégóma og veikleika, til sálar og líkama. Margt er þar óljóst milli læknisfræðinnar og útlitsdýrkunar, atvinnuskapandi iðnaðar, tísku og heilbrigðis. Þetta á ekki síst við um afleiðingar ýmissa inngripa á sjálfum mannslíkamanum með beinni íhlutun. Lýtaaðgerðum til ímyndaðrar fegrunar með íhlutum (implants), húðflúri (tattoo) og hringjaskrauti (piercings) hvers konar, undir húð og á, á kynfæri og í munn og tungu.

blog.pressan.is/vilhjalmurari

*Vilhjálmur Ari Arason*

# Að vera fastur í fjalli

SAMFÉLAGSMÁL
Hörður Svavarsson
formaður Íslenskrar ættleiðingar



Á sama tíma og fjárlagavaldið kom því á framfæri við íslenska ættleiðingarfélagið að ekki væri svigrúm til að hækka framlög til félagsins um eina krónu, félags sem þó sinnir mörgum stjórnsýslulegum verkefnum, ákváðu stjórnmálamennirnir sem hafa þetta fjárveitingavald að skuldbinda ríkissjóð vegna átta þúsund og sjö hundruð milljóna króna framkvæmdar. Það er nefnilega mjög mikilvægt að bora göng í gegnum Vaðlaheiði.

Alþjóðasamfélagið hefur komið sér saman um hvernig ættleiðingar milli landa eiga að fara fram svo velferð barna sé tryggð. Íslenska ríkið hefur gerst aðili að þessu samkomulagi og býr að góðri ættleiðingarlöggjöf sem stenst kröfur alþjóðasamfélagsins. Íslenska ríkið felur ættleiðingarfélaginu, Íslenskri ættleiðingu, með löggjöf að framkvæma mörg þeirra verkefna sem það hefur undirgengist í alþjóðasamningum. Og ættleiðingarfélagið vill með ánægju leysa verkefnin sem fyrir það eru lögð.

**Sanngjörn tillaga**

Fyrir nærri fjórum árum hóf Íslensk ættleiðing viðræður við ríkið um að fimmfalda þyrfti framlög til félagsins svo það gæti staðið undir lögbundnum skyldum sínum. Forsvarsfólk félagsins hafði samt tekið eftir að í landinu varð fjármálahrun og bauðst til að ganga í hastarlegan niðurskurð fyrstu árin. Síðan þráðurinn var tekinn upp í viðræðum við ríkið hefur varla gengið né rekið.

Í vor gerði Íslensk ættleiðing það að sanngjarnri tillögu sinni til ríkisins að nauðsynleg framlög til félagsins yrðu hækkuð í skrefum á þremur árum. Því þó einungis sé verið að ræða um 45 milljóna króna aukningu á fjármagni til lögbundinna verkefna, hraus mörgum stjórnmálamanninum hugur við því að klára málið í einu skrefi. Það er nefnilega þannig að þegar þú ferð úr litlu eða engu upp í eitthvað meira verður hlutfallsleg hækkun svo mikil. Prósentan hljómar svo há.

Íslensk ættleiðing lagði til að fimmtán milljónir yrðu settar í verkefni félagsins á fjáraukalögum í haust. Næsta skref yrði tekið á fjárlögum ársins 2013 og lokaskrefið ári síðar. Við skynjuðum mikinn fögnuð hjá stjórnmálamönnum og fjáraukalög 2012 eru í samræmi við tilboð ættleiðingarfélagsins. Ekkert bendir hins vegar til þess að stjórnmálamennirnir sem fóru svo glaðir út í vorið ætli sér að taka næstu skref í takt við ættleiðingarfélagið sitt.

> → Enginn er svo vitlaus að láta bara hálf jarðgöng duga.

Enginn ágreiningur er um hvað verkefnin sem félaginu eru falin kosta. Allir eru sammála um að ef verkefnin eru ekki framkvæmd eru íslensk lög brotin og alþjóðasamningar hunsaðir. Það er sem sagt ekki hægt að framkvæma það sem á að gera fyrir það fjármagn sem sett er í verkið. Þetta skilja allir vel og sérstaklega þeir sem ætla að bora göng alla leið í gegnum Vaðlaheiði.

**Borað inn í hálft fjallið**

Allir vita að ábyrgðirnar sem íslenska ríkið undirgekkst vegna Vaðlaheiðarganga munu líklega falla á ríkissjóð. Þar er um að ræða eins konar öfuga einkaframkvæmd, leið sem kemur tímabundið vel út í ríkisbókhaldi. Menn velja að fara þessa leið af því að framkvæmdin er mikilvæg og þörf og þess vegna ríkir töluverð sátt um að fara í þessa framkvæmd. Engum dettur í hug að bora bara inn í hálft fjallið og stoppa þar. Enginn er svo vitlaus að láta bara hálf jarðgöng duga. Það hefur enginn gagn af því að vera fastur inni í fjalli.

Leiðin sem stjórnmálamenn kjósa að fara þegar þeir vilja spara í velferð væntanlegra kjörbarna er hins vegar eins og að fara bara inn í hálft fjallið. Það á að hækka framlög til ættleiðingamálaflokksins um fimmtán milljónir en ekki taka annað skref á næsta ári. Það á að fara með alþjóðlegar skuldbindingar og mikilvæg velferðarmál munaðarlausra barna inn í fjall og skilja þau eftir þar. Það er algjörlega óskiljanlegt og sérstaklega er það illskiljanlegt af því að hér er ekki um háar fjárhæðir að ræða.

Stundum finnst manni að Íslendingar meti frekar hús en hamingju, að þeir meti vegi frekar en velferð og mannvirki frekar en manneskjur. Ég trúi því ekki að fjárveitingarvaldið á Alþingi hugsi þannig.




# Reykvíkingar, gætum okkar hagsmuna á Alþingi

STJÓRNMÁL



**Guðjón Sigurbjartsson**
frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

**➜ Það heyrist helst frá þéttbýlisþingmönnum rétt fyrir kosningar. Þá allt í einu dúkka þeir upp í fjölmiðlum á hverjum degi. Að sjálfsögðu er landið allt ein heild og þéttbýli og landsbyggð þurfa að vinna vel saman. En þegar litið er yfir síðustu áratugi sést greinilega hvað hallað hefur á hagsmuni skattgreiðenda og neytenda á SV-horninu.**

Laugardaginn 24. nóvember nk. er prófkjör Sjálfstæðisflokksins vegna komandi alþingiskosninga. Þar gefst Reykvíkingum tækifæri til að velja þingmannsefni til að halda á málefnum höfuðborgarinnar og landsins alls næstu ár. Það skiptir máli að velja af kostgæfni og yfirvegun.

Verulega hefur skort á að hagsmunum Reykvíkinga sé nægilega vel gætt á Alþingi. Þeir tiltölulega fáu þingmenn sem þéttbýlið hefur verða að beita sér betur fyrir sína kjósendur. Það er eins og fulltrúar þéttbýlisins koðni niður þegar þeir koma á þing og allir verða vinir á kaffistofunni. Meirihlutinn, þ.e. landsbyggðin, ræður mestu. Ekki fulltrúar meirihluta þjóðarinnar á SV-horninu.

Það heyrist helst frá þéttbýlisþingmönnum rétt fyrir kosningar. Þá allt í einu dúkka þeir upp í fjölmiðlum á hverjum degi.

Að sjálfsögðu er landið allt ein heild og þéttbýli og landsbyggð þurfa að vinna vel saman. En þegar litið er yfir síðustu áratugi sést greinilega hvað hallað hefur á hagsmuni skattgreiðenda og neytenda á SV-horninu.

Hér á eftir eru nokkrir liðir þar sem hagsmuna okkar á SV-horninu hefur ekki verið nægilega vel gætt:

**Við þurfum lágt matvælaverð og fjölbreytt matvæli.**
Það eru strangar innflutningshömlur á landbúnaðarafurðum og það sem leyft er að flytja inn er sumt ofurskattað til að vernda íslenska framleiðslu.

**Við þurfum stöðuga mynt og lága vexti á skuldir okkar.**
Heimilin berjast nú við ógnvænlegan skuldavanda meðal annars vegna verðtryggðra lána. Nærri 30.000 okkar eru á vanskilaskrá og tugir þúsunda til viðbótar hafa glatað eigin fé í sínum fasteignum og sjá fram á stökkbreytt lán og afborganir næstu áratugi.

Landinu er haldið utan við ESB og evruna til að vernda landbúnaðinn og sjávarútveginn sem að vísu er á misskilningi byggt og á ekki að gera með þeim hætti sem gert hefur verið.

**Við sitjum uppi með einn dýrasta landbúnað í heimi án þess að hafa efni á því.**
Varðandi sjávarútveginn er útlit fyrir að samningar um hann verði þess eðlis að við getum vel við unað, en það er að sjálfsögðu úrslitaatriði. Það felast líka mikil tækifæri í því fyrir landbúnaðinn og sjávarútveginn að við göngum í ESB. Stóru sjávarútvegsfyrirtækin munu því ekki andvíg. Við kunnum sjávarútveg ágætlega og getum vaxið erlendis ef tækifærin væru opnari.

**Við sitjum uppi með að vera áhrifalaus í EES en taka samt við regluverkinu.**
Við sitjum uppi með ónýta krónu sem er ekki gjaldgeng, en það er meginhlutverk gjaldmiðla að vera gjaldgengir og halda verðgildi sínu. Óstöðugleiki krónunnar leiddi til þess að verðtrygging var tekin upp sem núna hefur gert tugi þúsunda Íslendinga eignalausa og ofurskuldsetta. Vextir í krónunni eru óbærilegir sem drepur niður fyrirtæki og heimili. Við þurfum evruna, trausta alþjóðlega gjaldgenga mynt, sem heldur verðgildi sínu sæmilega. Með evrunni kemur stöðugleiki, lág verðbólga og lágir vextir.

**Við þurfum lægri skatta.**
Skattar eru orðnir það háir að það kemur hart niður á fólki og fyrirtækjum. Ofurskattarnir eru hamlandi fyrir vöxt fyrirtækja og minnka það sem heimili og fyrirtæki hafa til ráðstöfunar. Hluti skattanna gengur frá þéttbýlinu á SV-horninu út á land til landbúnaðar, samgangna og fleira. Það er eðlilegt að vissu marki, en það hefur verið gengið allt of langt í því efni. Við þurfum að taka á óráðsíunni og lækka svo skattana.

**Við þurfum góð atvinnutækifæri sem greiða góð laun.**
Með inngöngu í ESB og tilkomu evrunnar myndu nýju útflutningsatvinnugreinarnar, svo sem Marel, Össur og Actavis að ógleymdri ferðamannaþjónustu, vaxa hraðar og dafna í stað þess að flýja land.

Með því að taka á landbúnaðaróráðsíunni, ganga í ESB og taka upp evruna myndi ráðstöfunarfé heimila í þéttbýlinu aukast um 50 til 100 kr. á mánuði þegar fram í sækir, en það tekur tíma að koma fram. Það þarf raunhæfari lausnir, það nægir ekki að segjast bara vilja lækka skatta. Það þarf að segja hvernig það á að gerast.

Kjósendur ættu að huga að verulegri endurnýjun fulltrúa á Alþingi og velja til starfa víðsýnt, frjálslynt, öflugt fólk af báðum kynjum. Ekki láta stórar og miklar auglýsingar glepja sig í því efni. Ekki kjósa bara frægt og ríkt fólk þó það geti verið ágætt. Huga að mannkostum, menntun, reynslu og málefnum frambjóðenda.

Reykvíkingar, þið eigið leikinn á laugardag.


## Samstarf er lykill að árangri

Opinn fundur fyrir hönnuði, tæknimenn, iðnaðarmenn og eftirlitsaðila um nýja byggingareglugerð, samræmingu eftirlits og leiðir til aukinna samskipta innan byggingageirans.

**Grand Hótel Reykjavík, 23. nóvember kl. 13.00 – 17.00**

**Dagskrá:**

- Friðrik Ágúst Ólafsson, forstöðumaður Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins
- Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar
- Logi Már Einarsson, formaður Arkitektafélagsins
- Magnús Sædal, fulltrúi Félags byggingafulltrúa

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri, Orri Hauksson framkvæmdastjóri SI

Boðið upp á kaffiveitingar að ráðstefnu lokinni

Mannvirkjastofnun
ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS
SI
Félag byggingarfulltrúa


# Almenningsþjónar FME verja kerfið

FJÁRMÁL



**Guðmundur Franklín Jónsson**
viðskiptafræðingur og formaður Hægri grænna, flokks fólksins

**➜ Almenningur hefur verið plataður út í skuldafen sem hann ræður ekkert við.**

Í Fréttablaðinu miðvikudaginn 10. október viðurkenna tveir almenningsþjónar (e. public servants) hugsanleg mistök Fjármálaeftirlitsins við eftirlit á sölu verðtryggðra húsnæðis-afleiða til almennings. Almenningsþjónarnir komast svo að orði: „Með hliðsjón af framangreindu telja greinarhöfundar að MiFID-tilskipunin og lög um verðbréfaviðskipti hafi ekki jafnvíðtækt gildissvið og haldið hefur verið fram í umræðunni. Því verður ekki séð að hefðbundin lánastarfsemi falli undir gildissvið tilskipunarinnar og laganna.“ Almenningsþjónarnir benda á að ýmsar stofnanir séu undanþegnar anda MiFID-reglnanna, en þeir segja: „MiFID-tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt þann 1. nóvember 2007 með fyrrnefndum lögum um verðbréfaviðskipti. Gildissvið tilskipunarinnar nær til fjármálafyrirtækja sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta (e. investment firms) og skipulegra verðbréfamarkaða. Gildissviðið nær því til dæmis ekki yfir starfsemi stofnana eins og Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóða eða fjármálafyrirtækja sem ekki hafa heimild til verðbréfaviðskipta.“ Það er löngu kominn tími til fyrir stjórnsýsluna og fjármálastofnanir að virða íslensk lög, þau eru ekki til skrauts. Vanþekking og afneitun á lögum leysir engan undan ábyrgð.

**Verðbréfafyrirtæki ósammála almenningsþjónunum**
Verðbréfafyrirtækið AREV kemst að þeirri niðurstöðu að verðtryggð lán séu afleiður og þ.a.l. mjög varhugaverð söluvara til almennings. Niðurstaðan: „T-afleiðan er flókinn og varhugaverður fjármálgerningur. Í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti (108/2007, 2. gr.) og reglugerð (995/2007, 35. gr.) er líklegt að fjármálafyrirtækjum sé óheimilt að skuldbinda almenna fjárfesta eða lántakendur með honum þar sem ósennilegt er að hann uppfylli skilyrðið um að vera tilhlýðanlegur (e. „suitable“) fjármálagerningur fyrir slíka aðila. Jafnframt getur orkað tvímælis að skuldbinda fagfjárfesta með afleiðunni og er nauðsynlegt fyrir fjármálafyrirtæki að fara varlega sbr. sektir sem fjármálafyrirtæki í Bretlandi hafa verið að greiða að undanförnu vegna afleiða sem ekki hafa uppfyllt skilyrðið um tilhlýðanleika (sjá t.d. grein í Financial Times 29. júní sl. „Banks to repay SMEs for missold swaps“). Einu gildir hvort afleiðan er samofin lánasamningi eða ekki og má raunar færa fyrir því rök að í fyrra tilvikinu sé enn síður heimilt að skuldbinda lántakandann þar sem örðugra er fyrir hann að skilja eðli hennar við þær aðstæður.“

**Endalaust rugl**
Ólögmæti verðtryggingarinnar gæti fallið í dómsmáli eins og gengistryggingin. Líkurnar á því hafa aukist eftir að bann við sölu á afleiðum til einstaklinga var lögfest. Ef það gerist er ríkið gjaldþrota. Viljum við taka þá áhættu? Það var oft talað um það áður, að verðbólgan hefði eyðilagt ákvarðanir í efnahagslífinu, gert rangar ákvarðanir að réttum fyrir þann sem í hlut átti þótt samfélagið tapaði. Verðtryggðu jafngreiðslulánin gegna nú svipuðu hlutverki. Fólk er afsiðað varðandi fjárhagslega ábyrgð, því það hefur reynt á eigin skinni að höfuðstóll lána hækkar og hækkar þótt það borgi lánin. Fólk getur verið fast í misgengi vegna launa sem hélt ekki í við verðlagsþróun og skildi aldrei útreikningsaðferðina á lánum sínum sem verður aldrei annað en endalaust rugl. Stjórnvöld hafa allt of lengi lokað augunum fyrir því að núverandi kerfi felur í sér óásættanlega áhættu fyrir almenning af atburðum sem hann hefur ekkert yfir að segja. Almenningur hefur verið plataður út í skuldafen sem hann ræður ekkert við. Verðtryggð húnæðislán eru afleiður, því er ekki hægt að líkja þeim við hefðbundin evrópsk húsnæðislán á föstum eða breytilegum vöxtum.

# Haftastefna Samfylkingar og Vinstri grænna

STJÓRNMÁL



**Elí Úlfarsson**
Frambjóðandi í sjötta sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík

**➜ Eftirlitsþjóðfélagið er farið að vega að grundvallarréttindum borgaranna, eins og persónufrelsi.**

Vinstrimenn hafa notað bankahrunið sem átyllu til að herða tök stjórnvalda á almennum borgurum í bráðum fjögur ár. Þeir hafa meðal annars fest gjaldeyrishöftin í sessi sem loka Íslendinga inni í eignafangelsi. Með höftunum er erlendri fjárfestingu haldið frá landinu og Íslendingum gert ókleift að fjárfesta erlendis. Meðan svona er ástatt geta engin alþjóðleg fyrirtæki vaxið hér á landi.

Útvaldir hópar hagnast gríðarlega í skjóli haftanna og Seðlabankinn veitir undanþágur frá höftunum án þess að tilgreina í hverju þær eru fólgnar. Almenningur hefur því engin tök á að fylgjast með að jafnræðis sé gætt. Leynd og pukur eru einkunnarorð ríkisstjórnar Jóhönnu og Steingríms.

Einn óhugnanlegasti fylgifiskur haftanna er persónunjósnir Seðlabankans, en bankinn hefur til að mynda aðgang að öllum kreditkortafærslum landsmanna. Eftirlitsþjóðfélagið er farið að vega að grundvallarréttindum borgaranna, eins og persónufrelsi. Það er í hæsta máta óeðlilegt að stjórnendur Seðlabankans eigi að fara með peningamálastefnuna næstu misserin og árin. Þar sitja sömu hagfræðingarnir og stýrðu peningamálastefnunni í þrot árið 2001 og tóku þá upp nýja stefnu sem þeir klúðruðu gjörsamlega með eftirminnilegum hætti árið 2008. Nú ætlar vinstri ríkisstjórnin að gefa Má Guðmundssyni og öðrum flokksbræðrum hans á Kalkofnsveginum þriðja sénsinn. Þetta er svona álíka gáfulegt og ef að stjórnvöld fengju Sigurjón Árnason, Hreiðar Má og Bjarna Ármannsson til að leggja drög að nýju bankakerfi.

Afnám gjaldeyrishaftanna og upptaka ábyrgrar peningamálastefnu eiga að vera meginviðfangsefni stjórnmálanna nú um stundir en ekki óþörf gæluverkefni á borð við happdrættisstofu, stjórnlagaráð og kynjaða hagstjórn. Afnema þarf haftastefnu Samfylkingarinnar og Vinstri grænna.




**LARAMIE** sófasett microfiber áklæði.
Stóll: B: 111 H: 95 B: 95
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

| 2 SÆTA | 3 SÆTA | STÓLL |
|---|---|---|
| 179.990 | 189.990 | 149.990 |
| VERÐ: 199.990 | VERÐ: 209.990 | VERÐ: 169.990 |



NÚNA
30.000
KR. AFSLÁTTUR

**EDWARD** 3 SÆTA.
Slitsterkt áklæði.
Stærð 3ja sæta
B: 220 D: 95 H: 90 cm.

| 3 SÆTA | 2 SÆTA | STÓLL |
|---|---|---|
| 229.900 | 219.900 | 169.900 |
| VERÐ: 259.900 | VERÐ: 249.900 | VERÐ: 189.900 |



**LARAMIE** Hornsófi. Brúnt microfiber.
D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.

379.990
VERÐ: 439.990

NÚNA
60.000
KR. AFSLÁTTUR



3 SÆTA
359.000
VERÐ: 409.000

2 SÆTA
339.000
VERÐ: 389.000

NÚNA
50.000
KR. AFSLÁTTUR

**HOLLANDER** Leðursófi.
Brúnt gæðaleður.
Stærð 3ja sæta B: 220 D: 95 H: 90 cm.

**Broyhill**®
EINN STÆRSTI SÓFAFRAMLEIÐANDI Í AMERÍKU

**NÝ SENDING AF SÓFUM FRÁ BROYHILL!**

LA Z BOY® **MEST SELDI HÆGINDASTÓLL Í HEIMI**




LA Z BOY®
**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður.
B:80 D:85 H:102 cm.




LA Z BOY®
**NORMAN** La-z-boy stóll.
Brúnt eða natur áklæði.
B:74 D:70 H:103 cm.




LA Z BOY®
**GRAND PINNACLE XL** La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leður. B:84 D:107 H:118 cm.

★
LA Z BOY®
**Hinn eini sanni!**
LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-16

# Ráðleggingar um hádegisverð í skólum

MATARÆÐI




**Elva Gísladóttir** **Hólmfríður Þorgeirsdóttir**
næringarfræðingar hjá Embætti landlæknis

Yfir vetrarmánuðina verja börn meirihluta dagsins í skóla eða á frístundaheimilum og því gefur skólamaturinn einstakt tækifæri til að bæta neysluvenjur skólabarna og kenna þeim að njóta hollrar fæðu. Með hollum mat í skóla er hægt að hafa jákvæð áhrif á heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans. Vel nærðir nemendur eiga auðveldara með að einbeita sér og læra. Nýleg sænsk rannsókn sýndi að neysla á hollum mat og lítil neysla á óhollum mat var tengd betri einkunnum hjá 15 ára unglingum. Enn fremur kom fram að þeir unglingar sem borðuðu reglulega morgunverð höfðu hærri meðaleinkunnir. Það er ekki síður mikilvægt að leggja áherslu á uppeldis- og félagslegt gildi máltíða meðal annars með því að gefa nægan tíma til að nærast og sjá til þess að umhverfi sé notalegt og ekki of mikill hávaði.

### Opinberar ráðleggingar

Embætti landlæknis gefur út handbók fyrir skólamötuneyti sem ætlað er að auðvelda starfsfólki að bjóða börnum hollan og góðan mat við þeirra hæfi. Í 23. grein grunnskólalaga frá árinu 2008 segir að í grunnskólum skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinberar ráðleggingar. Embætti landlæknis vinnur að þessum málum í tengslum við verkefnið Heilsueflandi grunnskóli og hefur gefið út handbók utan um það verkefni þar sem skólar eru hvattir til að mynda sér heildræna stefnu um næringu. Heilsueflandi skólum er boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk mötuneyta en einnig er settur fram skýr rammi sem skólarnir þurfa að fylgja, t.d. að útnefndur sé starfsmaður sem ber ábyrgð á að fylgja eftir stefnu í næringarmálum og ber stýrihópur verkefnisins ábyrgð á að viðmiðum og gátlista í handbók sé framfylgt.

### Eftirlit með skólamáltíðum

Embætti landlæknis hefur ekki eftirlit með gæðum skólamáltíða. Það er hlutverk skólastjórnenda að sjá til þess að lögum um grunnskóla sé framfylgt, þ.e. að

**→ Embætti landlæknis hefur ekki eftirlit með gæðum skólamáltíða.**

tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla og þar með talið að hádegisverður sé í samræmi við ráðleggingar. Sveitarfélög hafa einnig hlutverki að gegna þarna með svo kölluðu ytra mati sveitarfélaga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber einnig ábyrgð á ytra mati á skólastarfi.

Það er til mikils að vinna að bæta neysluvenjur skólabarna og ættu skólar að leggja áherslu á holla fæðu og huga þar sérstaklega að fjölbreyttu fæðuvali, fiskmáltíðum og meiri neyslu ávaxta, grænmetis og grófra kornvara auk vatnsdrykkju.

### Fæðuframboð í skólum

- Fiskur að minnsta kosti tvisvar sinnum í viku, bæði feitur og magur.
- Grænmetis- og baunaréttir reglulega í boði.
- Þegar kjöt- eða kjötvörur eru í boði, velja magrar kjötvörur með minna en 10% fitu. Æskilegt er að bjóða upp á ferskar vörur sem oftast og minna af farsvörum, pylsum og nöggum. Reyktur og saltur matur, t.d. saltkjöt, hangikjöt, bjúgu, bayonskinka, hamborgarhryggur eða saltfiskur, ætti að vera mjög sjaldan á borðum. Mikilvægt er að skoða vel saltmagn og lesa utan á umbúðir en vörur teljast saltríkar ef þær innihalda meira en 1,25 g af salti (0,5 g natríum) í 100 g vöru.
- Grænmeti hrátt og/eða soðið með öllum hádegismat. Ávextir eða grænmeti í morgunhressingu og síðdegishressingu. Einnig er tilvalið að bjóða upp á ávexti eftir hádegisverðinn.
- Þegar brauð er í boði ætti að velja heilkorna, trefjaríkt brauð með a.m.k. 5-6 g af trefjum í 100 g af brauði.
- Við matseld er mælt með notkun olíu í stað smjörs eða smjörlíkis og léttmjólkur í stað nýmjólkur eða rjóma. Enn fremur er mælt með að ofnsteikja frekar en pönnusteikja.
- Mikilvægt er að nemendur eigi greiðan aðgang að köldu, fersku drykkjarvatni.

### Ítarefni

Handbók fyrir skólamötuneyti
Ráðleggingar um mataræði og næringarefni
Handbók heilsueflandi grunnskóla
Lög nr. 91/2008 um grunnskóla
Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011




# Úttektarskýrsla staðfestir öflugt viðbragð við hruni

ORKUMÁL



**Guðlaugur G. Sverrisson**
fv. stjórnarformaður OR

Við lestur skýrslu úttektarnefndar um Orkuveitu Reykjavíkur er kom út í október sl. er staðfest öflugt viðbragð eigenda, starfsmanna, stjórnenda og stjórnar OR við því mikla áfalli er varð í aðdraganda og við fall bankanna þann 6. október 2008. Undirritaður tók við stjórnarformennsku í lok ágúst 2008, og hafði því verið við störf í rúman mánuð er bankahrunið varð og þau efnahagslegu ósköp sem fylgdu í kjölfarið riðu yfir. Skýrslan staðfestir að svo til yfir nótt tvöfölduðust skuldir OR.

### Enginn lánardrottinn gjaldfelldi lán

Til að mæta þeirri óvissu er blasti við OR og Íslandi öllu var farið markvisst í það að upplýsa lánardrottna OR um rekstrarhæfi félagsins. Árangurinn var sá að enginn lánardrottinn sá ástæðu til að gjaldfella lán sem veitt höfðu verið OR, heldur þvert á móti héldu erlendir bankar áfram að afgreiða lán til OR á árinu 2009. Stjórnin sem ég veitti formennsku stóð við allar áður gerðar skuldbindingar OR, þar á meðal byggingu nýrrar virkjunar á Hellisheiði sem hófst á árinu 2009 og framleiðir virkjunin nú 85 MV af raforku sem seld er Norðuráli. Starfsmönnum OR fækkaði um 10% vegna ráðningarbanns sem sett var á haustmánuðum 2008, ásamt því að starfsmenn tóku á sig launalækkun.

Stjórn OR samþykkti 9,7% hækkun á heitu vatni í september 2008. Deilur risu innan borgarstjórnar Reykjavíkur vegna þessarar hækkunar og úr varð samkomulag hjá aðgerðarhópi borgarstjórnar í október 2008 um að engar gjaldskrárhækkanir yrðu hjá OR út kjörtímabilið. Í aðgerðarhópnum sátu Hanna Birna Kristjánsdóttir, Óskar Bergsson, Svandís Svavarsdóttir og Dagur B. Eggertsson. Ákvörðunin um gjaldskrárfrystingu stóð til loka kjörtímabilsins. Í apríl 2010 er upplýst um hækkunarþörf á miðla OR á stjórnarfundi. Hækkunarþörf félagsins var því ekki haldið leyndri í aðdraganda kosninga 2010. Umfjöllun um hækkunarþörfina kom fram m.a. í fjölmiðlum í aðdraganda kosninga. Við gerð þriggja ára fjárhagsáætlunar OR fyrir árin 2011-2013 var sýnt fram á hækkunarþörf félagsins sem átti að koma til framkvæmda á 2-3 árum. Lánardrottnar OR voru samþykkir þessari aðferð við að staðfesta og mæta hækkunarþörf á miðlum OR. Ástæðan fyrir því að dreifa þessum hækkunum var til að draga úr álögum á almenning og fyrirtæki og koma í veg fyrir töluverða hækkun á vísitölu, sem aftur kæmi til hækkunar á húsnæðislánum almennings. Núverandi stjórn OR ákvað í október 2010 að mæta allri hækkunarþörf félagsins í einni aðgerð í stað þess að dreifa henni. Þarna er um mun á aðferðarfræði að ræða frekar en að verið sé að „bjarga Orkuveitunni" með svo róttækum hækkunum.

### Engar nýjar skuldbindingar

Í lok árs 2009 vann Reykjavíkurborg úttekt á lausafjárþörf OR í nánu samráði við stjórnendur OR. Það var ljóst frá hruni að árin 2011 og sérstaklega 2013 yrðu OR erfitt vegna mikilla afborgana. Niðurstaðan var að Reykjavíkurborg tæki frá allt að 12 milljarða af fé Reykjavíkurborgar til að eiga upp á að hlaupa fengist ekki lán eða breytingar á gjalddögum OR. Landsvirkjun fékk 25 milljarða yfirdráttarlán hjá SÍ, vegna mögulegs lausafjárvanda.

**→ Vandi OR var fyrst og fremst lausafjárvandi sem mætt var með láni frá eiganda og hækkun á gjaldskrám.**

Skýrsla úttektarnefndar staðfestir að eftir hrunið voru ekki samþykktar neinar nýjar skuldbindingar á félagið. Farið var í miklar aðhaldsaðgerðir í rekstri sem skiluðu sér í lækkun rekstrarkostnaðar um rúman 1 milljarð. Allar kennitölur í rekstri voru bættar verulega á árinu 2010 og voru í samræmi við fjárhagsáætlun samþykkta á árinu 2009. Eigið fé OR styrktist, handbært fé frá rekstri jókst, langtímaskuldir lækkuðu, hagnaður var um 13,7 milljarðar 2010. Eignir OR voru rúmir 286 milljarðar. Það var því rangt að segja að OR væri komið á hausinn, eins og núverandi borgarstjóri lýsti ástandinu, heldur var búið að leggja grunn og byrjað að vinna að viðsnúningi í rekstri OR. Vandi OR var fyrst og fremst lausafjárvandi sem mætt var með láni frá eiganda og hækkun á gjaldskrám. Gjaldskrárhækkanir gera það verkum að á árinu 2013 er gert ráð fyrir 20 milljörðum í handbæru fé frá rekstri og að skuldir verði um 200 milljarðar. Það tekur því um 10 ár að greiða upp allar skuldir. Það er því ljóst að OR stóð af sér hrunið. Mestöll verðmæti hlutabréfa í Kauphöllinni hurfu í október 2008. Eigendur þeirra fá ekkert til baka. Eigendur OR munu fá allt sitt til baka og munu áfram njóta kalda- og heitavatnsins, rafmagns, fráveitu og gagnaveitu. Úttektarskýrslan staðfestir að öflugt viðbragð við hruni lagði grunninn að vörninni um Orkuveitu Reykjavíkur.

# Það eina sem menn eru sammála um?

ORKUMÁL



**Sigurður Ingi Friðleifsson**
framkvæmdastjóri hjá Orkusetri

Í tilefni af nýlegri þjóðaratkvæðagreiðslu má velta fyrir sér hvernig öðrum spurningum hefði verið svarað. Ef þjóðin hefði t.d. verið spurð, „Vilt þú nota meira af innfluttri, óendurnýjanlegri, gjaldeyriseyðandi, orkuöryggistruflandi, loftslagsbreytandi og mengandi olíu?" þá má ætla að fáir myndu svara játandi. Spurningin er líklega örlítið leiðandi en samt sem áður mætti álykta að þjóðin væri býsna sammála um að olíubrennsla í óhófi væri ekki það allra skynsamlegasta.

Innflutningur á jarðefnaeldsneyti er áhyggjuefni flestra ríkja enda hagkerfin afar háð brennslu á olíu. Þó að Íslendingar séu óháðir innflutningi á orku til upphitunar og raforkuframleiðslu eru allar okkar samgöngur keyrðar áfram á mengandi jarðefnaeldsneyti með tilheyrandi gjaldeyriskostnaði. Það er mikið hagsmunamál fyrir þjóðina að draga úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti ef hægt er með hagkvæmum hætti. Lengi vel gerðu landsmenn hins vegar lítið sem ekkert til að sporna við olíunotkun og um tíma lögðu margir mikla áherslu að ganga sem hraðast á þessa takmörkuðu auðlind með kaupum á eyðslufrekum bifreiðum.

Líkja má olíulindum heims við risastóran bankareikning sem hefur aðeins tvo galla. A) Það er og verður aldrei lagt inn á hann. B) Bankareikningurinn hefur 0% vexti. Þetta þýðir að í hvert skipti sem við ræsum bensín- eða dísilbifreið takmörkum við möguleika komandi kynslóða á að gera slíkt hið sama. Þetta er stóri vandinn við endanlegar auðlindir.

### Bætt nýtni

Vera má að þjóðin standi nú á tímamótum hvað eldsneytisnotkun varðar. Merki um minni innflutning má sjá í Orkuspá Orkustofnunar en þar sést að innflutningur á bensíni og gasolíu í samgöngum hefur minnkað ár frá ári síðan 2007 og er nú tæplega 37 þúsund tonnum minni en þá. Vissulega spilar efnahagslægðin mikið hlutverk en mögulega þarf innflutningur eldsneytis ekki að aukast þegar hagkerfið rís að nýju. Í lok síðasta árs voru samþykktar á Alþingi breytingar á gjaldaumhverfi bifreiða sem hygla mjög eldsneytisnýtnum bifreiðum og munu án efa auka mjög hlutfall slíkra bifreiða í fólksbílaflota landsmanna. Í raun voru þetta sjaldséðar skattalækkanir fyrir skynsama neytendur því álögur á eldsneytisnýtnar bifreiðar í flestum stærðarflokkum lækkuðu í kjölfar breytinganna.

Hugmyndir um breytingu á gjaldaumhverfi bifreiða á ættir sínar að rekja til Orkustofnunar en þar var sú hugmynd mótuð að tengja gjöld við útblástur bifreiða en hann er í beinni fylgni við eldsneytiseyðslu. Mikilvægi þessara lagabreytinga er ekki síst fólgið í því að þannig er tryggt að hinar miklu og almennu framfarir bifreiðaframleiðenda í smíði nýtnari bifreiða mun skila sér betur í minni eyðslu íslenska fólksbílaflotans. Ætla má að eyðsla bifreiða geti batnað að jafnaði um 2-3 lítra á hverja hundrað kílómetra. Þetta þýðir að þegar núverandi bílafloti landsmanna hefur verið endurnýjaður eftir 10-15 ár þá muni hann nota 50-80 milljónum lítrum minna af eldsneyti til að keyra jafnmarga kílómetra og áður. Fylgjast má með áhrifum nýju laganna á vísitöluvakt Orkuseturs, sem birtir eyðslu- og útblástursgildi nýskráðra bifreiða í hverjum mánuði. Meðaleyðslugildi nýskráðra bifreiða í september var t.d. aðeins 5,6 l/100 km. Á samgönguvef Orkuseturs geta neytendur einnig borið saman eldsneytiskostnað bifreiða. Það er nefnilega ákveðin hætta á því að óupplýstur neytandi velji bíl sem er örlítið ódýrari í innkaupum en sitji svo uppi með mun hærri olíureikning þegar upp er staðið. Í reiknivélunum er t.d. kynnt stærðin kr/km. sem er mikilvægasta rekstrartala bifreiðar. Neytendur verða að átta sig á að hin raunverulega vara sem keypt er á eldsneytisdælustöð er ekki lítri heldur vegalengd. Tveir ólíkir bílar geta komið á bensínstöð og keypt jafnmikið af eldsneyti á sama lítraverði en þegar dæmið er skoðað frekar kemur í ljós að annar bíllinn fékk mun fleiri kílómetra í sinn hlut enda eldsneytisnýtnari bifreið.

**→ Það er mikið hagsmunamál fyrir þjóðina að draga úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti ef hægt er með hagkvæmum hætti.**

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

**2790 kr.** Kamilla og vindmylla

**3490 kr.** Risabókin um Risa

**1998 kr.** Fimmtíu dekkri skuggar

**3270 kr.** Frábært hár

# JÓLABÆKUR á frábæru verði!

**2440 kr.** Leitum að Mími

**1390 kr.** Dóra og sjóræningja-ævintýrið

**4530 kr.** Ár kattarins

**4890 kr.** Appelsínur frá Abkasíu

**4399 kr.** Málarinn

**3590 kr.** Stelpur geta allt

**6190 kr.** Bílar í máli og myndum

**4860 kr.** Návígi á norðurslóðum

**3480 kr.** Ég geng ein

**3490 kr.** Gleðigjafar

**3690 kr.** Augu Líru

**2640 kr.** Grimms ævintýri

Allir titlar fást í Krónunni Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi, minna úrval í öðrum verslunum. Tilboðin gilda 23.-26. nóvember.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO - www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

# Verðmæti í sérkennum miðborgarinnar

SKIPULAGSMÁL



Dr. Bjarni Reynarsson
skipulagsfræðingur og leiðsögumaður

Miðborg Reykjavíkur hefur tekið miklum breytingum síðustu misseri. Hvati þeirra breytinga er fyrst og fremst vaxandi fjöldi erlendra ferðamanna sem eru orðnir mjög áberandi á götum borgarinnar. Verslanir fyrir ferðamenn spretta upp eins og gorkúlur og fjöldi veitingastaða og gistirýma fer einnig ört vaxandi. Nær allir erlendir ferðamenn sem koma til landsins dvelja í lengri eða styttri tíma í höfuðborginni.

Viðhorfskannanir meðal erlendra ferðamanna benda til þess að einstæð náttúra Íslands sé það sem dregur þá fyrst og fremst til landsins, en Reykjavík er æ oftar nefnd sem mikilvægur áfangastaður Íslandsferðar. Í erlendum rannsóknum í ferðamálafræðum kemur skýrt fram að flestir ferðamenn hafa mikinn áhuga á sögu og sérkennum þeirra borga sem þeir sækja heim. Upplýsingar um uppruna (sögu) og sérkenni Reykjavíkur þurfa að vera aðgengilegar þeim erlendu ferðamönnum sem ganga um götur miðborgarinnar.

**Sögueyjan Ísland**

Þótt náttúran gegni lykilhlutverki í því að laða hingað erlenda ferðamenn má ekki gleyma því að Ísland hefur réttilega verið kallað Sögueyjan og geymir Reykjavík lyklana að þeim fjársjóði. Í borginni eru fornhandritin varðveitt, í miðborginni reisti fyrsti landsmaðurinn bæ sinn. Rætur þéttbýlis eða borgarmyndunar í landinu má rekja til Innréttinga Skúla Magnússonar sem lét byggja verksmiðjuhús í landi Víkur (Reykjavíkur). Þessar byggingar teygðu sig frá gamla Víkurbænum, sem stóð nærri núverandi gatnamótum Túngötu og Suðurgötu, norður í Gróf og mynduðu þar með fyrstu borgargötu á Íslandi, Aðalstræti.

Það er ekki aðeins upphafssaga borgarinnar sem þyrfti að kynna betur t.d. með upplýsingaskiltum eða einhvers konar myndverkum. Íbúðahverfin í gamla bænum búa yfir sögu og sérkennum sem koma þarf til skila. Nokkur götuheiti í gamla bænum eru tekin úr fornsöguarfi þjóðarinnar og mynda sérstaka hverfahluta sem vert er að kynna betur á myndrænan hátt. Þetta eru;

a) Íslendingasöguhverfi; Grettisgata, Njálsgata, Kjartansgata, Guðrúnargata o.fl. götur.
b) Landafundahverfi; Eiríksgata, Leifsgata og Þorfinnsgata.
c) Goðahverfi; Óðinsgata, Lokastígur, Baldursgata o.fl. götur.

Þá eru nokkrar götur í borginni sem heita eftir persónum úr sögu Reykjavíkur, t.d. Ingólfsstræti, Hallveigarstígur, Skúlagata o.fl. götur. Einnig má nefna tengingar við atvinnusögu borgarinnar eins og Stýrimannastígur og Kolasund. Þá hafa margar götur í gamla bænum tekið nöfn eftir kotum og bæjum í borgarlandinu eins og Grjótagata, Sölvhólsgata og Bergstaðastræti.

**Goðahverfið myndskreytt**

Greinarhöfundur er ekki einn um að benda á mikilvægi þess að gera sögu Reykjavíkur sýnilegri gestum borgarinnar. Árið 1986 skrifaði Steingrímur Gunnarsson leiðsögumaður borgaryfirvöldum bréf þar sem hvatt var til myndskreytingar götuheita í borginni þar sem götunöfn tengjast sögu, bókmenntum og horfnum mannvirkjum. Benti Steingrímur sérstaklega á Goðahverfið sem heppilegt svæði. Hverfið afmarkast af Skólavörðustíg, Bergstaðastræti og Barónsstíg og teljast 15 götur til Goðahverfisins. Vel var tekið í þessar tillögur af hálfu borgaryfirvalda en ekkert varð úr framkvæmdum.

Árið 2007 lét Norræna félagið í Reykjavík undir forystu Þorvalds S. Þorvaldssonar arkitekts gera

**➜ Nær allir erlendir ferðamenn sem koma til landsins dvelja í lengri eða styttri tíma í höfuðborginni**

Vegvísi um Goðahverfið á Skólavörðuholti í tilefni af 85 ára afmæli félagsins. Bæklingurinn var unninn í samvinnu við Höfuðborgarstofu sem sá um dreifingu hans til erlendra ferðamanna. Bæklingurinn var gefinn út í 15 þúsund eintökum á íslensku, dönsku og ensku. Í bæklingnum eru tengsl götunafna við nöfn goða og híbýla þeirra rakin.

Þann 30. október sl. boðuðu Hrönn Vilhelmsdóttir og Þórólfur Antonsson, sem reka veitingastaðinn Kaffi Loka, nokkra áhugamenn um ferðamennsku og sögu borgarinnar á fund til að kanna áhuga á að fylgja eftir tillögum Steingríms um myndskreytingu við götuhorn í Goðahverfinu. Á fundinum kom fram mikill áhugi á því að koma þessari hugmynd í framkvæmd. Fundarmenn töldu að efna þyrfti til samkeppni um gerð slíkra myndverka í samvinnu við Reykjavíkurborg. Merkingar og skreytingar í Goðahverfinu myndu leiða ferðamenn út fyrir hefðbundnar slóðir um Laugaveg og Skólavörðustíg og gæti orðið fyrirmynd fyrir önnur hverfi, t.d. Íslendingasagnahverfið norðan Skólavörðustígs. Þá kom fram hjá fundarmönnum að mikilvægt væri að kynna hugmyndina sem víðast, m.a. fyrir íbúum hverfisins til að fá sem víðtækastan stuðning við framkvæmdina.

Þótt hér hafi aðallega verið fjallað um nauðsyn þess að kynna sögu borgarinnar fyrir erlendum ferðamönnum er fræðslugildið ekki síður mikilvægt fyrir þá sem borgina byggja; unga sem aldna. Ef vel tekst til gæti slíkt framtak gert borgina bæði fallegri og læsilegri. Erindi frá áhugahópnum um Goðahverfið verður fljótlega sent borgaryfirvöldum.

# Ríkið brýtur umgengnisréttindi

MANNRÉTTINDI



François Scheefer
fv. formaður félags um vináttu og nemendaskipti Frakklands og Íslands

Íslenska ríkið leyfir aðeins eina úrlausn ef umgengnisréttindi barns eru brotin af lögheimilisforeldri: Dagsektir. Ekkert annað býðst brotaþolum: barninu, hinu foreldri þess og stórfjölskyldu. Því að öðru leyti heimilar ríkið og Barnalögin lögheimilisforeldrum að brjóta umgengnisréttindi barna takmarkalaust og án refsinga.

Í minnst sex mánuði lætur ríkið umgengnisafbrot (tálmun) lögheimilisforeldra óáreitt. Ríkið gerir ekkert til að vernda börn gegn þessum afbrotum á meðan hið úrelta dagsektarúrræði er virkjað, sem tekur minnst hálft ár og oftast heilt ár hið minnsta, en tvöfalt lengur ef úrskurði sýslumanns er áfrýjað. Og allan tímann halda brotin áfram með fullu leyfi ríkisins.

Sömu sögu er að segja ef umgengnisafbrotin eru síendurtekin. Ekkert í Barnalögum kemur í veg fyrir margítrekaða umgengnisréttarglæpi lögheimilisforeldra, jafnvel þótt þessi vísvitandi afbrot eigi sér stað aftur og aftur á löngu árabili. Ríkið og Barnalögin leggja þvert á móti blessun sína yfir glæpina gegn barninu og gera lögbrjótum úr hópi lögheimilisforeldra kleift að stunda þá óáreitta ár eftir ár.

Allt fagfólk veit þetta og kvartar yfir þessu. En enginn gerir neitt til þess að leiðrétta þessi mannréttindabrot Barnalaga. Ríkið í formi löggjafans og framkvæmdarvaldsins, þ.e. alþingismenn og ráðherrar, leggur þvert á móti fulla blessun sína yfir margítrekuð umgengnisréttarbrot lögheimilisforeldra á börnum.

**Glæpir í boði ríkisins**

Það er glæpsamlegt athæfi af ríkinu að taka þátt í að halda börnum frá foreldrum sínum og stórfjölskyldum. Ömmur, afar og stórfjölskyldur barna eru ekki einu sinni nefndar á nafn í Barnalögum, eins og allir þessir ættingjar þeirra séu ekki til.

Ríkið mölbrýtur þannig mannréttindi barna og umgengnisforeldra þeirra í gegnum Barnalögin. Því lögin snúast fyrst og fremst um ríkisvarið einræði lögheimilisforeldra. Og Barnalögin gera glæpsamlegum lögheimilisforeldrum það leikandi létt að misbeita valdi sínu gegn börnum og hinum blóðforeldrum þeirra og stórfjölskyldum – allt í boði ríkisins.

Umgengnisforeldrar fá engar bætur vegna þessara brota sem þeir þurfa að þola í boði ríkisins. Þeir eru meðhöndlaðir eins og

**➜ Og á meðan eru réttindi barna og foreldra þeirra ítrekað svívirt með öllu sem því fylgir**

réttindalaust hyski þegar þeir leita réttar síns og barnanna, sem fá heldur engar bætur fyrir eyðilagt líf. Og þótt allt fagfólk viti um þessi réttindabrot lag-anna þá gerir enginn við þau athugasemd.

**Líf lögð í rúst**

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur barn rétt á að búa hjá foreldrum sínum nema slíkt sé hættulegt barninu (8 gr.). Ekkert barn má þola afskipti af fjölskyldulífi sínu, einkalífi né samskiptum (16 gr.). Foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á uppeldi barna sinna og skal ríkið styðja foreldra í að sinna henni (18 gr.). Og ríkinu ber skylda til að vernda börn gegn hvers konar illri meðferð frá hendi foreldra eða annarra aðila (19 gr.).

Skv. 8 gr. Mannréttindasáttmála Evrópu eiga allir rétt á fjölskyldulífi og einkalífi. Og svona skilgreinir Mannréttindadómstóll Evrópu fjölskyldulíf: Þegar börn fæðast tengjast þau blóðfjölskyldu sinni böndum sem ríkið getur ekki rofið. Og skilnaður foreldra barns skal aldrei valda rofum gagnvart blóðböndum þess því ríkið ber til foreldra sinna er ein ríkustu réttindi þeirra. Þrátt fyrir þetta geta sömu réttindabrotin endurtekið sig aftur og aftur á Íslandi í áraraðir og án afleiðinga af nokkru tagi fyrir gerandann. Og á meðan eru réttindi barna og foreldra þeirra ítrekað svívirt með öllu því raski, angist, tímasóun og kostnaði sem því fylgir. Afleiðingarnar eru þær að þúsundir barna eru sviptar tilfinningatengslum við foreldra sína og stórfjölskyldur í boði Barnalaga og ríkisins, sem leyfir að líf þeirra séu lögð í rúst. Enda sýna rannsóknir að mörg börn sem upplifa umgengnisréttarbrot bera þess aldrei bætur og upplifa sálarangist og sálræna sjúkdóma lífið út, sem stundum leiða til sjálfsmorðs.

Hve mörg þúsund íslensk börn skyldu hafa glatað tilfinningatengslum við annað foreldri sitt, ömmur, afa og stórfjölskyldur vegna umgengnisréttarbrota lögheimilisforeldra undir vernd og hvatningu ríkisins? Og hvaða bætur skyldu öll þessi börn og foreldrar þeirra e.t.v. geta krafist vegna þess að ríkið átti beinan þátt í að eyðileggja líf þeirra?

# Bréf til þingheims um öryrkja

SAMFÉLAGSMÁL



Valgeir Matthías Pálsson
öryrki

Sælir kæru fulltrúar þjóðar.

Ég, Valgeir Matthías Pálsson, ákvað upp á mitt einsdæmi að setjast niður og skrifa ykkur örlítinn bréfstúf vegna málefna öryrkja á Íslandi í dag. Vegna hvers, kann einhver af ykkur að spyrja. Það er vegna þess að ég er öryrki sjálfur og hef ég einnig skrifað mikið um málefni öryrkja, m.a. á Facebook og víðar.

Mér hefur fundist sem málefni öryrkja og aldraðra hafi ekki verið mikið upp á pallborðinu hjá stjórnvöldum upp á síðkastið eða réttara sagt á síðustu árum. Mér þykir það miður og ég er afar vonsvikinn vegna þess.

Bætur öryrkja hafa ekkert hækkað að ráði frá árinu 2008 eða 2009. Það er langur tími í ljósi þess að allt hefur hækkað hér á landi. Matur, lyf, eldsneyti og fleiri vörur hafa hækkað mjög mikið á síðustu árum en á meðan hafa bætur Tryggingastofnunar ríkisins staðið í stað eða lækkað. Það er slæmt og það finnst mér sem öryrkja og vel sæmandi manni í þessu þjóðfélagi ekki líðandi. Öryrkjar voru sviknir um hækkanir bóta sem áætlaðar voru að ég held 2009. Það finnst mér slæmt.

Útborgaðar bætur mínar eru í dag 176.500 kr, eftir skatt. Fyrir skatt fæ ég 203.500 kr. Þetta eru alltof lágar bætur. Við lifum á árinu 2012. Þessar bætur væru kannski allt í lagi árið 1995 eða eitthvað í líkingu við það en við lifum bara á öðrum tímum núna. Ég á kannski eftir svona 30-40 þúsund krónur þegar ég hef borgað mína reikninga um hver mánaðamót.

Hjálparstofnanir eru starfandi á Íslandi á árinu 2012, þ.e. Hjálparstarf kirkjunnar, Fjölskylduhjálp Íslands og Mæðrastyrksnefnd. Það er að mínu mati ekki forsvaranlegt að á árinu 2012 séu starfandi svona stofnanir. Þar sem fólk þarf að standa í nístingskulda og trekki til að næla sér í matarpoka. Að þetta skuli viðgangast á þessu ári, árið 2012, að fólk þurfi að bíða eftir ölmusugjöfum, er ekki forsvaranlegt fyrir eins vel stæða þjóð og Íslendingar eru.

**Bæturnar duga ekki fyrir útgjöldum**

Ég get sagt þér það, kæri þingmaður, að ég hef frá árinu 1999 verið á örorkubótum frá Tryggingastofnun. Ég hef oftar en einu sinni reynt að taka mitt eigið líf vegna lágra tekna. Ég hef hreinlega ekki séð fram úr mínum málum. Vegna hvers? Það er vegna þess að bætur mínar duga ekki fyrir útgjöldum yfir heilan mánuð. Það er sárt og dapurlegt að vera á svona lágum tekjum. Ég er ekki í óreglu og mér gengur vel á allflestum sviðum daglegs lífs. Auðvitað glími ég við mín vandamál eins og aðrir. Allir glíma við vandamál. Ég hef samt sigrast á þeim allflestum. Að vera á örorku er slæmt og það drepur hægt og rólega. Upp hafa komið stundir þar sem ég hef ekki séð fram úr stöðunni. Maður finnur sinn tíma og sína stund. Það er bara þannig.

**➜ Öryrkjar voru sviknir um hækkanir bóta sem áætlaðar voru að ég held 2009. Það finnst mér slæmt.**

Öryrkjar geta aldrei leyft sér neitt. Við erum fátæk og lifum við fátæktarmörk. Það er sárt. Mér finnst að það þurfi að fara að gera eitthvað róttækt í okkar málum. Eitthvað verulega róttækt.

Nú fer að ganga í garð tími ljóss og friðar. Ég get sagt ykkur það, kæru þingmenn, að ég fyllist hrolli yfir þeirri tilhugsun að jólin séu að nálgast. Vegna hvers? Það er vegna þess að við öryrkjar getum aldrei leyft okkur eitt eða neitt í kringum svona fallegan og góðan tíma sem jólin eru. Þetta er staðreynd.

Spurningar til ráðherra velferðarmála, Guðbjarts Hannessonar, og annarra þingmanna.

1. Hver eru laun ykkar og fríðindi í krónum talið á mánuði, t.d. matur, bíll, sími, aðstoðarmenn og fleira?

2. Njótið þið fríðinda og launa ævilangt þegar starfstíma ykkar er lokið?

Spurning til formanns Öryrkjabandalags Íslands, Guðmundar Magnússonar.

1. Ætlið þið að fara með málefni öryrkja og Tryggingastofnunar fyrir dómstóla og í neyðartilviki til Mannréttindadómstóls Evrópu?

Takið nú höndum saman, kæru þingmenn, og hjálpið okkur öryrkjum. Við erum líka fólk. Við eigum rétt á því að lifa við mannsæmandi kjör, eiga íverustað í þessu þjóðfélagi og ganga um hér með reisn.

# Snjall sími og smá skilaboð

UMFERÐ



Gísli Níls Einarsson
sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS

Það er einkum þrennt sem truflar ökumenn við aksturinn og er ekki mikill gaumur gefinn en það er þegar þeir taka hendur af stýrinu, líta af veginum og eru ekki með hugann við aksturinn.

Ökumenn taka hendur af stýri til að sötra kaffi eða gos, borða, snyrta sig, tala í síma, senda sms eða vafra um í snjallsíma, stilla útvarpið eða skipta um geisladisk í spilaranum eða fá leið í staðsetningarbúnaði til að kanna hvort þeir séu ekki á réttri leið. Allt eru þetta eru dæmi um hegðun sem skerðir athygli ökumanna við akstur.

Erlendar rannsóknir sýna að það veldur 35 prósenta athyglisskerðingu hjá ökumönnum að tala í síma og það er fjórum sinnum líklegra

**➜ Greinilegt er að að mörgu þarf að hyggja þegar sest er undir stýri.**

að þeir lendi í alvarlegum umferðarslysum. Einnig sýna rannsóknirnar að sama seinkun verður á viðbrögðum ökumanna við akstur hvort sem talað er í síma með handfrjálsum búnað eða ekki. Enn fremur skerðist viðbragðstími ökumanna að meðaltali um 4,3 sekúndur og svo eru þeir 23 sinnum líklegri til að lenda í umferðarslysi við að senda sms undir stýri.

Greinilegt er að að mörgu þarf að hyggja þegar sest er undir stýri. Ert þú með athyglina við aksturinn?

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**OKKAR MENN Í HAVANA**

**Sigurður Guðmundsson og Memfismafían verða með árlega jólatónleika sína í menningarhúsinu Hofi annað kvöld kl. 20.00. Ný plata, Okkar menn í Havana, er að koma út en hún var hljóðrituð á Kúbu. Munu lög af henni hljóma á tónleikunum auk eldri laga.**


wilfa JuiceMaster

ÅRETS SMÅELEKTRISKE 2012

WILFA JUICEMASTER



Endalausir möguleikar

með **JuiceMaster**

Búið til ljúffenga safa úr berjum, kiwi, chillí, salatblöðum, brokkólí og auðvitað appelsínum og tómötum! JuiceMaster er kröftug og hljóðlát safapressa með 150 watta mótor sem gefur hámarks árangur og heldur ferskum öllum næringarefnunum sem eru í grænmetinu og ávöxtunum. JuiceMaster tekur lítið pláss og er mjög einfalt að þrífa á aðeins einni mínútu.



Juicemaster fæst bæði hvít eða stállituð.

Skannið merkið og sjáið mynd um JuiceMaster!

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Á næstunni mun hann heimsækja nokkra af færustu kokkum landsins og fá þá til að elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar heimsækir hann marga af færustu kokkum landsins og fær þá til að elda ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi. Í dag er það matreiðslumaðurinn Björgvin Mýrdal, yfirmatreiðslumeistari á Hótel Búðum sem er gestakokkur. Björgvin er meðlimur í Bocuse d'Or-akademíunni. Árið 2000 varð hann yngsti kokkurinn til að hljóta nafnbótina matreiðslumaður ársins. Hér færir hann okkur uppskrift að ljúffengum kjúklingarétti með kryddsmjöri og sveppasósu. Hægt er að fylgjast með Björgvini elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 20.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**FLOTTIR KOKKAR** Björgvin Mýrdal og Úlfar Finnbjörnsson útbúa girnilegan kjúklingarétt á ÍNN. MYND/GVA

## KJÚKLINGUR

### MEÐ KRYDDSMJÖRI OG SVEPPASÓSU

**KRYDDSMJÖR OG KJÚKLINGUR**

500 g mjúkt smjör
1 búnt ferskar kryddjurtir svo sem steinselja, basil, estragon eða kóríander, allt eftir smekk hvers og eins.
10 hvítlauksgeirar
4 skalottlaukar
2 bollar brauðraspur
Salt og pipar
1 heill kjúklingur

**AÐFERÐ**

Setjið allt nema kjúklinginn í matvinnsluvél og maukið. Setjið kryddsmjörið í sprautupoka, eða notið



skeið, og sprautið undir skinnið á kjúklingabringunum. Setjið kjúklinginn í 200 gráðu heitan ofn og eldið í 45 mínútur. Takið hann þá út og látið hvíla í 10 til 15 mínútur áður en hann er hlutaður niður.

**SVEPPASÓSA**

1 box kjörsveppir, saxaðir
4 hvítlauksgeirar, fínsaxaðir
3 skalottlaukar, fínsaxaðir
1/2 l rjómi
Sveppa- eða kjúklingakraftur, eða hvort tveggja, allt eftir smekk hvers og eins.

**AÐFERÐ**

Steikið grænmetið á pönnu. Bætið rjómanum við og látið malla þar til vökvinn þykknar.
Smakkið til og kryddið með nýmöluðum svörtum pipar. Meðlæti að eigin vali.


tilboð fyrir 2 og fleiri

tilboð 2



og kroppurinn blómstrar

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með plómusósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Kjúklingastrimlar og grænmeti í kókos karrýsósu

3780 krónur fyrir tvo
1890 krónur á mann
Tilboðið er eingöngu fyrir 2 eða fleiri

NINGS

www.nings.is

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899












# RENNT Í RÁÐHÚSINU

*Einstök sýning á munum sem meðlimir Félags trérennismiða á Íslandi hafa smíðað verður opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Karl Helgi Gíslason segir marga fallega muni verða þar til sýnis og því tilvalið að „renna“ við í Ráðhúsinu.*

**NOSTRAÐ** Karl Helgi Gíslason segir margt fallegra muna verða í Ráðhúsinu um helgina. MYND/STEFAN

Á sýningunni verður úrval muna til sýnis og sölu eftir 24 trérennismiði, sem allir eru meðlimir í Félagi trérennismiða. „Smiðirnir eru með mismunandi reynslu og bakgrunn og þar af leiðandi eru gripirnir flestir mjög ólíkir; skúlptúrar, skálar, kertastjakar og fleira. Það er tilvalið fyrir fólk að renna við í Ráðhúsinu um helgina og líta munina augum,“ segir Karl Helgi Gíslason, sýningarstjóri og meðlimur í Félagi trérennismiða á Íslandi.

Karl Helgi var dreginn inn í rennismíðina fyrir algjöra tilviljun. „Félagi minn ætlaði að hefja nám í trérennismíði hjá kennara sem sagðist ekki taka nema að minnsta kosti tvo nemendur í einu. Ég sló til og varð nemandi númer tvö, og er enn að baksa við þetta.“

Seinna stofnaði Karl Félag trérennismiða á Íslandi. „Við vorum nokkrir sem stofnuðum félagið fyrir átján árum sem hefur undið töluvert upp á sig og meðlimir orðnir um 250. Yfir vetrarmánuðina hittumst við einu sinni í mánuði í smíðadeild Fjölbrautaskóla Breiðholts. Þá er vanalega einhver sem flytur erindi og smá sýnikennslu. Einnig er skipst á ráðum og kunnáttunni miðlað meðal manna. Þar sem þetta er áhugafélag eru allir velkomnir, vilji þeir spreyta sig á trérennismíðinni.“

Í Hafnarfirði er félagið með húsnæði, tæki og tól fyrir félagsmenn. „Við leigjum aðstöðu í Dalshrauni með einum rennibekk. Þangað geta meðlimir leitað séu þeir ekki með aðstöðu heima hjá sér.“

Sýningin í Ráðhúsinu verður opnuð í dag klukkan 16. Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, betur þekktur sem Goddur, mun sjá um að opna sýninguna. Hún mun standa yfir til sunnudagsins 2. desember. „Sé fólk áhugasamt um það hvað sé hægt að smíða í rennibekk ætti það að líta við. Þarna verður margt fallegt að sjá. Einnig er hægt að fara á heimasíðu félagsins www.trerennismidi.is og kynna sér starfsemi þess nánar.“

■ **vidir@365.is**

# JÓLAÞORPIÐ TÍU ÁRA

*Jólaþorpið í Hafnarfirði opnar í tíunda sinn á morgun kl. 14.00 en það var sett upp í fyrsta skiptið fyrir jólin 2003.*

Undanfarna daga hafa börn úr leikskólum bæjarins skreytt jólatrén í þorpinu með fallegum hlutum sem þau hafa sjálf búið til. Leikskólabörn hafa alltaf haft það hlutverk að skreyta jólaþorpið.

Fjölbreytt dagskrá verður á sviðinu í jólaþorpinu á morgun. Meðal annars sýnir Leikfélag Hafnarfjarðar atriði úr Jólasveinavísum eftir Jóhannes úr Kötlum og sýningarhópur úr Listdansskóla Hafnarfjarðar sýnir verkið Jólaknús. Kveikt verður á jólatrénu kl. 16.45 en þá verða jólasveinar á sveimi ásamt móður sinni, Grýlu.

Jólaþorpið er á Thorsplani, í miðbæ Hafnarfjarðar, og er ómissandi þáttur í jólahátíð Hafnfirðinga og annarra landsmanna.

Þorpið samanstendur af fagurlega skreyttum jólahúsum þar sem boðið er upp á handverk, hönnun, heimabakaðar kökur, heimagerð jólakort, konfekt, sultur og annað góðgæti, handmáluð kerti, jólakúlur, myndlist, skartgripi og að sjálfsögðu kakó og bakkelsi.



**JÓLIN NÁLGAST** Jólasveinar og Grýla koma í jólaþorpið á morgun þegar ljósin á jólatrénu verða tendruð.

Jólaþorpið er opið allar helgar til jóla frá 13-18, auk þess verður opið til 22.00 á Þorláksmessu en þá verða hugljúfir jólatónleikar um kvöldið.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

23. NÓVEMBER 2012

# Lífið

GLÆSILEIKINN ALLS-RÁÐANDI Í HÖRPU

GUÐRÚN TINNA ÓLAFS-DÓTTIR HEIMSÓTT

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR ÞÓRUNNAR LÁR



## SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR UM ÁSTINA, VELGENGNINA OG BARÁTTUNA.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Það var margt um manninn þegar ATMO var opnað á Laugavegi 91 í vikunni. Hönnuðurinn Sigga Heimis lét sjá sig, sömuleiðis Ígló-eigendurnir Tinna og Helga Ólafsdætur. Glæsikonurnar Soffía Steingrímsdóttir



og **Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir** voru einnig á meðal gesta. Lét þá athafnamaðurinn Bolli sjá sig en hann er eigandi hússins. **Gísli Marteinn**, Jakob Frímann og Sara



María Júlíudóttir heilsuðu einnig upp á staðinn og síðast en ekki síst Ólafur Ragnar Grímsson og **Dorrit Moussaieff** forsetafrú.





Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Klæðnaður Sollu: Aftur Förðun: Erla Hlín

# GLÆSILEIKINN ALLSRÁÐANDI

Nýjar snyrti- og heilsuvörur úr íslenska þorskinum, Zopure og Coddoc, gáfu tóninn í Hörpu í vikunni þegar Fílharmóníuhljómsveit Berlínar hélt glæsilega tónleika. Gestir mættu prúðbúnir til leiks.



Reynir Jónasson og Agnes Löve.



Sarah Willis, hornleikari í Fílharmóníuhljómsveit Berlínar, tók við sérstakri gjöf sem Magdalena Dubik, sölustjóri Zopure, afhenti henni.



Dagur B. Eggerts og Jóhanna Sigurðardóttir voru hress.



Jónas R. Jónsson og Lilja Magnúsdóttir.

› Sjá fleiri myndir á visir.is/lifid

MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR



Nilli mætti með mömmu sinni.



Lovísa Sigurðardóttir og dætur hennar Þórdís og Edda Arnljótsdætur.



Hjónin Lilja Magnúsdóttir og Gunnar Steinn Pálsson ásamt Helgu Thors, markaðsstjóra Hörpu.

SOHO MARKET

Peysudagar



SOHO MARKET

Grensásvegur 8, sími 553 7300
Opið mán-fim 12–18, fös 12–19, lau 12–17

# ÞÓRUNN ÞENUR RADDBÖNDIN

Leik- og söngkonan Þórunn Lárusdóttir hélt útgáfutónleika á miðvikudagskvöldið þar sem hún kynnti nýja diskinn sinn. Hann inniheldur sígild lög, sum hver mjög þekkt, eins og „Afmælisdiktur“, „Ágústkvöld“ og „Vegir liggja til allra átta“.



Gunnhildur Stefánsdóttir, Þórunn og Linda Ásgeirsdóttir.



Ingibjörg Lárusdóttir og Þóra Lind.

MYNDIR/ESTER MAGNÚSDÓTTIR



Hljóðfæraleikarar með Þórunni eru Kjartan Valdemarsson píanóleikari, Gunnar Hrafnsson bassaleikari og Jóhann Hjörleifsson trommuleikari.


JÓLALEGT
Í THE PIER
VIKUTILBOÐ Áður 199.900
BIG STAY
169.900
8.990
LJÓSAKRÓNUR
ALLT FYRIR AÐVENTUNA
VERÐ FRÁ
29.900
SNYRTIBORÐ
-30%
PLASTDÚKAR,
LÖBERAR OG DISKAMOTTUR
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



# GUÐRÚN TINNA HEIMSÓTT



Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Ígló, býr ásamt eiginmanni sínum og fimm börnum þeirra í fallegu raðhúsi á Seltjarnarnesi. Í Heimsókn annað kvöld á Stöð 2 bankar Sindri Sindrason upp á hjá fjölskyldunni en þátturinn er í opinni dagskrá strax að loknum fréttum.



Karl Pétur Jónsson, Guðrún Tinna Ólafsdóttir og tvíburarnir þeirra Grímur Fannar og Fanney Petra.



Hlýleikinn er allsráðandi.



Birtan er falleg í húsinu.



Heimilið er fullt af fallegum verkum sem aðallega eru eftir yngstu fjölskyldumeðlimina.


NATUFOOD

- Bætiefni í fæðuformi



Hveitikím

*Ein næringarríkasta fæðutegund sem fyrirfinnst.*

Einstaklega ríkt af próteini (27g í 100g), járni, E og B1 vítamíni. Gott í músli, jógúrt, bakstur og þeytinginn.

Blómafrjókorn (ofurfæða)

*Innihalda nánast öll vítamínin og steinefnin, einnig fitusýrur, amínósýrur, prótein (40%) og kolvetni.*

Orkugefandi og einnig góð til að varna sýkingum því þau innihalda ríkulegt magn propolis. Góð út á jógúrt, í músíl, þeytinginn og til inntöku (1-2 tsk.).

Hveitikímolía – Hörfræolía – Omega 3-6-9

*Auðugar af lífsnauðsynlegum fitusýrum.*

Góðar fyrir húð, hár, heila, hjarta- og æðakerfi. Til inntöku, í þeytinginn og grautinn.


## Dagur í lífi Heiðu Kristínar Helgadóttur

**stjórnarformanns Bjartrar framtíðar.**



**Það fallega við mitt starf er að það eru engir tveir dagar eins og þess vegna tek ég stikkprufu af föstudeginum 23. nóvember.**

**08.00** Dagurinn byrjar snemma með morgunkaffi í Vesturbæjarskóla þar sem sonur minn Benedikt er í öðrum bekk. Strákarnir mínir búa bæði hjá mér og pabba sínum og þessa vikuna eru þeir ekki hjá mér þannig að ég hlakka til að sjá Bensa minn á föstudagsmorgun.

**10.00** Eftir það kem ég mér niður í Ráðhús á fund með vinum mínum í Besta. Þetta er fastur punktur í vikunni sem er mjög mikilvægur fyrir okkar hóp því við erum dreifð um alla borg.

**11.00** En það gengur ekkert hangs í dag því næst tekur við fundur með Oddnýju Sturludóttur, sem er með mér í gjaldskrárhóp Reykjavíkurborgar, og við þurfum aðeins að fara yfir nokkur æsandi mál fyrir fjárhagsáætlun.

**12.00** Í hádeginu á föstudögum er vanalega framkvæmdastjórnarfundur hjá Bjartri framtíð. Það er mjög margt spennandi að gerast þessa dagana. Við höfum verið að vinna að þessu verkefni síðan síðasta haust og nú líður senn að því að fleiri og fleiri hlutir í tengslum við Bjarta fari að koma í ljós. Þetta er mjög krefjandi verkefni sem kallar á mikla athygli og vandvirkni, en ég vinn það með mjög skemmtilegu fólki sem leggur sig allt fram svo þetta takist vel og fallega.

**13.00** Svo ætla ég að reyna að hitta Árna vin minn aðeins og taka stöðuna. Mér finnst mjög mikilvægt að hitta vini mína því annars er ég hrædd um að ég breytist í brúnaþungan leiðindapúka sem talar bara um alvarleg mál, sveiflandi skjölum máli mínu til stuðnings.

**14.00** Þá fer ég á fund á Höfðatorgi með Björk Vilhelmsdóttur, velferðardrottningu í Reykjavík. Ég er nefnilega varaformaður í velferðarráði og þennan tíma notum við Björk til að stilla saman strengi ásamt yfirstjórn á velferðarsviði – fara yfir það sem er fram undan, enda engin vöntun á krefjandi og áhugaverðum verkefnum þar.

**15.00** Eftir það mun ég renna aftur niður í Ráðhús og sjá hvort Björn og Jón séu ekki farnir að sakna mín, sem er oftast raunin.

**17.00** Svo þarf ég að fara drífa mig heim, því sem Bandaríkjamaður hef ég tekið frá kvöldið til að halda þakkargjörðarhátíð. Við Oddur, kærastinn minn, ætlum að leiða saman Snorra bróður minn og Davíð bróður hans, enda erum við bæði mjög þakklát fyrir þá og þeir skiljanlega mjög þakklátir fyrir okkur. Ég hef mjög gaman af að elda og ætla að taka Mörthu Stewart á þetta og skella í kalkún (mögulega kalkúnabringur vegna tímaleysis, en stöffingið verður auðvitað útbúið deginum áður ef einhver var að hafa áhyggjur af því).




Farmers Market
ICELAND

WWW.FARMERSMARKET.IS

# BLESSUÐ AÐ FÁ AÐ BERA BOÐSKAPINN

FULLT NAFN: Sólveig Eiríksdóttir
MAKI? Elías Guðmundsson
ALDUR? 52 ára
BÖRN? Tvær dætur: Hildur og Júlía + ein fósturdóttir, Aþena
BARNABÖRN? Einn ömmustrákur, Ágúst

UPPÁHALDS:
MATUR? Kelpnúðlur með heimagerðu kryddjurtapestói
DRYKKUR? Grænn djús
HREYFING? Jóga
DEKUR? Nudd
VEITINGASTAÐUR ERLENDIS? Café Gratitude
VEFSÍÐA? http://kriscarr.com/
TÍMARIT? Alt for damerne



Það er óhætt að segja að Solla græna, eins og við þekkjum hana flest, standi undir nafni enda búin að kenna okkur Íslendingum að borða græna, holla og hamingjuríka fæðu undanfarin ár með því að elda ofan í landann á farsælum veitingastöðum sínum, deila fróðleik, upplýsingum og uppskriftum. Lífið hitti Sólveigu Eiríksdóttur, eiganda Gló og matargúrú, og ræddi um hollustuna, ástríðuna, aldursmuninn í sambandinu og umfram allt glæsilega eftirréttabók sem hún var að gefa út.

**Til hamingju með fallegu eftirréttabókina þína – ég veit þú ert afar stolt enda er hún einstaklega vel heppnuð. Er þessi bók fyrir alla eða bara þá sem hafa tileinkað sér hráfæðismatargerð?**
Þessi bók er fyrir alla. Í henni leitast ég við að kenna fólki að matreiða einfalda, fljótlega og bragðgóða eftirrétti með hráfæðismatreiðsluaðferðinni. Hér hef ég valið uppskriftir sem hafa fengið góðar móttökur hjá bæði gourmet kjötætum og hráfæðisspírum.

> Mig langar til að sjá að árið 2013 verði árið þar sem ákveðið er að hverjum einasta skóla og leikskóla verði gert kleift að elda allan mat úr góðu hráefni alveg frá grunni.


## Jólasagan þín

Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna.

Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.

Samkeppnin er öllum opin.

Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð en að öðru leyti eru efnistök frjáls. Sögur skal senda á netfangið jolasaga@frettabladid.is.

Skilafrestur er til 5. desember.

Fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba.

Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjaldtölvur af gerðinni United.

Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.

tl.is TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ


**Þú hefur vægast sagt verið farsæl í þínu fagi – hvenær hófst þetta ævintýri allt saman og áhugi þinn á hollri fæðu?**
Ég er svo heppin að alast upp hjá foreldrum sem lögðu mikla áherslu á að gefa okkur hollan og góðan mat. Þau notuðu gott hráefni og höfðu salat með hverri máltíð svo ég vandist frá upphafi á að borða mikið grænmeti. Ég flutti ung til útlanda og gerðist grænmetisæta 19 ára samkvæmt ráðleggingum náttúrulæknis út af miklu matarofnæmi. Ég lærði aldrei að elda „venjulegan eða hefðbundinn“ mat, heldur lærði ég að sjóða baunir og búa til mitt eigið tófú á meðan vinkonur mínar á Íslandi voru að steikja kjötfars, sjóða bjúgu og læra að búa til uppstúf. Ég hef alltaf haft mikla sköpunarþörf sem ég fékk útrás fyrir í eldhúsinu.

**Nú er líklega óhætt að segja að þú hafir verið aðeins á undan þínum samtíma, hvað telur þú þig eiga mikinn þátt í breyttu matarræði Íslendinga og þankagangi þeirra?**
Sko, amma Solla var á undan sínum samtíma þegar hún borðaði hráfæði í Kaupmannahöfn 1916 og foreldrar mínir voru á undan sínum samtíma með því að rækta lífrænt grænmeti og ala okkur upp á hollum og góðum mat. Ég er innblásin af þeim og erfði þeirra ástríðu og trú á heilbrigt og gott mataræði sem er búið til úr hráefni sem er ræktað í sátt við náttúruna.



Ég hef verið blessuð að fá að bera þennan boðskap áfram.

**Finnst þér þú hafa náð tilsettum árangri í þeim efnum eða á þjóðin enn langt í land?**
Mér finnst fólk almennt orðið mjög meðvitað um að tengja saman gott mataræði og reglubundna hreyfingu sem gefur okkur heilbrigði. Og við erum að mörgu leyti mjög framarlega með gott aðgengi að góðu hráefni og frábærum veitingastöðum. Við Íslendingar eigum mjög mikið af frábæru fólki, flottum fyrirmyndum sem eru hvetjandi og duglegar við að stuðla að auknu heilbrigði þjóðarinnar.

**Börnin okkar og fæðan þeirra, ertu sátt við matinn sem skólakerfið býður upp á?**
Mér finnst mataræði barna mjög mikilvægt og að þau fái sem bestan grunn strax frá byrjun. Það eru til bæði leikskólar og skólar sem sýna okkur að það er hægt að elda góðan mat frá grunni úr góðu hráefni, eins og Hjallastefnan, Waldorf-skólarnir og fleiri. Ég veit að þetta er hægt. Ég veit líka að starfsfólkið í leikskóla og skólamötuneytum er allt af vilja gert. Það þarf að breyta stefnu yfirvalda. Mig langar til að sjá að árið 2013 verði árið þar sem ákveðið er að hverjum einasta skóla og leikskóla verði gert kleift að elda allan mat úr góðu hráefni alveg frá grunni.

**Hvað getum við gert til að bæta okkur enn frekar?**
Verið góðar fyrirmyndir og byrjað heima hjá okkur. Eins og Gandhi sagði svo réttilega: Be the change.

**Gló hefur slegið rækilega í gegn, hver er galdurinn?**
Það var mjög gott að taka nokkurra ára hlé frá veitingarekstri og vera heima í eldhúsi að gera tilraunir og búa til alveg endalaust af nýjum uppskriftum. Þó svo að ég hafi ekki ætlað mér aftur út í veitingarekstur

# ÁFRAM



MYND/VALLI

þá var eins og undirmeðvitundin hafi verið byrjuð að plotta. Það ásamt tíu ára reynslu í að reka gamla veitingastaðinn minn var alveg frábært veganesti þegar við opnuðum Gló. Leyndarmálið okkar á Gló er að freistast aldrei til að nota annað en fyrsta flokks hráefni og krydda matinn með nóg af ást.

**En lífið snýst um fleira en matinn, þú átt góðan mann, Elías Guðmundsson, sem er með þér í einu og öllu. Viltu segja okkur aðeins frá því þegar þið kynntust eða hvað það var sem dró ykkur saman?**

Við kynntumst í svetti uppi í Elliðaárdal. Ég var ekki á leiðinni í samband, og þó að svo hefði verið þá var það allavega ekki með manni sem var meira en áratug yngri en ég. Við vorum hópur fólks sem hélt hópinn og svettaði saman, við fórum á jóganámskeið, vorum dugleg að borða saman og ýmislegt fleira. Við vorum mörg einhleyp og þarna kynntumst við Elli og urðum góðir vinir áður en við byrjuðum saman.

**Fannst þér aldursmunurinn eitthvað mál í byrjun?**

Mér fannst aldursmunurinn alveg slatta mál í byrjun þó svo að ég hafi ekki viljað viðurkenna það. En aldur er svo afstæður og fljótlega hætti ég að spá í þetta. Ég var samt reglulega minnt á aldursmuninn af öðru fólki sem horfði á tölurnar og var að velta þessu fyrir sér.

Framhald á síðu 8



**Solla um Dorrit:** Ég hef ekki hitt marga Íslendinga sem bera hag okkar jafn mikið fyrir brjósti og hún.


GÓMSÆTT OG HOLLT

SOLLA EIRÍKS
→ besti hráfæðiskokkur í heimi
að dómi *www.bestofrawfoods.com.*







*Eftirréttir Sollu* er einstök sælkerabók sem geymir fjölmargar uppskriftir að gómsætum og hollum freistingum. Kökur, bökur, konfekt, ís og margt annað ótrúlega girnilegt.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is







www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



MEZINA
ROSEBERRY
Öflugt gegn blöðrubólgu
Virkar innan 24 tíma
2-3 töflur fyrir svefn




Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is



Dorrit er alveg einstök manneskja, bæði mjög skemmtileg og klár.




Framhald af síðu 7

**Hvað gerið þið til að rækta sambandið ykkar þegar þið eruð ekki að vinna saman?**
Við erum dugleg að kúpla okkur frá og fara upp í bústað og erum heppin að vera mjög góðir vinir auk þess að vera par. Svo passa ég að rækta vinkonur mínar og hann vini sína. Þá verðum við ríkari og fullnægðari einstaklingar og eigum meira að gefa hvort öðru þegar við erum saman.

**Stundar þú einhvers konar líkamsrækt, hugleiðslu, útivist til að hreinsa hugann og halda þér við?**
Ég fer með dóttur minni og vinkonum í ræktina þrisvar í viku. Það er mjög skemmtilegt og hvetjandi að vera nokkrar saman að sprikla. Ég fór á mitt fyrsta hugleiðslunámskeið tuttugu ára gömul og hef hugleitt allar götur síðan. Ég stend á haus á hverjum degi og svo er nauðsynlegt fyrir mig að anda ferska íslenska loftinu að mér og leyfa vindinum að blása um ljósa kollinn minn. Ég vildi gera miklu meira af því, stundum er eina útiveran að hlaupa á milli húsa eða út í bíl. Ég þarf líka að rækta andann og á hverjum degi les ég nokkrar blaðsíður sem hjálpa mér að verða betri í dag en í gær.

**Þið Dorrit hafið átt í nánu samstarfi, hversu mikilvægt teluröu það fyrir þjóðina að eiga jafn virka og duglega forsetafrú eins og hún virðist vera?**
Dorrit er alveg einstök manneskja, bæði mjög skemmtileg og klár. Mér finnst hún alveg frábær blanda af manneskju, bæði hispurslaus og heiðarleg á sama tíma og hún er mjög kærleiksrík og ég hef ekki hitt marga Íslendinga sem bera hag okkar jafn mikið fyrir brjósti og hún.



> **Ég var samt reglulega minnt á aldursmuninn af öðru fólki sem horfði á tölurnar og var að velta þessu fyrir sér.**

**Hvar sérðu þig eftir tíu ár?**
Eftir tíu ár verð ég í hálfu starfi sem matráðskona á leikskóla, skrifa matreiðslubækur, rækta lífrænt grænkál á svölunum mínum og nýt þess að vera amma sem spilar fótbolta við „Ágútt“ og félaga.

**Eitthvað að lokum?**
Láttu matinn vera meðalið þitt OG meðalið vera matinn þinn. - Hippókrates









# 20% afsláttur

af **öllum** vörum dagana **23 - 25 nóv...**

**Opið alla helgina, fös 11-18:30, lau 11-18, sun 13-17**

eva









**DKNY | BY MALENE BIRGER | GERARD DAREL | BRUUNS BAZAAR | UGG | BILLI BI | KRISTENSEN DU NORD | FRENCH CONNECTION**

**VENT COUVERT | STRATEGIA | FREE LANCE | PLEASE | SAMSOE SAMSOE | COMME des GARÇONS**

eva | **Laugavegi 26 | s. 512 1715 | ntc.is | verslunin eva á facebook**

## Fató - markaður í kjallara evu

## 50-60% afsl. af öllum vörum

# FELLA TRÉ OG FARA Í BÚSTAÐ Á AÐVENTUNNI

**Þórunn Högnadóttir, ritstjóri veftímaritsins Nude Home, er ekki bara upptekin við að skreyta fyrir blaðið sitt heldur er hún nánast búin að öllu fyrir jólin heima fyrir. Lífið leit inn á fallega heimilið hennar og forvitnaðist um nýjasta aðventukransinn sem hún var að leggja lokahönd á.**

**Hvenær hefst jólaundirbúningurinn á þínu heimili?** Hann byrjar yfirleitt frekar snemma hjá mér eða í kringum miðjan október, en þá er komið smá jóla hér og þar. Vegna vinnu minnar koma jólin nokkuð snemma, en mér finnst það bara gaman.

**Ertu kannski búin að öllu?** Já, ég er langt komin með jólaundirbúninginn, það er nánast allt húsið komið í jólafötin, jólakortin eru klár, mig vantar bara nokkrar jólagjafir upp á. En svo geymi ég alltaf smá skraut þangað til fyrsta í aðventu og svo skreytum við jólatréð viku fyrir jól.

**Eru einhverjar sérstakar jólahefðir sem þið hafið tileinkað ykkur og sinnið á hverju ári?** Það eru nokkrar jólahefðir hjá okkur. Við höfum til dæmis farið síðastliðin fimm ár austur að Geysi í Haukadal með fjölskyldunni á jólahlaðborðið og verið í bústað í nokkra daga, svo er toppurinn þegar við förum í Haukadalsskóg og fellum jólatréð okkar. Svo má ekki gleyma jólatónleikunum hjá Frostrósum sem ég missi aldrei af í desember.

**Hvað eldið þið í jólamatinn?** Hún móðir mín sér alveg um jólamatinn, aspassúpa í forrétt, hamborgarhryggur í aðalrétt og ananasfrómas í eftirrétt, þetta klikkar aldrei.



„Ég geymi alltaf smá skraut þangað til fyrsta í aðventu og svo skreytum við jólatréð viku fyrir jól.“

**Uppáhaldsjólalagið þitt?** Þau eru nokkur, en ég held mikið upp á „Ó helga nótt“ með Agli Ólafs.

**Hvaða þema er í skreytingunum hjá þér í ár?** Náttúrulegir litir með greni og könglum, hvít kerti og svo er ég alveg veik fyrir hreindýrum.

**Segðu okkur aðeins frá kransinum?** Hann er hlýlegur en samt töff, mér finnst gaman að prófa eitthvað nýtt þegar kemur að aðventukrönsum. Ég varð alveg heilluð af þessum litlu glerkúplum sem ég sá í ILVA, en þeir gera kransinn pínu öðruvísi.

> „Ég er alveg veik fyrir hreindýrum.“

**Hvaða hráefni notar þú í hann?** Stóran gráan sink-bakka, fjóra litla glerkúpla, fjóra sandlitaða kertastjaka í tveimur stærðum (TIGER), fjögur hvít kerti, fullt af könglum, fjögur sink-merkispjöld frá Púkó&smart, svarta tölustafi, tujugreni, brúnt leðurband og æðislegu hreindýrin frá House Doctor sem setja punktinn yfir i-ið.



„Ég varð alveg heilluð af þessum litlu glerkúplum sem ég sá í ILVA, en þeir gera kransinn pínu öðruvísi.“



E-LABEL



E-Label kynnir með stolti haust 2012 línu sína hannaða af nýju hönnunarteymi skipað nokkrum af mest spennandi fatahönnuðum landsins.

Línan er seld í verslun okkar á Laugavegi 32 og í Topshop í Kringlunni og Topshop í Smáralind.

E-Label / evalín / Laugavegi 32 /sími 5713811

FJÖRUGT SPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

# Hlæðu af þér hausinn um jólin




**Eftir höfunda Fimbulfambs**

**SKRÍPÓ INNIHELDUR 150 FRÁBÆRAR TEIKNINGAR EFTIR**

HUGLEIK DAGSSON,
HALLDÓR BALDURSSON,
LÓU HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTUR
OG SIGMÚND

Skemmtilegustu skopmyndateiknarar landsins leggja til teikningarnar – og þú semur brandarann. Þannig er SKRÍPÓ, hrikalega fyndið nýtt íslenskt spil sem fjölskyldan mun liggja í hláturskasti yfir.

**Í SKRÍPÓ eru jafnvel fáránlegustu myndatextarnir sprenghlægilegir ...**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# RIKKA VELUR AÐEINS ÞÁ BESTU

Í kvöld hefur raunveruleikaþátturinn MasterChef Ísland göngu sína á Stöð 2. Í þættinum reyna áhugakokkar að heilla dómaratríóið sem er ekki af lakara taginu. Dómnefnd skipa **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** sjónvarpskokkur, **Eyþór Rúnarsson**, yfirmatreiðslumaður á Nauthól, og **Ólafur Örn Ólafsson**, yfirþjónn á Hótel Marina. Það kemur áhorfendum örugglega mikið á óvart hve kröfuharðir dómararnir eru og sætta sig aðeins við það besta.

Í fyrsta þættinum, sem sýndur er í kvöld, er fylgst með áheyrnarprufunum þar sem keppendur hafa nauman tíma til að töfra fram girnilega og bragðgóða rétti. Þeir bestu úr áheyrnarprufunum komast síðan áfram í svokallað „Boot Camp“, eða herbúðir, þar sem þeir spreyta sig á ýmsum matreiðsluþrautum. Úr þessum krefjandi búðum komast átta áfram í MasterChef-eldhúsið, stærsta eldhús sem búið hefur verið til í sjónvarpi á Íslandi og er það útbúið fyrsta flokks tækjum og tólum frá Heimilistækjum. Í lokin stendur einn uppi sem sigurvegari og verður krýndur fyrsti meistarakokkur Íslands.



## Helgar-MATURINN



**Andrea Sóleyjar & Björgvinsdóttir, þriggja stúlkna móðir, meistaranemi í menningarstjórnun, flugfreyja, verkefnastýra hjá WOW air og höfundur Bókarinnar okkar.**

„Uppskrift að súpunni hennar mömmu og brauðinu hans pabba er það fyrsta sem mér dettur í hug þegar ég hugsa um mat. Mamma er snilldarkokkur og pabbi sérlega liðtækur í brauðbakstrinum. Við dætur mínar erum alveg sólgnar í þessa dásamlegu tvennu og ekki skemmir fyrir að geta notið hennar í sveitinni hjá þeim í Tungu.“

### Súpan góða

**fyrir 4-6**

Einn mexíkó-, tveir papriku- og tveir piparostar bræddir vel saman í örlitlu vatni.
500 g gourmet-hakk steikt á pönnu með tveimur teningum af kjötkrafti og einum hreinum.
Tveir laukar og tvær rósrauðar paprikur steiktar létt saman og blandað við hakkið.
Fullt af rjóma bætt við ásamt einni teskeið af paprikukryddi og dós af Ora maísbaunum.
Allt hrært varlega saman í stórum potti.

### Brauðið ómissandi

Fjórum teskeiðum af geri er blandað vel saman við 6 dl af volgu vatni.
Einum dl af ólífuolíu og tveimur teskeiðum af salti er bætt út og hveiti hrært saman við þar til deigið er hnoðhæft.
Skipt í fjóra hluta og látið hefa sig um stund, um 20-30 mínútur. Dansið gjarnan á meðan.
Deigið flatt út, rifnum osti og hvítlauksolíu makað innan í.
Herlegheitum rúllað saman og penslað með mjólk. Virkilega gott að strá osti, basil og Saltverkssalti ofan á. Lengjurnar látnar hefast hæð sína í um 5 mínútur og bakaðar í ofni þar til þær eru feitar og fínar.





ÍSLENSK HÖNNUN



Í áraraðir hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Við ráðleggjum fólki að hafa tvær dýnur í öllum hjónarúmum og tengja dýnurnar saman með rennilásum. Mismunandi stífleika er hægt að velja allt eftir þyngd þeirra sem á dýnunum hvíla. Þú velur rétta hæð á rúmið þitt og stígur létt framúr. Mikið úrval af öllum tegundum rúma.

Hafið samband við sölumenn okkar fyrir frekari upplýsingar.

Betri Stofan







RB RÚM

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 8 - 18 OG Á LAUGARDÖGUM FRÁ 10 - 14

RB RÚM | DALSHRAUN 8 | 220 HAFNARFIRÐI | WWW.RBRUM.IS | SÍMI 555 0397

## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



MMC Pajero int.turbo diesel/langur „33. Árgerð 1998, ekinn 268 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 599.000. Rnr.104227.NOKRIR BÍLAR Á TILBOÐI SJÁ Á BBV.IS

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf



**TILBOÐ 1.890.000.-**
JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4.Árgerð 2005,ekinn 99.þ km,bensín,sjálfskiptur,er á staðnum. Verð áður 2.480.000.- Tilboð 1.890.000.- Rnr.113647.Sími:562-1717.



SKODA SUPERB AMBITION. Árgerð 2004,ekinn 123.þ km, bensín,sjálfskiptur,er á staðnum.Verð áður1.490.000.- Tilboð 1.270.000.- Rnr.125500.Sími:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthåls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16.**
**www.bilalif.is**

bilfang.is
S. 567 2000



Ford Transit 350 trend Árgerð 2010. Ekinn 55þús. Verð 4.290.00 m/vsk.



Ford Transit 300 Trend Tourneo 9/2010 ekinn 85 þ km verð 3.390. með vsk

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



NISSAN Qashqai. Árgerð 2008, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.110256. VERÐ NÚ kr: 2.990.000,-



MMC Pajero did. Árgerð 2004, ekinn 147 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.180008. VERÐ NÚ kr: 2.390.000,-



MMC Colt 1.5 a/t. Árgerð 2006, ekinn 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.1110504.



MERCEDES BENZ E 200 kompressor komp (042). Árgerð 2005, ekinn 61 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.100317. Flott eintak. VERÐ NÚ kr: 2.990.000,-



HYUNDAI I 10 gl. Árgerð 2011, ekinn 52 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.450.000. Rnr.110250. VERÐ NÚ kr: 1.290.000,-



HYUNDAI Getz gls. Árgerð 2008, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.140283.



FORD Focus c-max. Árgerð 2006, ekinn 100 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.110304. VERÐ NÚ kr: 980.000,-



FORD Escape limited 4x4 4dr. Árgerð 2007, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.100130. VERÐ NÚ kr: 1.490.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**LÍTIÐ EKINN**
**100% LÁN Í BOÐI**
RENAULT Megane sport tourer. Árgerð 2007, ekinn aðeins 63 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000.100 % lán í boði Rnr.135498.



**LÍTIÐ EKINN**
**100 % LÁN Í BOÐI**
PEUGEOT 407 stw auto. Árgerð 2007, ekinn 44 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.980.000. Rnr.220791.



**KLÁR Í VETURINN**
NISSAN Patrol gr 35" auto. Árgerð 2006, ekinn 108 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.230009.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

HÖFÐAHÖLLIN



LAND ROVER DISCOVERY BASE 38" breyttur 05/1997, mikið yfirfarinn í góðu standi, dísel, 5 gíra. Verð 1.290.000. TILBOÐ 1milla staðgreitt! Raðnr. 282536 - Jeppinn er á staðnum en langar norður!



TILBOÐSVERÐ - LEXUS IS200 LIMITED 04/2004, ekinn aðeins 72 Þ.km, sjálfskiptur, leður. Verð 1.990.000 Staðgreitt aðeins 1.390.000. Raðnr. 250359 - Bíllinn er í salnum!



BMW 325XI S/D E90 06/2007, ekinn 69 Þ.km, 4wd, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 3.790.000. Raðnr. 310065 - Bíllinn er í salnum!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

STÓRA BÍLASALAN



Land Rover Discovery HSE G4 Dísel Árgerð 2007, ekinn 117þ.km, ssk. Einn með öllu! Flott eintak sem er á staðnum! Verð 6.390.000kr. Raðnúmer 153849. Sjá nánar á www.stora.is



Toyota Hilux DC Dísel Árgerð 2004, ekinn 217þ.km, bsk, pallhús. Mjög gott eintak sem er á staðnum! Verð 1.590.000kr. Raðnúmer 132956. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bílasala 100bilar.is



JAGUAR XKR COUPE . Árg 4/2008, ek 10 Þ.KM, 420hö, Sá flottasti, Ein með öllu, Fluttur inn nýr, Ásett verð 12.500.000. Rnr.114909. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



MMC MONTERO LTD 4WD. Árg 2004, ekinn 145 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, 7manna leður, lúga, samlitur, heilsársdekk, Ný tímareim , nýtt í bremsum framan. Ásett verð 2.250þ TILBOÐ 1.690þ áhvl. 1300þ afb. 55þ Rnr.154149.



SUBARU FORESTER 4WD . Árg 1999, ek 217 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, kúla , heilsársdekk. Ásett verð 499þ TILBOÐ 390þ. Möguleiki á 100% VISA rað láni í allt að 36mánuði Rnr.123533.

**Höfðabílar**
**Fosshåls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu



**TILBOÐSVERÐ 1390 ÞÚS**
Mini Cooper nýskráður 12.06. Sjálfsk. glertopl. leður. Ek. 78 þm. S:892 8960.



**ÚTSALA, SPARNEYTNIR !!**
Corolla ,96. 5d, 5g. Topp eint. V. 210 þ. Nissan Almera ,00. 5g. Ástand mjög gott. V. 210 þ. S. 844 6609.



**GLÆSILEGUR BÍLL !!!**
Hyundai i30 1,6 árg. 2008 Ekinn 70 þ km, Sjálfskipting Vetrardekk á 17" álfelgum Sumardekk á 18" álfelgum Verð 1.780.000 uppl. í síma 6958464 eða drifaatladóttir@yahoo.com



LAND ROVER DISCOVERY 3SE G4, diesel, árg. 2006, ekinn 95 þúsund. 7 manna, nýleg dekk, snyrtileg eintak. Verð 5.290. Skoða skipti. Upplýsingar í síma 862-0052.



Honda CRV 1998 ekinn 251.000 km. Sjálfskiptur fallegur og vel með farinn bíll sem fengið hefur gott viðhald. 5 ný heilsársdekk. Nýtt púst ofl. ofl. Þetta er mjög góður bíll. Engin skipti. Verð Kr. 490.000.- Uppl. í síma 860-2010.

## 0-250 þús.

Daewoo Lanos ,98. Ek. 157 þ. Sk ,13. Ný smurður. V. 175 þ stgr. S. 778 0406.

## Bílar óskast

**0-250 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Jeppar



**TILBOÐ DISEL 245ÞÚS !**
Pajero disel, sjalfskiptur, árg. ,97. 7 manna, krókur, sk. ,13 Ásett verð 450 þús. tilboð 245þús. s: 891 9847.

## Vörubílar

**KRANABÍLL**
Óskum eftir kranabíl til þjónustu á Vörubílastöð Hafnarfjarðar. Uppl. veittar í S: 862 9434.

## Sendibílar

568 5000 NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

## Vinnuvélar



Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf Sími: 465 1332 WWW.buvis.is




## Hjólbarðar

VAKA



Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.



**NAMA HEILSÁRSDEKK TILBOÐ**

175/70 R 14 kr. 10.900
185/70 R 14 kr. 12.900
195/70 R 14 kr. 12.900
205/70 R 14 kr. 15.500
205/65 R 16 kr. 16.500
225/55 R 16 kr. 17.900
215/55 R 17 kr. 18.900
235/55 R 17 kr. 22.900
225/65 R 17 kr. 22.900

Kaldasel ehf Dalvegur 16 b 201 Kópavogur s. 5444333

## Verslun



Kassagítartilboð kr:22.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett, stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf, Stórhöfða 27, S:552 2125 WWW.gitarinn.is,gitarinn@gitarinn.is




# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/ármúli S. 894 4817.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**

HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Notalegt nudd opið frá 10 - 18. Rán S. 7700655

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

**RÚLLUGARDÍNUR**

Íslensk framleiðsla. Gott verð. Opið 13-17. Gluggakappar Reyðarkvísl 12, s. 567 1086.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska




Flutt að Lynghálsi 5, 110 Rvk - Opnunartilboð.
Hestar og menn, Lynghálsi 5.
S. 567 3300

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

Óska eftir góðri íbúð/húsi fyrir par á þrítugsaldri með þrjú börn. Helst í pnr 105, 101, 107, 108 100% meðmæli og skilvísar greiðslur. Upplýsingar í síma 823 5055 og Benedikt.freyr@gmail.com

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**

Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti.

**orlofshus.is Leó 897 5300**

## Atvinnuhúsnæði

**TVÖ 60,6 M2 IÐNAÐARBIL TIL SÖLU**

9 m2 milliloft. Einnig eitt 51,6 m2 bil. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við Ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 899 3760.

## Fasteignir




## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**MODUS HÁRSTOFA SMÁRALIND**

Leitar af fagmönnum í 50 og 100% vinnu. Uppl. s. 770 3881

Vantar hraustan einstakling í útivinnu, aðallega labb. Tímabundið, mikil vinna í boði. Uppl. í s. 821 0883.

THE ENGLISH PUB

**THE ENGLISH PUB - REYKJAVÍK**

Óskar eftir að ráða fólk í allar stöður. Præl skemmtilegur vinnustaður og mikil vinna í boði fyrir duglegt og jákvætt fólk.

**Upplýsingar í s. 697 9003 eða ingvar@enskibarinn.is**

SÍMSTÖÐIN

**KVÖLD- OG HELGARVINNA.**

Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára.

**Hringið í síma 415-3600 eða 776-7400.**
**kvoldvinna@simstodin.is**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




## til sölu




## fundir / mannfagnaður

SVFR

**Aðalfundur SVFR 2012**

Aðalfundur Stangaveiðifélags Reykjavíkur verður haldinn á Icelandair hótel Reykjavík Natura (áður Hótel Loftleiðir), **laugardaginn 24. nóvember 2012 kl. 13.30.** Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin




STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# Gamlir, geðillir leikarar rifja upp sögur sínar

**Ketilhúsið á Akureyri er í nýju hlutverki þessa dagana því í kvöld verður frumsýnt þar leikritið „Ég var einu sinni frægur“ með stórkanónum í öllum hlutverkum.**

Verkið heitir „Ég var einu sinni frægur“ og má eiginlega kallast heimildarverk,“ segir Jón Gunnar Þórðarson leikstjóri um nýtt verk sitt sem frumsýnt verður í Ketilhúsinu á Akureyri í kvöld á vegum leikhópsins Silfurtunglsins og Sjónlistasafnsins. „Þeir leika sjálfa sig kapparnir Gestur Einar Jónasson, Þráinn Karlsson og Aðalsteinn Bergdal og við skrifuðum verkið í sameiningu. Þetta er verk um gamla geðilla leikara sem halda að þeir séu virtir, dáðir og sívinsælir. Þeir hittast í ferð eldri borgara á Kanarí og Gestur Einar heldur því fram að hann sé fararstjóri, Alli Bergdal segist vera þarna til að skemmta gamla fólkinu en Þráinn er einfaldlega einn af gamlingjunum. Hann fær þó ekkert að slaka á þar sem hann er leikari og það er sífellt verið að biðja hann að lesa upp ljóð og vera skemmtilegur. Hinir eru því eiginlega óþarfir og búnir að týna hópnum sínum þannig að það er allt að fara í vitleysu.“

Eruð þið búnir að vera að vinna þetta lengi? „Já, við erum búnir að vera að vinna þetta frá því í byrjun september. Inn í söguna af gamalmennaferðinni spinnst saga leikhússins á Akureyri og fimmtíu ára leiklistarsaga þeirra félaganna. Þeir eru að reyna að rifja upp hlutverkin sín í gegnum tíðina en gengur það misvel. Fyrsti mánuðurinn fór mest í spjall og upprifjun sem ég skrifaði niður smám saman en síðan kom ég með fullbúið leikrit og við erum búnir að vera að æfa það í sex vikur. Og nú er sem sagt komið að frumsýningu.“

Þið sýnið í Ketilhúsinu, er hefð fyrir leiksýningum í því rými? „Það er langt síðan sýnt var hér síðast en Hannes Sigurðsson sjónlistastjóri bauð okkur að koma hér inn og æfa og sýna þar sem við erum svona hálfmunaðarlausir leiklistarmenn á Akureyri. Það hefur komið okkur á óvart hvað þetta hús er gott leikhús. Við ætlum að vera með borð í salnum og opinn bar og hugsum þetta fyrst og fremst sem mikla skemmtun fyrir áhorfendur.“

Frumsýning í kvöld, hvert er svo framhaldið? „Við sýnum um hverja helgi fram til 15. desember, fimmtudag, föstudag og laugardag, og erum þegar komnir með mikið af bókunum frá hópum sem ætla að koma til okkar áður en haldið er í jólahlaðborð eða slíkt. Sýningin byrjar nefnilega klukkan sjö og lýkur hálf níu þannig að fólk á allt kvöldið eftir þegar henni lýkur, en þetta er rosalega góð upphitun fyrir velheppnað kvöld.“ fridrikab@frettabladid.is



**JÓN GUNNAR** Leikstjórinn er jafnframt höfundur verksins í samvinnu við leikarana þrjá, Gest Einar, Alla Bergdal og Þráin Karls sem allir leika sjálfa sig í verkinu. MYND: HEIÐA.IS

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**JÓN S. R. MAGNÚSSON**
**frá Grímsey,**

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 18. nóvember, verður jarðsunginn frá Ólafsfjarðarkirkju mánudaginn 26. nóvember kl 14.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á Ólafsfjarðarkirkju.

**Ragna Kristín Karlsdóttir**
**Hulda Jónsdóttir — Aðalsteinn Friðþjófsson**
**Magnús Jónsson — Silvia Puttha**
**Hólmfríður Jónsdóttir — Gísli Jóhannsson**
**Helena Jónsdóttir — Vilhjálmur Sigurðsson**
**Rögnvaldur Jónsson — Björg Traustadóttir**
**Harpa Jónsdóttir — Magnús Ágústson**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Sigmundur Magnússon**
**Bjarni Magnússon**
**og**
**Jórunn Magnúsdóttir**

---

✝



Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem veittu okkur hlýhug og styrk vegna andláts og útfarar okkar elskulega

**INGIMARS TRYGGVA HARÐARSONAR**
**frá Akureyri.**

Við erum ykkur innilega þakklát. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki lyfjadeildar Sjúkrahússins á Akureyri og Hjálpræðishernum fyrir mikla og góða aðstoð.
Guð blessi ykkur öll.

**Kristín Svavarsdóttir**
**Jóhannes Kristinn Ingimarsson — Janine Long**
**Sigurður Hörður Ingimarsson — Rannvá Olsen**
**Ágústa Eygló Ingimarsdóttir — Einar Friðjónsson**
**Svava Ingibjörg Ingimarsdóttir — Birkir Þór Sigurðsson**
**Heimir Bjarni Ingimarsson — Anna Rósa Friðriksdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar og amma,

**ELSA GRÍMSDÓTTIR**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð mánudaginn 12. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. nóvember kl. 13.30.

**Arnar Sigfússon**
**Helga Sigfúsdóttir**
**Árni Pétur Arnarsson**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA MARGRÉT FRIÐRIKSDÓTTIR**

fyrrverandi formaður Verkakvennafélagsins Snótar, lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi laugardaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 27. nóvember kl. 13.00.

**Sigurður Sigurðsson**
**Atli Sigurðsson — Harpa Njálsdóttir**
**Bjartey Sigurðardóttir — Gunnar Sigurðsson**
**Gylfi Sigurðsson — Guðrún Erlingsdóttir**
**Arnar Sigurðsson — Anna Elísabet Sæmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR M. JÓHANNESSON**
**Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,**

lést á líknardeild LSH 15. nóvember sl.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 26. nóvember kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á heimahlynningu LSH í s. 543-1157.

**Ragnheiður Sigurðardóttir**
**Vignir — Sigrún**
**Jóhannes Helgi — Sigurbjörg Stella**
**Ægir — Monika Sjöfn**
**Jökull — Bri Kellin**
**Kristjana — Þórir**
**Sigurþór**
**afabörn og langafabörn.**

---



Okkar ástkæra,

**GERDA FRIDA GUÐMUNDSSON**
**(fædd Wattrodt)**

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 16. nóvember. Útför hennar fer fram frá ríkissal Votta Jehóva, Hraunbæ 113, mánudaginn 26. nóvember kl. 14.00.

**Guðmundur Halldór Guðmundsson**
**Ástríður Elísabet Guðmundsdóttir — Alexander Depuydt**
**Ragnheiður Guðmundsdóttir Davidson — Mark Davidson**
**Hans Kristján Guðmundsson — Elísabet Jónsdóttir**
**og barnabörn: Samúel, Tómas, Sóley, Andrew og Helena**

---

✝



Maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**EYSTEINN ÁRNASON**
**Suðurlandsbraut 60,**
**(áður Suðurbyggð 11, Akureyri)**

sem lést 20. nóvember 2012, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 27. nóvember kl. 13.00. Í stað blóma og kransa er óskað eftir stuðningi við líknarfélög.

**Anna Valmundardóttir**
**Sigríður Eysteinsdóttir — Ómar Ólafsson**
**Ragna Eysteinsdóttir — Árni V. Þórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**KRISTJÁNS S. ÓLAFSSONAR**
**Aflakór 20, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar Landspítalans fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Kolbrún Óðinsdóttir**
**Hrafnhildur Kristjánsdóttir — Jóhannes Bjarni Björnsson**
**Hrund Kristjánsdóttir — Ágúst Jensson**
**Hulda S. Kristjánsdóttir — Gunnar Björn Gunnarsson**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁRMANN J. LÁRUSSON**
**Digranesvegi 20,**
**200 Kópavogi,**

lést miðvikudaginn 14. nóvember.
Jarðsungið verður frá Fríkirkjunni Kefas, Fagraþingi 2a við Vatnsendaveg, mánudaginn 26. nóvember kl. 13.00. Að ósk hins látna eru blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning barnastarfs Fríkirkjunnar Kefas, 0536-26-5598, kt. 640392-2239.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Björg Ragnheiður Árnadóttir**
**Sverrir Gaukur Ármannsson**
**Helga Ragna Ármannsdóttir — Páll Eyvindsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞORSTEINA SIGURBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR**
**Hraunbúðum,**
**áður til heimilis að Hólagötu 9, Vestmannaeyjum,**

sem lést fimmtudaginn 15. nóvember sl., verður jarðsungin frá Landakirkju laugardaginn 24. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hraunbúðir, Vestmannaeyjum.

**Gunnar Ólafsson — Erla Sigurðardóttir**
**Sigurbjörg Ólafsdóttir — Birgir Pálsson**
**Sigurður Ólafsson — Birna Jóhannesdóttir**
**Guðbjörg Ólafsdóttir — Eiríkur Bogason**
**Sesselja Ólafsdóttir — Gunnar Berg Sigurjónsson**
**Ólöf Erla Ólafsdóttir — Stig Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

markhonnun.is

# ÞIÐ FÁIÐ JÓLADAGATÖLIN Í NETTÓ







nettó
Kræsingar & kostakjör
fyrir jólin

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** hæfileika, **6.** skammstöfun, **8.** ófarnaður, **9.** veiðarfæri, **11.** tveir eins, **12.** hroki, **14.** einkennis, **16.** hvort, **17.** fjör, **18.** angan, **20.** holskrúfa, **21.** köttur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bak, **3.** í röð, **4.** litur, **5.** hár, **7.** liðsafli, **10.** saur, **13.** fæðu, **15.** fugl, **16.** tré, **19.** sjúkdómur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** eh, **8.** böl, **9.** net, **11.** ll, **12.** dramb, **14.** aðals, **16.** ef, **17.** táp, **18.** ilm, **20.** ró, **21.** kisa.
**LÓÐRÉTT: 1.** lend, **3.** áð, **4.** fölblár, **5.** ull, **7.** herafli, **10.** tað, **13.** mat, **15.** spói, **16.** eik, **19.** ms.






# Grímulaust réttlæti

**BAKPANKAR**
Stígs Helgasonar



Ég hef ekki tölu á þeim myndum sem ég hef séð af bandarískum frægðarmennum í annarlegu ástandi, teknum á lögreglustöð eftir að þau hafa skandalíserað svo yfir sig að yfirvöld þurfa að grípa í taumana. Elvis, James Brown, Paris Hilton, Hugh Grant, Lindsay Lohan, Nick Nolte, Johnny Cash, OJ Simpson, Vanilla Ice, Larry King, Al Pacino, Jane Fonda, Jay-Z, Janis Joplin, Frank Sinatra … það væri hægt að fylla þennan pistil af nöfnum. Fólkið er misljótt, misútgrátið, með misvírað hár og misblóðhlaupin augu. Enda kallast þessi fyrirbæri „mugshots“ upp á ensku – trýnismyndir. Það er gert ráð fyrir að þær séu ljótar.

**FYRSTA** og eina svona myndin sem ég hef séð af íslensku selebbi var myndin af Sigurði Einarssyni sem sérstakur saksóknari sendi Interpol til að fylgja alþjóðlegri eftirlýsingu. Hún var ekki mjög krassandi. Samt hef ég stundum öfundað kollega mína vestanhafs af því að hafa svona greiðan aðgang að myndum frá lögreglunni af öllum sem eru handteknir. Þar er mönnum aldeilis umhugað um gagnsæi, hugsa ég, en átta mig yfirleitt jafnharðan á því að auðvitað er þetta sumpart alveg galið.

**TIL** samanburðar eru íslenskar reglur og venjur um þessi mál hins vegar fullteprulegar. Vilji fjölmiðlamenn birta mynd af stórtækum glæpon þurfa þeir annaðhvort að stela gamalli mynd af netinu ef hún er á annað borð til og krossleggja svo fingur í von um að þeir verði ekki lögsóttir, eða sitja fyrir þeim í héraðsdómi og vona að þeir sjálfir eða lögreglan hafi ekki pakkað þeim inn í tíu númerum of stóra úlpu og vafið svo tóbaksklút utan um hausinn á þeim. Íslenskir glæpamenn vilja jafnan ekki að almenningur þekki þá í sjón og það er látið eftir þeim nema fjölmiðlar finni hjáleið.

**NÚ** vill Siv Friðleifsdóttir gera það að einu af sínum síðustu verkum á þingi að þrengja enn að möguleikum fjölmiðla til að sýna fólki glæpamenn, með því að banna allar myndatökur í dómshúsum með lögum. Það er svo sem engin ástæða til að efast um Siv geri þetta af góðum hug, hún hefur reynt á eigin skinni að það getur verið aðilum að dómsmálum enn þungbærara en ella að mæta myndavélum á leið til réttarhalda. Þingmenn verða hins vegar að velta fyrir sér hvort sé meira mál: að hömlur séu settar á fréttaflutning eða að menn þurfi að skýla sér með dagblaði.

**ANNARS** er óþarfi að örvænta. Ef með þarf er Fréttablaðið með Halldór Baldursson í startholunum.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tilboðin gilda **22. - 25.** nóvember

# *Jólabókin leynist í nettó*



**Kuldi eftir Yrsu Sigurðardóttur**
Sjálfstæður tryllir í anda verðlaunabókarinnar *Ég man þig*. Þegar ungur maður fer að rannsaka upptökuheimili fyrir unglinga á áttunda áratug liðinnar aldar taka undarlegir atburðir að skekja tilveru hans og dóttur hans. En hvort eiga þeir rætur sínar að rekja til hörmunga sem dundu yfir unglingaheimilið eða til sviplegs fráfalls barnsmóður hans hálfu ári fyrr?




**KULDI**
YRSA SIGURÐARD.

**3.894 KR**




**ANGRY BIRDS**
SVÍNSLEGAR EGGJAUPPSKRIFTIR

**2.334 KR**




**ORÐ, KRYDD & KRÁSIR**

**4.281 KR**



**LJÓSMÓÐIRIN**

**4.340 KR**




**BOXARINN**

**4.214 KR**




**STELPUR GETA ALLT**

**3.544 KR**




**FYRIR LÍSU**

**4.089 KR**




**UNDANTEKNINGIN**

**3.900 KR**




**ROF**

**3.898 KR**




**SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN**
ÁTÖK OG UPPGJÖR

**4.194 KR**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**nettó** *bækur*
*Kræsingar & kostakjör*

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opnum kl. 10 Opnum kl. 10 Opnum kl. 10
1198 KR. KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI
1899 KR. KG
SS LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
DÖNSK KJÚKLINGALÆRI
FROSIN OG ÚRBEINUÐ
Úrbeinuð kjúklingalæri
700 GRÖMM
1398 KR.
EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGA-BRINGUR
KYCKLINGFILÉ
BESTU KAUPIN
Í KJÚKLINGABRINGUM
Í BÓNUS
1498 KR. 900 GR
FORKRYDDAÐ TILBÚIÐ Í OFNINN
Lambalæri
2198 KR.
ÍSLANDSLAMB: FERSKT KRYDDAÐ ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI Í ÁLBAKKA
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTGRIPASNITSEL
1898 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPASNITSEL
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
100% KJÖT
1298 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
FLATKÖKUR BÓNUS
98 KR.
BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK.
FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS
1898 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
1998 KR. KG
FERSK NAUTGRIPA PIPARSTEIK
1998 KR. KG
NV NAUTGRIPA MÍNÚTUSTEIK
998 KR. 1KG
BÓNUS SÚKKULAÐITERTA
MJÚKAR KRINGLUR 4 STK. 198 KR.
ORKUKUBBUR
FJÖLKORNABRAUÐ
259 KR.
GÆÐA ORKUKUBBUR
600 GR
KJALLARABOLLUR 4 STK. 259 KR
Egils APPELSÍN
PEPSI
MAX
98 KR. 500 ML
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
195 KR.
COKE LIGHT- ZERO
2 LTR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
num kl.10 Opnum kl.10 Opnum kl.10
50 STK. TELJÓS
BRUNATÍMI 4 KLST.
359 KR. PK
398 KR.
BÓNUS PIPARKÖKUR
400 GR
JÓLAPAPPÍR 8 METRA RÚLLUR
298 KR.RL
ROBIN JÓLA KLEMENTÍNUR
HEILL KASSI 2,3 KG
795 KR.
SPILASTOKKUR
198 KR.PK.
JÓLAKERTI 12 SM.
259 KR. STK
Jólasmjörið er komið
Í VERSLANIR BÓNUS
Jóla SMJÖR
267 KR.
JÓLASMJÖR 500 GR 267 KR. STK
279 KR.
GK SUÐUSÚKKULAÐI 300 GR
MÖNDLUR MEÐ HÝÐI
FÍNT KÓKOSMJÖL
DÖÐLUR
498 KR.
HEIMA FERSKAR DÖÐLUR 600 GR NÝ UPPSKERA
698 KR.
HEIMA MÖNDLUR
M.HÝÐI 500 GR
298 KR.
HEIMA FÍNT
KÓKOSMJÖL 500 GR
LITAÐAR LJÓSAPERUR
179 KR. STK
BÓNUS HVÍTT SÚKKULAÐI
298 KR.
BÓNUS HVÍTT SÚKKULAÐI 200 GR
Kakóduft
Lyftiduft
459 KR.
HINMESKT LÍFRÆNT
KAKÓDUFT 200 GR
359 KR.
HIMESKT
VÍNSTEINSLYFTIDUFT
BASMATI HRÍSGRJÓN
259 KR. PK
HEIMA BASMATI HRÍSGRÓN
FIMM 100 GR POKAR = 500 GR
HEIMA
Spelt
LJÓS HJÚPUR BÓNUS
DÖKKUR HJÚPUR BÓNUS
HEIL JARÐARBER
398 KR.
LÍFRÆNT / HIMNESKT SLELT HVEITI
GRÓFT EÐA FÍNT 500 GR
198 KR.
BÓNUS HJÚPUR Í BAKSTUR
LJÓS OG DÖKKUR 200 GR
259 KR.DS.
HEIMA JARAÐARBER
Í HEILDÓS 820 GR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Af Feita og hans fólki

BÆKUR ★☆☆☆☆

**Hin eilífa þrá**
Guðbergur Bergsson
**JPV-ÚTGÁFA**




Miðaldra einhleypur maður býr í íbúð á neðri hæð í úthverfi og á í dularfullu sambandi við konuna á efri hæðinni. Sjálfur vinnur hann í regnfataverksmiðju ásamt tveimur hópum kvenna, annars vegar íslenskum saumakonum, hins vegar austurlenskum sníðakonum, sem raunar koma lítið við sögu nema helst á kaffistofunni. Meðal annarra persóna eru prestur og eiginmaður einnar saumakonunnar og kona sem aðalpersónan, sem aldrei er nefndur annað en Feiti, á í einhvers konar sambandi við og er aldrei kölluð annað en Fagra.

Fyrir þá sem þekkja til verka Guðbergs er ýmislegt kunnuglegt í nýjustu skáldsögu hans sem ber titilinn Hinn eilífa þrá og skartar undirtitlinum Lygadæmisaga. Þetta á bæði við um atburði og aðstæður persóna, notkun tákna og dæmisagna, samtöl persóna og einstaka setningar úr bókinni, bæði þær sem hafðar eru eftir sögumanni og þær sem koma frá persónum sögunnar. Það liggja þræðir frá þessari bók allt aftur til Tómasar Jónssonar metsölubókar og á leiðinni krækir hún í sögur eins og söguna af Ara Fróðasyni og Hugborgu konu hans og fleiri sögur Guðbergs.

En það sem er kunnuglegt við þessa sögu minnir ekki bara á skáldsögur Guðbergs. Stíll sögunnar og frásagnaraðferð minnir stundum meira á Guðberg í pistlaham í dagblöðum eða á neti. Aðferðin einkennist af alhæfingum og kaldri fjarlægð frá persónunum. Í augum sögumanns virðast Feiti og allt hans fólk fremur ómerkilegt lið, og það er erfitt að fá á tilfinninguna að örlög þeirra hafi einhverja dýpri merkingu eða tilgang en þann að sýna fram á hversu innantómt og ömurlegt líf þeirra er. Undirtitillinn Lygadæmisaga gefur vitanlega í skyn að persónur sögunnar séu fulltrúar einhvers annars en sjálfra sín, og það má auðveldlega lesa hana þannig að hér sé íslensku þjóðinni sagt til syndanna einu sinni enn. En sú ádeila er að þessu sinni ákaflega bitlítil og ómarkviss og fyrst og fremst ákaflega þreytt.

Þessi nýjasta skáldsaga Guðbergs Bergssonar er sérkennileg smíð. Sagan sjálf er flöt og fátt sem dregur lesandann áfram í henni. Þótt á stöku stað megi finna skarplegar athugasemdir eða meinhæðnar þá nálgast sagan hvergi þau verk Guðbergs sem hafa skapað honum sess sem höfuðsnillingi íslenskra bókmennta síðustu hálfu öld eða svo.

Stundum skrifa frábærir rithöfundar vondar bækur. Það er einfaldur sannleikur en ekki alltaf auðtekinn. Hin eilífa þrá er ein af þessum bókum. Best er að gleyma henni sem fyrst.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Skáldsaga sem stendur bestu verkum höfundarins mjög langt að baki.

# Í öðru ljósi

Þátttökugjörningur og listsmiðja fyrir börn og unglinga í Listasafni Íslands á morgun.

Fullorðnir og börn geta tekið þátt í gjörningi í Listasafni Íslands á morgun klukkan ellefu. Gjörningurinn er í formi listsmiðju þar sem þátttakendum er boðið að vinna með bjarta liti og blanda saman í litróf skammdegisins. Fyrir forvitna um eðli og virkni lita er hér kjörið tækifæri til að kynnast þessum spennandi heimi. Umsjón með verkefninu hafa listamennirnir Ásta Björk Ríkharðsdóttir, Benedikt H. Hermannsson, Emma Sofia Lindahl, Eygló Harðardóttir og Sigríður Melrós Ólafsdóttir. Verkefnið er samvinnuverkefni Listasafns Íslands og Listaháskóla Íslands.

Þátttaka ókeypis fyrir börn frá 10 ára og fullorðna. Þátttakendur þurfa að skrá sig í dag.



**DUO HARPVERK** Pau Frank og Katie æfa stíft þessa dagana fyrir tónleikana á sunnudaginn.

# Fengum hljóðfæri sent frá Egyptalandi

Vegabréf kallast tónleikar Katie Elizabeth Buckley hörpuleikara og Franks Aarnink slagverksleikara, sem mynda Duo Harpverk, í 15.15 tónleikasyrpu Norræna hússins á sunnudaginn klukkan 15.15, enda koma verkin víða að.

Flutt verða sex ný verk eftir tónskáld frá jafnmörgum þjóðum á tónleikum Duo Harpverk í Norræna húsinu á sunnudag. Öll eru þau skrifuð að beiðni flytjendanna. „Þetta er í fyrsta skipti sem við spilum heila tónleika án þess að norrænir tónsmiðir komi við sögu. Þessir eru allir lengra frá. „Við fengum eitt stykkið í vor og það síðasta fyrir tveimur dögum," segir Frank og kynnir verkin og tónskáldin aðeins nánar. „Eitt verk er eftir Andrew Gen. Popoff frá Rússlandi, það eina sem er ekki frumflutt nú. Við spiluðum það á Listahátíð í sumar í Kaldalóni. Svo er eitt frá Egyptalandi, eftir 19 ára tónskáld, Bahaa El-Ansary, sem við vonumst til að geti komið á tónleikana. Í Kaíró er margt ómögulegt en síðast þegar við fréttum var okkar maður búinn að fá allar undirskriftir nema eina. Þetta er piltur sem ég kynntist á Facebook og var alveg til í að semja fyrir okkur. Það er frekar sérstakt verk en mjög skemmtilegt. Hann sendi okkur líka hljóðfæri frá Egyptalandi sem ég ætla að spila á."

Frank og tónskáldið Dennis Bathory-Kitsz frá Bandaríkjunum kynntust líka gegnum Facebook. „Dennis er ákveðinn í að mæta og er fyrir löngu búinn að bóka flug," segir Frank. „Við fáum tvo söngvara til að syngja með okkur í verkinu hans, Erlu Dóru Vogler og Árna Guðjónsson. Tónskáldið hafði hugsað sér að við gætum sungið það líka en það er of mikið í gangi í hljóðfæraleiknum til að við getum það. Við höfum sungið í nokkrum stykkjum en í þessu var það of mikið."

Eitt stykkið er eftir Alexöndru Fol frá Búlagaríu. „Alexandra býr í Montreal í Kanada. Það er verkið sem við fengum fyrst. Ætluðum að spila það í sumar en það var ekki tækifæri til þess svo við geymdum það fyrir þessa tónleika," segir Frank og heldur áfram: „Ana Paola Santillán Alcocer frá Mexíkó býr líka í Montreal, bara tilviljun. Hennar verk er melódískt og skemmtilegt og frekar hefðbundið. Eitt verkið er grískt. Panayiotis Demopoulos er eina tónskáldið sem við höfum hitt áður. Við fórum til Færeyja í sumar að spila og hittum hann þar. Það er verkið sem við fengum síðast."

Sjálfur er Frank frá Hollandi, flutti hingað 2001 og talar reiprennandi íslensku. Katie flutti hingað frá Bandaríkjunum 2005. „Við spilum bæði í Sinfó og kynntumst þar og fyrstu tónleikar okkar saman voru í apríl 2007," lýsir Frank. „Við héldum fimm ára afmælistónleika í Iðnó í apríl í vor og erum nýbúin að gefa út geisladisk sem heitir The Greenhouse Sessions enda er hann tekinn upp í gróðurhúsi."

**gun@frettabladid.is**

## Fyrir hörpu og slagverk

Frá upphafi hafa Katie Buckley og Frank Aarnink, sem skipa Duo Harpverk, pantað yfir 60 verk fyrir hörpu og slagverk úr flestum heimshornum. Þótt þau hafi flutt mörg verk eftir reynd tónskáld hafa þau lagt áherslu á að panta og flytja tónlist ungra íslenskra og erlendra tónskálda.

Duo Harpverk hefur leikið á Myrkum músíkdögum, Iceland Airwaves, Kirkjulistahátíð og Ung Nordisk Musik. Það hefur haldið nokkra tónleika á 15.15 tónleikasyrpunni í Norræna húsinu og farið í tónleikaferðir til útlanda, meðal annars um Holland og Danmörku.

Gallerí Fold 1992–2012

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 26. nóvember, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Jóhannes S. Kjarval

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



**KAMMERKÓRINN** Í kammerkór kirkjunnar eru einkum lærðir einsöngvarar og raddir þeirra hljóma á morgun.

# Mendelsohn á Nesinu

Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngur á morgun.

Kammerkór Seltjarnarneskirkju heldur tónleika í kirkju sinni á morgun undir yfirskriftinni Ljúfir tónar frá liðnum öldum. Þar verða flutt valin verk eftir J. G. Rheinberger og F. B. Mendelsohn.

Sjö einsöngvarar koma fram á þessum tónleikum, allir úr röðum kórsins, enda er kórinn að mestu skipaður lærðum einsöngvurum. Félagar úr Sinfóníuhljómsveit áhugamanna leika undir á tónleikunum ásamt Judith Þorbergsson orgelleikara. Stjórnandi er Friðrik Vignir Stefánsson. **- gun**

# ÁHRIFAMIKIL OG EINLÆG






Að loknum grunnskóla stendur drengurinn Jón á vegamótum og upplifir sig algjörlega utangarðs.

Hispurslaus, fyndin og tregafull saga um misjafnlega lukkaða framgöngu hans í lífinu.

MÁL OG MENNING
*www.forlagid.is*




SJÁLFSTÆTT FRAMHALD INDJÁNANS, SKÁLDAÐRAR ÆVISÖGU JÓNS GNARR

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*



**SNILLDARVERK** Verkið Hvílíkt snilldarverk er maðurinn! er einleikur sem Sigurður Skúlason flytur.

## Hvílíkt snilldarverk er maðurinn! sýnt í Iðnó

Leikhópurinn Leikur einn efnir til aukasýningar á leiksýningunni Hvílíkt snilldarverk er maðurinn! eftir Sigurð Skúlason og Benedikt Árnason sem er byggð á höfundarverki Williams Shakespeare í þýðingu Helga Hálfdanarsonar.

Sigurður Skúlason leikur og leikstjóri er Benedikt Árnason.

Sýningin var sýnd í Þjóðleikhúskjallaranum á síðasta leikári, en auk þess var hún sýnd víða á landsbyggðinni í vor og haust við afar góðar viðtökur áhorfenda, jafnt hér í höfuðborginni sem úti á landi, að sögn Sigurðar.

Hann segir að sýningin sé óður til leiklistarinnar og þess besta sem hún hefur af sér alið: verka Williams Shakespeare.

Í sýningunni er raðað saman brotum úr leikritum Shakespeares að viðbættri einni sonnettu, svo úr verður heildarmynd er tekur einum þræði mið af vegferð mannsins frá vöggu til grafar og öðrum þræði af skyldleika lífs og leikhúss sem var Shakespeare einkar hugleikinn.

Sýningin hefst á mánudagskvöld klukkan 20 og aðeins verður um þessa einu sýningu að ræða.

# Hringrás og forgengileiki

MYNDLIST ★★★☆☆

**Rek**

Anna Hallin og Olga Bergmann

LISTASAFN ÍSLANDS



**REK** Sýning Önnu Hallin og Olgu Bergmann hverfist um tilvistarlegar spurningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sýningunni er skipt í tvö rými. Í fremra rýminu er stór ljósmynd af uppblásinni vindsæng, í líki Íslands, fljótandi á tjörn og á gólfinu eru rauðleitar steinsteyptar afsteypur af litlum (hverfandi?) uppblásnum íslenskum jöklum. Í innra rýminu er um heildstæða innsetningu að ræða, sem tengist beint því sem er í fremri salnum. Þarna eru fjögur myndbönd, þrjú tré, sem ná frá gólfi upp í loft, sem einnig þjóna hlutverki skjávarpastanda, sem er skemmtileg lausn, og svo er garðbekkur fyrir mann að sitja á á meðan maður horfir á myndböndin.

Í lengsta myndbandinu, sem er þungamiðja sýningarinnar, kemur vindsængin nokkuð við sögu þar sem fólk liggur á henni, veltir henni og situr á henni. Í myndbandinu er tekið viðtal við fólk, heimspekinga og jarðfræðing, sem ræðir um félagsfræðilega og jarðfræðilega hluti í bland.

Í öðru myndbandi bisar annar listamannanna við vindsængina, sem gæti verið vísun í átök hennar við þetta land sem hún býr á, verandi af erlendum uppruna.

Á öðru myndbandi í rýminu er jarðfræðikortum af ýmsum löndum blandað saman í sífellu til að undirstrika hina síkviku jörð sem við lifum á og eilífa hringrás jarðar og lífsins sjálfs.

Í fjórða myndbandinu sést vindsængin fljótandi á tjörn eins og menn kannast við úr verkum listmálarans franska Claude Monet, en þar eru listamennirnir að tengja vindsængina, ímynd Íslands, listasögunni, en um leið að vísa til þess vel skilgreinda heims sem Claude Monet starfaði í. Þessar vangaveltur tengjast einmitt frásögn jarðfræðingsins í hinu myndbandinu, sem talar um jörðina sem „lokað“ kerfi þar sem jarðefnin ganga endalaust í hringi í jarðsögulegum tíma. Meginlöndin ganga niður í jörðina, bráðna þar og gjósa síðan upp á nýjum stað, og síðan breytist jörðin samkvæmt landrekskenningunni í sífellu og jarðflekana rekur um 2 cm á ári, eða jafnmikið og neglur vaxa á ári, til að gefa einfaldan samanburð.

Í myndbandinu er einnig vísað til forgengileika mannskepnunnar, með vísan í risastórt eldgos sem varð fyrir tugþúsundum ára, sem varð til þess að aðeins 10.000 forfeður mannsins lifðu af á jörðinni, á afmörkuðu landsvæði.

Sýningin hverfist um tilvistarlegar spurningar, hringrás allra hluta á jörðinni og hið síbreytilega ástand. Hún minnir okkur á smæð okkar og forgengileika, að við manneskjurnar séum í raun bara rekald í jarðsögulegum tíma.

**Þóroddur Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Áhugaverðar og þarfar hugleiðingar, settar fram í vönduðum listhlutum. Með betri fókus hefði verið hægt að koma meginskilaboðunum enn sterkar á framfæri.


# Helgarblað Fréttablaðsins

Læknar segja að lífsstíll nútímamannsins muni granda fleirum en drepsóttir fyrri alda og óttast að heimsfaraldur sé í uppsiglingu. Óheilsusamlegt mataræði, tóbaksreykingar, misnotkun áfengis og hreyfingarleysi kemur við sögu í ótal langvinnum sjúkdómum. Úr hverju deyja Íslendingar og hvernig á að koma í veg fyrir faraldurinn?




## Meðal efnis núna um helgina

FITON / ISIA



### Ver raddböndin í rúllukraga

Unnsteinn í Retro Stefson fagnar því að rúllukragapeysur séu loks komnar í tísku.



### Mengun yfir hættumörkum

Vandamál vegna brennisteinsmengunar virkjana eru óleyst. Hvað þýðir það fyrir virkjanaáform?



### Held mest upp á textana sem þykja verstir

Meistari Megas hefur sent frá sér textasafn sitt til 45 ára.



### Einfalt á aðventunni

Fylltur kjúklingur og perusalat í matarboðið.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi FRÉTTABLAÐIÐ

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 23. NÓVEMBER 2012**

### Upplestur



**12.10** Eyrún Ingadóttir og Kristín Helga Gunnarsdóttir lesa úr bókum sínum í húsnæði Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8. Boðið verður upp á te, kaffi og brauð.

### Leikrit

**20.00** Leikfélagið Peðið sýnir óperuna Bjarmaland II eftir Jón Benjamín Einarsson. Tónlist og leikstjórn er í höndum Andreu Gylfadóttur. Sýnt er í Kjallaranum, Laugarvegi 73.

### Tónlist

**20.00** Björn Thoroddsen og Kristinn Sigmundsson halda tónleika í Salnum, Kópavogi, undir yfirskriftinni Ég veit þú kemur. Auk þeirra koma fram Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona og Gunnar Hrafnsson bassaleikari.

**20.00** Baggalútur heldur tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 5.555. Aðrir tónleikar verða klukkan 23.00.

**21.30** Hljómsveitin Árstíðir heldur tónleika á Café Rosenberg.

**22.00** Hljómsveitin Árstíðir heldur tónleika á Café Rosenberg.

**23.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens leikur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Leiðsögn



**12.00** Boðið verður upp á leiðsögn um sýningu Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, Lauslega farið með staðreyndir – sumt neglt og annað saumað fast, og sýningu Þuríðar Rósar Sigurþórsdóttur, Hinumegin. Báðar sýningarnar standa nú yfir í Hafnarborg og er aðgangur ókeypis.

### Fyrirlestrar

**20.00** Ástvaldur Zenki Traustason heldur fyrirlestur í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22. Fyrirlesturinn nefnir hann Hversdags Zen.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*




# Ísland lögheimili hefðbundna ljóðsins

## Hagyrðingar og hið hefðbundna bragform er efniviður Stuðlabergs, sem er nýstofnað tímarit.

Tímaritið Stuðlaberg er helgað hagyrðingum og hinu hefðbundna bragformi. Útgefandi þess, ritstjóri og ábyrgðarmaður er Ragnar Ingi Aðalsteinsson frá Vaðbrekku sem segir í formála að Ísland sé lögheimili hefðbundna ljóðsins enda sé ljóðstafahefðin löngu týnd úr kveðskap annarra þjóða.

Í þessu fyrsta hefti Stuðlabergs eru meðal annars viðtöl við Ómar Ragnarsson og Kristínu Jónsdóttur á Hlíð en hún sendi frá sér ljóðabókina Bréf til næturinnar fyrir þremur árum sem hefur rokselst. Kristján Árnason, prófessor við HÍ, upplýsir í viðtali að aukinn bragfræðiáhugi sé við skólann og birtar eru limrur sem nemendur í 10. bekk Háaleitisskóla ortu í hópvinnu í nýliðnum október.

Nokkrir hagyrðingar svöruðu kalli ritstjórans og ortu á einu kvöldi nýjar vísur um nýju íslensku stjórnarskrána. Davíð Hjálmar Haraldsson velti fyrir sér hvort hún mundi halla til hægri eða vinstri:

*Stjórnarskrá brátt kynna kauðar,*
*kátleg verður bókin sú;*
*hægri síður eflaust auðar,*
*allar hinar fagurrauðar*
*eins og séu út úr kú.*



**RITSTJÓRINN** Ragnar Ingi ætlar að gefa út Stuðlaberg tvisvar á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON





**NÝ FYRIRSÆTA** Casey Legler er nýjasta karlfyrirsæta Ford. Hún er þó kona.

# Nýjasta viðbót Ford

Casey Legler er nýjasta karlfyrirsæta fyrirsætuskrifstofunnar Ford. Legler er kona og starfar við list.

Casey Legler er nýjasta karlfyrirsæta Ford fyrirsætuskrifstofunnar. Það væri ekki frásögur færandi nema fyrir þær sakir að Legler er kona.

Fyrirsætuferill Legler hófst í sumar þegar hún sat fyrir á myndum sem vinur hennar, ljósmyndarinn Cass Bird, tók fyrir tímaritið Muse. Myndirnar rötuðu svo í hendur starfsmanns Ford skrifstofunnar og næsta dag var Legler boðuð í viðtal.

„Þetta er einstakt lítið augnablik sem tískuiðnaðurinn hefur tekið opnum örmum," sagði Legler og vísar þar til karlfyrirsætunnar Andrej Pejic, sem hefur helst sýnt kvenmannsföt. Tískuheimurinn kallar þetta „androgyny", eða kyntvíræðni. Mörkin milli kynjanna eru óljósari og geta fyrirsætur brugðið sér í ýmis hlutverk, óháð kyni.

„Það væri sannarlega fallegt ef við mættum öll bara klæðast þeim fötum sem við vildum, án þess að það væri hlaðið merkingu," segir Legler sem búsett er í New York og starfar þar sem listamaður.

# Mætti með mömmumat í prufuna

Eva Laufey Hermannsdóttir heldur úti einni vinsælustu matarbloggsíðu landsins. Í kvöld birtist hún í fyrsta sinn á skjáum landsmanna sem einn þátttakenda í íslenskri útgáfu Masterchef. Hún segist vera með fiðrildi í maganum.

„Þetta hefur verið mjög lærdómsríkt ferli og ég hafði gaman af," segir viðskiptafræðineminn Eva Laufey Hermannsdóttir, einn af þátttakendum í raunveruleikaþættinum Masterchef sem verður frumsýndur í kvöld.

Eva Laufey er einn vinsælasti matarbloggari landsins og hefur fengið hátt í 700 þúsund heimsóknir á síðuna sína, Evalaufey.com. Þetta er frumraun hennar í sjónvarpi, en Eva Laufey kveðst vera mikill aðdáandi Masterchef-þáttanna. Það var samt ekki að eigin frumkvæði sem Eva Laufey ákvað sækja um fyrr í haust. „Ég var hvött til að sækja um og eftir smá umhugsunarfrest ákvað ég að slá til. Ég sá að ég hafði litlu að tapa og það yrði skemmtilegt að prófa þetta," segir Eva Laufey sem líkaði vel fyrir framan myndavélina.

Eva Laufey viðurkennir að hafa verið stressuð fyrir prufurnar enda vissi hún ekkert hvað hún var að fara út í. „Ég róaðist fljótt, enda var mjög fagmannlega að öllu staðið. Ég vildi ekki taka neina áhættu svo ég mætti með hefðbundinn fiskrétt frá mömmu sem ég hafði gert oft áður, með bragðmikilli sósu og fullt af grænmeti, og er í miklu uppáhaldi á mínu heimili."

Bakstur og eldamennska eru líf og yndi Evu Laufeyjar, sem stundar háskólanám í viðskiptafræði. Hún segir að það sé freistandi að snúa sér alfarið að eldamennsku. Í kvöld ætlar Eva Laufey að hreiðra um sig fyrir framan sjónvarpið með fjölskyldu sinni og kærasta til að horfa á fyrsta þáttinn. „Ætli ég eldi ekki eitthvað gott í tilefni dagsins. Maður er með smá fiðrildi í maganum, bara góð samt."

alfrun@frettabladid.is



**SPENNT EVA LAUFEY HERMANNSDÓTTIR** er einn þátttakenda í Masterchef-þáttunum sem hefja göngu sína í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**„Ég sá að ég hafði litlu að tapa og það yrði skemmtilegt að prófa þetta.**

*Eva Laufey Hermannsdóttir Masterchef-keppandi*



**BREGÐUM GLÖSUM Á LOFT** Sigríður Thorlacius, söngkona Hjaltalín, skálaði fyrir nýju plötunni ásamt Sigrúnu, Sólveigu og Áslaugu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hlýddu á nýjustu Hjaltalín-plötuna

Þriðja breiðskífa hljómsveitarinnar Hjaltalín, Enter 4, fór í forsölu á Tónlist.is í gær en kemur í verslanir í næstu viku. Af því tilefni buðu Hjaltalín-liðar til svokallaðs hlustunarteitis á veitingastaðnum KEXI á miðvikudagskvöld þar sem nýtt myndband var jafnframt frumsýnt.



**SÍS** Ástríður Viðarsdóttir og Heiða Kristín Helgadóttir brostu sínu blíðasta í tilefni dagsins.



**KULDABOLI** Védís Kjartansdóttir og Ásrún Magnúsdóttir klæddu sig eftir veðri, en virðist ekki hafa verið of hlýtt inni á KEXI.



**MEÐ LEÐRI SKAL LAND BYGGJA** Högni Egilsson, söngvari sveitarinnar, var vígalegur í leðri ásamt Greipi Gíslasyni.



**BLÁTT ÁFRAM** Sjálfstæðismennirnir úr Breiðholtinu, Ólafur Teitur Guðnason og Gísli Marteinn Baldursson, nutu kvöldsins.

KitchenAid® **JÓLATILBOÐ**



Vélin fæst í mörgum litum - Verð frá kr. 82.990





**Öllum KitchenAid® Artisan hrærivélum fylgir fimm stykkja áhaldasett ásamt matreiðslubók á íslensku.**



**KitchenAid® Professional** hrærivél
fyrir veitingahús og mötuneyti.
Var að lenda.



**Jólatilboð 4.990**
Fullt verð 5.990

**KitchenAid®** sleikjuarmur
fyrir **KitchenAid®** hrærivélina.
Ómissandi í baksturinn.

**KitchenAid**
FOR THE WAY IT´S MADE

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Óttast ekki reiði kirkjunnar manna

Opinberun Hugleiks byggir á síðustu bók Biblíunnar sem segir frá heimsenda á súran og snarklikkaðan hátt að sögn rithöfundarins.

„Ég ákvað að gera bók um hinn biblíska heimsendi og datt í hug að blanda geimverum í söguna. Þetta er svo ótrúlega súr og snarklikkaður heimsendir að mig langaði að myndskreyta hann," segir rithöfundurinn og teiknarinn Hugleikur Dagsson.

Hugleikur gaf út sína átjándu bók, Opinberun, á dögunum og er hún byggð á síðustu bók Biblíunnar, Opinberun Jóhannesar, og fjallar um heimsendi. „Það er sjaldan talað um Opinberunina í kristinfræði eða í kirkjum, sem er skiljanlegt því þar er verið að murka lífið úr mannkyninu. Guð var rosa reiður í Gamla testamentinu, hélt aftur af sér megnið af því nýja og tjúllast svo þarna í lokin. Það má líkja þessu við alkóhólista sem eignast barn og ákveður að vera góður og hætta að drekka en fellur svo og tekur tryllingsgang," segir Hugleikur. Hann segist ekki hafa neitt á móti kristinni trú frekar en nokkurri annarri, þó sé hann á móti fólki sem misnotar trúarbrögð.

„Ég er kannski aðeins að gera grín að kristni en annars er ég bara að myndskreyta bókstaflegu túlkunina á bókinni. Þeir fáu sem ræða Opinberun Jóhannesar taka alltaf fyrir myndmálið en mér finnst bókstaflega leiðin miklu skemmtilegri," segir hann og kveðst ekki hafa miklar áhyggjur af reiði frá kirkjunnar mönnum.

„Íslendingar eru svo fullir af húmor. Flestir hér eru með Jesús á réttum stað og taka Biblíuna ekki of bókstaflega svo það er alltaf verið að guðlasta án þess að nokkuð sé gert í því. Ég held að Íslendingar séu frekar guðlausir. Eins og þegar heiðni var




**ÁTJÁNDA BÓKIN** Opinberun er átjánda bók Hugleiks og sú fyrsta í nýrri seríu hans sem mun fjalla um heimsendi. Hann mun skrifa allar bækurnar í seríunni en ólíkir teiknarar koma til með að myndskreyta.

látin víkja fyrir kristni. Þá var fólki sagt að það mætti alveg halda áfram að vera heiðið, bara svo lengi sem það gerði það í kjallaranum og segði engum frá því. Ég held að þetta hafi mótað okkur til dagsins í dag og þó við séum kristin á yfirborðinu erum við rammheiðin í kjallaranum," segir hann.

Finnar hafa þegar sýnt því áhuga að fá Opinberun Hugleiks þýdda yfir á finnsku og Hugleikur vonast til að hún verði þýdd á ensku líka. „Það væri gaman að gefa hana út í Bandaríkjunum því ég hugsa að þarlendis sé að finna það fólk sem er hvað mest að bíða eftir þessum

> **Guð var rosa reiður í Gamla testamentinu, hélt aftur af sér megnið af því nýja og tjúllast svo þarna í lokin.**
>
> *Hugleikur Dagsson, rithöfundur*

heimsendi. Reyndar held ég að enginn sem sé að bíða eftir þessum heimsendi hafi lesið smáa letrið í Opinberun Jóhannesar. Þeir hafa örugglega ekki heyrt af her engisprettudýra eða því að aðeins 144.000 manns komast til himna og það séu allt karlmenn og hreinir sveinar sem ekki hafi saurgað sig með kvenmanni," segir hann.

Aðspurður getur hann vel hugsað sér að taka fyrir fleiri bækur úr Biblíunni í framtíðinni en í þessari seríu ætlar hann að einbeita sér að heimsenda. „Hingað til hafa bara þessar barnvænu sögur í Biblíunni verið myndskreyttar af einhverju viti en það er alveg fullt af sögum þarna sem væri skemmtilegt að taka fyrir. Mig hefur samt alltaf langað til að gera bók um heimsendi og Opinberun er bara sú fyrsta í seríunni. Ég er komin með nokkrar heimsendabækur í hausinn en veit ekki hvað þær verða margar eða hvenær seríunni lýkur. Ég er samt búinn að ákveða að næsta bók verði um zombie-endi. Ég ætla að hafa mismunandi teiknara í hverri bók svo Opinberun er sú eina í þessari seríu sem ég teikna sjálfur. Bækurnar verða því mjög ólíkar þó ég skrifi þær allar," segir Hugleikur að lokum.

tinnaros@frettabladid.is



**EKKERT Á MÓTI KRISTNI** Hugleikur segist ekki hafa neitt á móti kristinni trú þó hann sé að gera örlítið grín að henni í nýju bókinni. Hann er þó á móti fólki sem misnotar trúarbrögð, hvaða trúarbrögð sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# Spjalla, spila og árita vínylplötur á markaði

Íslenskur vínylmarkaður verður haldinn á Kexinu á morgun. Tónlistarfólkið verður á staðnum og mun spjalla við gesti og árita plötur. Einnig verða tónleikar.

Íslenskur vínylmarkaður fer fram í Kexi hosteli við Skúlagötu á morgun. Á markaðnum verður hægt að kaupa vínylplötur með íslenskri tónlist.

Útgáfa vínylplata hefur stóraukist á síðustu árum og líklega hefur úrvalið aldrei verið glæsilegra en í ár. Því var ákveðið að blása til markaðar þar sem tónlistaráhugamönnum gefst kostur á að kaupa íslenska tónlist á vínyl. „Sala vínylplatna hefur aukist mjög undanfarin ár. Það er dýrara að gefa út vínylplötu en geisladisk en mörgum tónlistarmönnum þykir mjög vænt um vínylinn og vilja því líka gefa tónlist sína út á því formi. Mörgum þykir líka hljóðið úr vínyl skemmtilegra en úr geisladisk, enda er þetta ekki stafrænt og það skilar sér oft í meiri hlýleika og breidd í hljómnum," segir Baldvin Esra Einarsson, plötuútgefandi hjá Kimi Records.

Plöturnar sem fást á markaðnum á morgun komu flestar út á þessu ári og eru eftir tónlistarmenn á borð við Snorra Helgason, Borko, Tilbury, Retro Stefson, Ojba Rasta, Ásgeir Trausta, Of Monsters and Men auk fjölda annarra. Tónlistarfólkið mun einnig troða upp og árita plöturnar sé þess óskað. „Snorri [Helgason] og Magnús [Tryggvason Eliassen] áttu hugmyndina að þessu. Þeir vildu gera skemmtilegan dag úr þessu og hafa það huggulegt saman. Tónlistarfólkið verður á staðnum til að spila, spjalla og árita fyrir þá sem vilja," segir Baldvin.

Markaðurinn hefst klukkan 13 og á sama tíma mun hljómsveitin Retro Stefson stíga á stokk. - sm



**VÍNYLMARKAÐUR** Íslenskur vínylmarkaður fer fram á Kex hostel á morgun. Baldvin Esra Einarsson segir að mörgum tónlistarmönnum þyki vænt um vínylinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ÞJÓÐSAGA LIFNAR VIÐ




Á ískaldri heiðinni bíða átök við öfl náttúru og myrkurs.

*Áhrifamikil saga um konu úr fortíðinni sem ekki hefur átt sér málsvara fyrr.*

NÝ SKÁLDSAGA
EFTIR HÖFUND
*LJÓSU*






VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# SKÁLD Í VERÖLD ILLSKUNNAR

Fyrirboðar og forynjur,
fjölkynngi og vígaferli.



*Hér liggur skáld* eftir Þórarin Eldjárn er áhrifarík frásögn af hógværu skáldi sem býður illskunni birginn.




*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# Léttleikandi popp frá Elízu

TÓNLIST ★★★☆☆

**Elíza Newman**
Heimþrá
**GEIMSTEINN**

Heimþrá er þriðja plata Elízu Newman og sú fyrsta sem er með íslenskum textum. Áður var Elíza auðvitað í hinni stórgóðu sveit Kolrössu krókríðandi, sem breyttist í Bellatrix þegar hún fór að vekja athygli erlendis, og svo eftir það í hljómsveitinni Scandinavia.

Tónlistin á sólóplötum Elízu, Empire Fall (2007), Pie in the Sky (2009) og nýju plötunni Heimþrá, er um margt lík, enda sami lagahöfundurinn. Samt er augljós þróun í gangi. Á fyrstu plötunni var indírokk, á plötu númer tvö var bjartari og léttari stemning, þá vék rafmagnsgítarinn að miklu leyti fyrir hljóðfærum eins og úkúlele, píanói og klukkuspili. Á nýju plötunni er poppþróunin tekin enn þá lengra. Á henni er léttleikandi tónlist spiluð á hefðbundin popphljóðfæri. Létt yfirbragð tónlistarinnar er svo undirstrikað í lok viðlagsins í laginu Stjörnuryk: „Lífið er stutt, reynum að njóta þess.“ Lögin eru samt ekki öll í þessum gleðipoppsstíl, eitt besta lag plötunnar, lokalagið Vetrarmávur, er t.d. hægt og stemningsfullt. Elíza semur sjálf öll lög plötunnar og meirihluta textanna, en fjögur laganna eru við ljóð íslenskra skálda.

Elíza er ágætis lagasmiður. Hún hefur næmt eyra fyrir melódíu. Það eru nokkrir smellir á plötunni, m.a. Stjörnuryk, Hver vill ást? og Rispuð plata. Útsetningarnar eru ágætar, en platan er samt svolítið mistæk. Bestu lögin eru þó mjög góð.

Þetta er ágætis poppplata sem ætti að geta stækkað áheyrendahóp Elízu Newman. **Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Stjörnuryk, Hver vill ást? og fleiri poppsmellir frá fyrrum Kolrössu.




**HEIMÞRÁ** „Útsetningarnar eru ágætar, en platan er samt svolítið mistæk. Bestu lögin eru þó mjög góð,“ segir gagnrýnandi Fréttablaðsins um breiðskífu Elízu Newman.

# Hönnunarkeppni unglinganna

## Samfés stendur fyrir hönnunarkeppninni Stíl í tólfta sinn í Hörpu á morgun.

„Þetta snýst um heildarútlitið á módelinu. Allt verður að passa saman og vera í samræmi við þemað, sem í ár er framtíðin,“ segir Björg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Samfés, um hönnunarkeppnina Stíl sem haldin verður í tólfta sinn á morgun.

Um 200 unglingar frá 58 félagsmiðstöðvum alls staðar af landinu taka þátt í keppninni sem haldin verður í Hörpu. Krakkarnir vinna í tveggja til fjögurra manna hópum og koma sér sjálfir saman um vinnulagið. „Sumir hópar vinna allt saman en aðrir skipta með sér verkum. Svo skilar hver hópur inn vinnumöppu þar sem vinnuferlið er útskýrt,“ segir Björg.

Samfés eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva á Íslandi sem tengja saman allar félagsmiðstöðvar landsins. Auk þess að halda hönnunarkeppnina Stíl standa þau árlega fyrir söngkeppni fyrstu helgina í mars og rappkeppninni Rímnaflæði sem fram fer í dag. Þar fyrir utan eru landsmót félagsmiðstöðvanna og Samfestingurinn á þeirra vegum. „Samfestingurinn er stórt ball og tónleikar í Laugardalshöll þar sem við höfum verið með um 7.500 unglinga undanfarin ár,“ segir Björg.



**ZERO FÉLAGSMIÐSTÖÐ** Zero frá Flúðum sigraði í Stíl í fyrra með þessari hönnun.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
SILVER LININGS PLAYBOOK 8, 10.25 16
NIKO 2 2D 4, 6 L
THE TWILIGHT SAGA PART 2 8, 10.25 12
SKYFALL 10 12
WRECK-IT RALPH 3D 4, 5.40 L
PITCH PERFECT 5.50, 8 12
TEDDI 2D 4 L




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
POSSESSION KL. 5:50 - 8 - 10:10 16
POSSESSION LUXUS VIP KL. 10:30 VIP
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 12
TWILIGHT : BREAKING DAWN 2 VIP KL. 3 - 5:30 - 8 VIP
WRECK IT RALPH ÍSL. TALI 3D KL. 3:40 - 5:50 L
WRECK IT RALPH ÍSL. TALI KL. 3:40 - 5:50 L
WRECK IT RALPH ENSKU. TALI KL. 8 - 10:10 L
ARGO KL. 5:40 - 8 - 10:30 14
HOPE SPRINGS KL. 3:40 - 8 L
BRAVE ÍSL. TALI KL. 3:40 L
END OF WATCH KL. 10:10 16

SAMBÍÓIN AKUREYRI
THE POSSESSION KL. 8 - 10:20 16
WRECK-IT RALPH ÍSL. TALI 3D KL. 6 L
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 8 12
ARGO KL. 10:20 14
BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL. TALI KL. 6 L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
TWILIGHT KL. 5:30 - 8 - 10:30 12
HERE COMES THE BOOM 5:40 - 8 - 10:20 7
CLOUD ATLAS KL. 8 14
ARGO KL. 8 - 10:30 14
WRECK-IT RALPH ÍSL. TALI KL. 5:30 L
WRECK-IT RALPH ENSKU. TALI KL. 5:50 L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
POSSESSION KL. 5:50 - 8 - 11 16
TWILIGHT KL. 5:30 - 8 - 10:30 12
SKYFALL KL. 5 - 8 - 10:10 12
WRECK IT RALPH ÍSL. TALI KL. 3:40 L
WRECK IT RALPH ÍSL. TALI 3D KL. 3:20 L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
TWILIGHT KL. 10:20 12
THE POSSESSION KL. 8 - 10 16
HERE COMES THE BOOM KL. 8 7
WRECK IT RALPH ÍSL. TALI 3D KL. 5:50 L
BRAVE ÍSL. TALI KL. 6 L




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 8 - 10.40 16
HERE COMES THE BOOM KL. 5.40 - 8 - 10.20 7
NIKO 2 KL. 4 - 6 L
PITCH PERFECT KL. 5.30 - 8 12
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI KL. 3.30 7
SKYFALL KL. 5 - 8 - 10.30 12
SKYFALL LÚXUS KL. 5 - 8 12
TEDDI LANDKÖNNUÐUR KL. 3.30 L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 6 - 8 - 10.40 16
SNABBA CASH 2 KL. 8 - 10.15 16
CLOUD ATLAS KL. 5.30 - 9 16
SKYFALL KL. 9 12
DJÚPIÐ KL. 5.50 10
THE DEEP ENSKUR TEXTI KL. 5.50 10

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
HERE COMES THE BOOM KL. 8 7
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.50 - 8 16
SNABBA CASH 2 KL. 10.15 16
PITCH PERFECT KL. 5.50 12
SKYFALL KL. 10 12

facebook /smarabio • facebook /haskolabio




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




FÖSTUDAGUR: SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:20 ■ REFF: GAURARNIR (L) 18:00 ■ REFF: CRULIC- FERÐIN YFIRUM (L) 20:00 ■ REFF: BÝFLUGNABÓNDINN (L) 22:15 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 20:00 ■ SHADOW DANCER 22:00 ■ WOODY ALLEN: A DOCUMENT-ARY (L) 22:00 ■ JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 18:00 ■ KÓNGAGLENNA (14) 17:30 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ SHADOW DANCER (L) 22:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


Heimilistæki ht.is
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
skemmtilegri
HVER VERÐUR MEISTARAKOKKUR ÍSLANDS?
MASTERCHEF ÍSLAND
HEFST Í KVÖLD KL. 20:10
MasterChef er í framleiðslu í yfir þrjátíu löndum og hefur slegið áhorfsmet í mörgum þeirra. Nú er komið að MasterChef Ísland.
Hundruð áhugakokka skráðu sig til leiks og fengu 60 manns að láta ljós sitt skína í eldhúsinu fyrir dómnefndina.
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# ÚRSLIT

### N1-DEILD KARLA

**AKUREYRI 25 (13)**
**FRAM 18 (12)**

**Mörk Akureyrar (skot):** Bergvin Þór Gíslason 8 (10), Guðmundur H. Helgason 6 (9), Geir Guðmundsson 5 (7), Bjarni Fritzsson 4/2 (7/2), Heimir Örn Árnason 1 (1), Hreinn Þór Hauksson 1 (1), Andri Snær Stefánsson (1), Snorri Björn Atlason (1).

**Varin skot:** Jovan Kukobat 9/1 (26/4, 35%).

**Hraðaupphlaup:** 1 (Bjarni 1)

**Fiskuð víti:** 2 (Guðmundur H. 1, Friðrik 1)

**Utan vallar:** 12 mínútur.

**Mörk Fram (skot):** Róbert Aron Hostert 6 (12), Haraldur Þorvarðarson 4/3 (5/4), Stefán Darri Þórsson 2 (6/1), Elías Bóasson 1 (1), Stefán Baldvin Stefánsson 1 (1), Ægir Hrafn Jónsson 1 (2), Garðar B. Sigurjónsson 1/1 (2/2), Ólafur Magnússon 1 (3), Sigurður Eggertsson 1 (3), Arnar Freyr Dagbjartsson (1).

**Varin skot:** Björn Viðar Björnsson 7 (21/2, 33%), Magnús Erlendsson 3 (14, 21%).

**Hraðaupphlaup:** 3 (Róbert 1, Stefán 1, Ægir 1)

**Fiskuð víti:** 7 (Róbert Aron Hostert 1, Haraldur Þorvarðarson 1, Stefán Darri Þórsson 1, Elías Bóasson 2, Stefán Baldvin Stefánsson 1, Ólafur Magnússon 1)

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**AFTURELDING 28 (15)**
**HK 28 (13)**

**Mörk Aftureldingar (skot):** Örn Ingi Bjarkason 6/1 (8/1), Jóhann Jóhannsson 5 (10/1), Sverrir Hermannsson 5 (11), Pétur Júníusson 4 (4), Hilmar Stefánsson 4/1 (6/2), Benedikt R. Kristinsson 3 (5), Helgi Héðinsson 1 (1), Þrándur Gíslason (2).

**Varin skot:** Davíð Svansson 13/3 (35/4, 37%), Smári Guðfinnsson 3 (9/1, 33%).

**Hraðaupphlaup:** 6 (Jóhann 2, Hilmar 2, Sverrir 1, Pétur 1)

**Fiskuð víti:** 4 (Örn Ingi 2, Þrándur 2)

**Utan vallar:** 10 mínútur.

**Mörk HK (skot):** Bjarki Már Elísson 9/1 (16/3), Garðar Svansson 5 (6), Ólafur Víðir Ólafsson 5/1 (8/1), Atli Karl Bachmann 4 (4), Bjarki Már Gunnarsson 2 (2), Leó Snær Pétursson 2 (3), Daníel Örn Einarsson 1 (3/1), Eyþór Már Magnússon (2).

**Varin skot:** Arnór Freyr Stefánsson 15/2 (43/4, 35%).

**Hraðaupphlaup:** 5 (Bjarki Már 4, Leó Snær 1)

**Fiskuð víti:** 5 (Bjarki Már 1, Garðar 2, Ólafur Víðir 2)

**FH 26 (9)**
**VALUR 23 (10)**

**Mörk FH (skot):** Ragnar Jóhannsson 5 (8), Ásbjörn Friðriksson 5/1 (9/1), Logi Geirsson 4 (6), Sigurður Ágústsson 3 (6), Einar Rafn Eiðsson 3/2 (7/3), Andri Berg Haraldsson 2 (3), Þorkell Magnússon 2 (4), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (2), Arnar Birkir Hálfdánsson 1 (2), Magnús Óli Magnússon (1), Bjarki Jónsson (2).

**Varin skot:** Daníel Freyr Andrésson 17 (40, 43%).

**Hraðaupphlaup:** 8 (Ragnar 1, Ásbjörn 2, Logi 2, Andri Berg 2, Þorkell 1).

**Fiskuð víti:** 4 (Sigurður 2, Ásbjörn 1, Þorkell 1)

**Utan vallar:** 0 mínútur.

**Mörk Vals (skot):** Finnur Ingi Stefánsson 6 (13), Atli Már Báruson 4 (5), Hjálmar Þór Arnarson 3 (3), Adam Seferovic 3 (9), Sigfús Sigurðsson 2 (2), Vignir Stefánsson 2 (5), Valdimar Fannar Þórsson 2 (5/1), Gunnar Kristinn Þórsson 1 (1), Agnar Smári Jónsson (3), Þorgrímur Smári Ólafsson (3).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 17/1 (42/3, 40%).

**Hraðaupphlaup:** 9 (Finnur Ingi 4, Seferovic 1, Vignir 2, Valdimar 1, Gunnar 1)

**Fiskuð víti:** 1 (Atli Már 1)

**Utan vallar:** 8 mínútur.

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Haukar | 8 | 7 | 1 | 0 | 218-175 | 15 |
| Akureyri | 9 | 5 | 1 | 3 | 224-216 | 11 |
| ÍR | 8 | 4 | 1 | 3 | 210-209 | 9 |
| FH | 9 | 4 | 1 | 4 | 217-229 | 9 |
| HK | 9 | 3 | 2 | 4 | 219-232 | 8 |
| Fram | 9 | 3 | 1 | 5 | 225-232 | 7 |
| Valur | 9 | 2 | 2 | 5 | 214-222 | 6 |
| Afturelding | 9 | 2 | 1 | 6 | 220-232 | 5 |

### EVRÓPUDEILD UEFA

**LAZIO 0**
**TOTTENHAM 0**
Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Tottenham.

**LIVERPOOL 2**
**YOUNG BOYS 2**
1-0 Jonjo Shelvey (33.), 1-1 Raul Bobadilla (52.), 2-1 Joe Cole (72.), 2-2 Elsad Zverotic (88.)

**NEWCASTLE 1**
**MARITIMO 1**
1-0 Sylvain Marveaux (23.), 1-1 Fidelis (79.).

**MOLDE 1**
**FC KAUPMANNAHÖFN 2**
Rúrik Gíslason var í byrjunarliði FCK skoraði sigurmark leiksins á 72. mínútu. Ragnar Sigurðsson var einnig í byrjunarliðinu en Sölvi Geir Ottesen var ekki í leikmannahópunum.

**AIK 1**
**NAPOLI 2**
Helgi Valur Daníelsson skoraði mark AIK.

visir.is
ALLT UM LEIKI GÆRKVÖLDSINS

# Komið sjálfum okkur á óvart

Kári Kristján Kristjánsson átti stórleik þegar að lið hans Wetzlar skaust upp í þriðja sæti þýsku úrvalsdeildarinnar í handbolta með sigri á Füchse Berlin á útivelli. Kári skoraði fjögur síðustu mörk Wetzlar.

**HANDBOLTI** Wetzlar hefur komið liða mest á óvart í þýsku úrvalsdeildinni í haust og liðið sendi skýr skilaboð með frábærum útivallarsigri á Füchse Berlin í fyrrakvöld, 28-27. Með sigrinum höfðu liðin sætaskipti og er Wetzlar komið upp þriðja sætið – nánast öllum að óvörum.

Kári Kristján Kristjánsson og Fannar Friðgeirsson eru á mála hjá Wetzlar en sá fyrrnefndi átti stórleik gegn Füchse Berlin. Hann var markahæstur með sjö mörk og skoraði sigurmark sinna manna rúmri mínútu fyrir leikslok.

„Þetta var algjör sleggja,“ sagði Kári Kristján í léttum dúr þegar að Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í gær. „Því er ekki að neita að við erum í spútnikbransanum þessar vikurnar og höfum komið öllum á óvart – ekki síst okkur sjálfum,“ bætir hann við.

**Fór á kostum á lokamínútunum**

Lokamínútur leiksins voru æsispennandi. Wetzlar var þremur mörkum yfir en Füchse Berlin náði að jafna metin þegar rúmar tvær mínútur voru eftir. Kári Kristján skoraði sigurmarkið stuttu síðar en þess má geta að línumaðurinn sterki sá alfarið um markaskorun Wetzlar síðustu tíu mínútur leiksins. Þá skoraði hann öll fjögur mörk liðsins.

„Ég spáði reyndar ekkert í því fyrr en ég las það eftir leikinn. Og er ég ekki að ljúga neinu um það,“ segir hann og hlær. „Þetta spilaðist ágætlega fyrir mig síðasta korterið en fram að því hafði ég lítið fengið boltann. Þetta er bara eitthvað sem þróast eftir því sem líður á leikinn og geta verið ýmsar ástæður fyrir því.“

**Engin algild skýring á genginu**

Dagur Sigurðsson er þjálfari Füchse Berlin og hefur náð frábærum árangri með liðið. Tvö ár í röð hefur liðið komist í Meistaradeild Evrópu og fóru Berlínarrefirnir alla leið í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu á sínu fyrsta tímabili í keppni þeirra bestu.

Það telst því til mikilla tíðinda þegar að lið eins og Wetzlar blandar sér skyndilega í toppbaráttu deildarinnar eins og liðið gerði á miðvikudagskvöldið.

Kári segir erfitt að finna eina algilda skýringu fyrir þessu góða gengi. Það sé margt sem komi til. „Við fengum nokkra góða leikmenn fyrir tímabilið en svo hefur okkur tekist að spila mjög vanafastan og góðan handbolta. Vörnin okkar er mjög sterk og við erum með góðan markvörð, enda höfum við fengið einna fæst mörk á okkur í deildinni. Þetta hefur bara verið heilt yfir nokkuð stöðugt hjá okkur og það skiptir máli,“ segir hann og neitar því ekki að gengi liðsins hafi komið sér á óvart.

**Getur verið fljótt að breytast**

„Fjárhagur okkar er ekki í námunda við þessi félög sem eru yfirleitt í toppbaráttu deildarinnar. Þar af leiðandi eru margir hissa á þessu en við vitum líka að þetta getur verið fljótt að breytast. En er á meðan er og ég ætla að njóta augnabliksins. Við höfum engu að tapa og förum í leikina gegn þessum stóru liðum alveg áhyggjulausir. Nú eigum við fram undan leiki gegn liðum sem eru fyrir neðan okkur í töflunni og reynir þá á að sýna að við getum haldið dampi og unnið þau líka,“ segir Kári.

**Get ekki kvartað**

Kári Kristján er á sínu þriðja tímabili hjá Wetzlar og segist hafa bætt sig á hverju ári. „Ég missti reyndar af öllu undirbúningstímabilinu vegna Ólympíuleikanna og því var byrjun tímabilsins hjá mér nokkuð brösótt. En svo hefur þetta gengið ágætlega og ég hef fengið mínar 45-50 mínútur í leik. Ég hef því yfir litlu að kvarta.“

eirikur@frettabladid.is



**VÍGALEGUR** Kári Kristján í leik með þýska liðinu Wetzlar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Síðustu tíu mínúturnar

FÜCHSE BERLIN WIR SIND DIE JÄGER.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 50:09 | | 23-25 | **Kári skorar** |
| 50:32 | Mark Bult skorar | 24-25 | |
| 52:49 | | 24-26 | **Kári skorar** |
| 56:03 | Konstantin Igropulo skorar | 25-26 | |
| 56:44 | Torsten Laen skorar | 26-26 | |
| 57:30 | | 26-27 | **Kári skorar** |
| 57:54 | Ivan Nincevic skorar | 27-27 | |
| 58:09 | Denis Spolijaric fær brottvísun | | |
| 58:52 | | 27-28 | **Kári skorar** |
| 59:32 | Dagur tekur leikhlé | | |
| 60:00 | | Leik lokið | |

### → Fannar er öflugur

Fannar Friðgeirsson er á sínu fyrsta tímabili í Wetzlar en hann kom til liðsins frá B-deildarliðinu Emsdetten þar sem hann var í tvö ár. „Hann hefur komið mjög sterkur inn í okkar lið. Fannar er okkar aðalmaður þegar við spilum framliggjandi vörn og er virkilega sterkur í návígi. Hann átti sérstaklega góðan leik gegn Füchse Berlin, bæði í sókn og vörn, en ég tel að hann eigi samt heilmikið inni. Enda er hann enn að venjast úrvalsdeildinni,“ segir Kári Kristján Kristjánsson, liðsfélagi hans.

# Spáir að Ingi og Benni mætist í úrslitaleik

Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, fer yfir undanúrslitaleiki Lengjubikarsins í Hólminum í kvöld.

**KÖRFUBOLTI** Það verður körfuboltaveisla í Stykkishólmi í kvöld og á morgun þegar úrslitahelgi Lengjubikarsins fer í fyrsta sinn fram utan suðvesturshornsins. Snæfellingar eru í hlutverki gestgjafans en þeir eiga möguleika á að vinna þessa keppni í þriðja sinn frá 2007.

„Ég tippa á að það verði dunkarnir tveir úr Vesturbænum sem mætast í úrslitaleiknum,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur. Einar Árni er þarna að tala um jafnaldrana og æskufélagana Inga Þór Steinþórsson, þjálfara Snæfells, og Benedikt Guðmundsson, þjálfara Þórs.

Tindastóll situr í neðsta sæti Dominos-deildarinnar en hefur bitið frá sér í þessari keppni. Öll hin liðin í úrslitunum, Snæfell, Grindavík og Þór, eru meðal efstu fjögurra liðanna eftir fyrstu sjö umferðirnar. Tindastóll mætir Þór í fyrri undanúrslitaleik dagsins sem hefst klukkan 18.30.

„Tindastóll er lið sem fór seint af stað og eins og svo oft áður þá eru þeir að styrkjast jafnt og þétt. Ég hefði alveg verið tilbúinn að mæta þeim í deildinni fyrir löngu síðan. Ég á þá í desember og veit að ég mun fá þá í sínum besta gír.



**ÞORLEIFUR ÓLAFSSON** Getur lyft lengjubikarnum í þriðja sinn á fjórum árum FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þetta verður langt frá því að vera eitthvað auðvelt fyrir Þórsarana,“ sagði Einar Árni.

„Ég held að báðir leikirnir verði járn í járn sem er svolítið saga tímabilsins. Það hafa fleiri leikir en færri verið jafnir fram á síðustu sekúndur. Ég sé ekki fyrir mér einhverja stórsigra,“ segir Einar en hvað með uppgjör Snæfells og Grindavíkur sem mætast klukkan 20.30.

„Hólmararnir eru hrikalega erfiðir á heimavelli. Það er eins og vinstri höndin á Nonna sjái stærri körfu þar. Þeir hitta alltaf svakalega vel þar og eru bara gríðarlega erfiðir heim að sækja,“ sagði Einar Árni og er þarna að tala um Snæfellinginn Jón Ólaf Jónsson sem hefur spilað afar vel í vetur. Snæfell er annað félagið sem fær Lengjubikarúrslitin á heimavelli en Keflvíkingar voru í sömu stöðu árið 2002 og unnu þá titilinn.

### ÖNNUR SKOÐUN:

**Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar**
**Tindastóll-Grindavík**

„Ég ætla að vera djarfur að spá Tindastól sigri af því að þeir eru á skriði í þessari keppni. Ég held að Grindavík taki Snæfell. Það skiptir Grindavík engu máli þótt þeir séu á útivelli því þeir hitta alveg jafnvel þar,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Grindavíkur um hvaða lið hann spáir í úrslitaleik Lengjubikarsins í ár.

„Ég held að heimavöllurinn eigi eftir að hjálpa pínulítið í þetta skiptið en ég yrði samt ekkert hissa ef Grindavík tæki sigurinn,“ sagði Einar Árni en Grindavík vann 110-102 sigur á Snæfelli þegar liðin mættust í 27 þrista leik í Grindavík í október.

Úrslitaleikurinn fer fram klukkan 16.00 á morgun en Grindvíkingar gætu þar spilað sinn fjórða úrslitaleik í þessari keppni á síðustu fimm árum. Þór hefur aldrei unnið stóran titil í meistaraflokki en Tindastóll vann hins vegar þessa keppni fyrir þrettán árum.

- óój

# ÞÚ SPARAR TÍMA OG FÆRÐ 250 VILDARPUNKTA

**ÞEGAR ÞÚ INNRITAR ÞIG Í SÍMANUM ÞÍNUM Á M.ICELANDAIR.IS**




**Innritaðu þig í símanum þínum – hvar sem þú ert.**

Farðu á m.icelandair.is í símanum þínum, heima hjá þér eða hvar sem þú ert,
innritaðu þig í flugið og veldu sæti í leiðinni. Ef þú ert félagi í Saga Club færðu um leið 250 Vildarpunkta.

Innritun í flugið þitt byrjar 36 klst. áður en þú átt að fara í loftið.

Áður en þú kemur um borð sýnir þú einfaldlega QR-kóðann í snjallsímanum þínum.
Þú þarft ekki einu sinni miða.

Vertu með okkur

ICELANDAIR

Þessi þjónusta er í boði frá flestum áfangastöðum Icelandair; sjá nánar á icelandair.is. Skrá þarf Saga Club númer við símainnritun til að fá Vildarpunkta þegar þjónustan er notuð.

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.10

### MasterChef Ísland



Það er komið að því, íslenska útgáfan af MasterChef hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Þættirnir hafa slegið í gegn víða um heim og nú er komið að íslenskum áhugakokkum að fá að reyna með sér í matargerð. Dómnefndin í hinu íslenska MasterChef er mönnuð þeim Friðriku Hjördísi Geirsdóttur, Rikku, sjónvarpskokkinum góðkunna, Ólafi Erni Ólafssyni veitingamanni og Eyþóri Rúnarssyni, yfirkokki á Nauthól og fyrrverandi fyrirliða íslenska kokkalandsliðsins. Í fyrsta þættinum fær hluti umsækjenda að spreyta sig og reyna að heilla dómnefndina með gómsætum réttum.

## Í KVÖLD



### Charlie St. Cloud

**STÖÐ 2 BÍÓ KL 15.05** Bræðurnir Charlie og Sam lentu í bílslysi sem Sam lifði ekki af. Eftir dauða hans heldur hann áfram að birtast Charlie, sem leikinn er af Zac Efron, ljóslifandi. Meðan það veitir Charlie huggun gerir það aðra í kringum hann áhyggjufulla.

Rotten Tomatoes 27% IMDb 6,1



### Dodgeball: A True Underdog Story

**STÖÐ 2 KL. 22.25** Kengrugluð gamanmynd með þeim Vince Vaughn og Ben Stiller í aðalhlutverkum. Vaughn fer með hlutverk Peter La Fleur sem leiðir hóp minnipokamanna á skotboltamót í þeirri von að bjarga líkamsræktarstöðinni þeirra. Meðal leikara eru Justin Long og Christine Taylor.

Rotten Tomatoes 70% IMDb 6,6



### In My Country

**RÚV KL. 23.45** Samuel L. Jackson fer hér með hlutverk Langstons Whitfield, blaðamanns á Washington Post, sem er sendur til Suður-Afríku til að fylgjast með yfirheyrslum Sannleiksnefndarinnar. Þar eru gerendur kynþáttahaturs látnir standa andspænis fórnarlömbum sínum vilji þeir fá fyrirgefningu.

Rotten Tomatoes 22% IMDb 5,8

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hvað er stjórnun **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Gestakomur í Sauðlauksdal **15.25** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Raddir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.

**17.20 Babar**

**17.44 Bombubyrgið**

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Hljómskálinn** *(1:4) (e)* Þáttaröð um íslenska tónlist í umsjón Sigtryggs Baldurssonar. Honum til halds og trausts eru Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason. Farið er um víðan völl íslenskrar tónlistarsenunnar og þekktir tónlistarmenn fengnir til að vinna nýtt efni fyrir þættina.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.40 Á tali við Hemma Gunn** Gestur þáttarins er Gísli Marteinn Baldursson.

**20.30 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni mætast lið Álftaness og Reykjavíkur. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Brynja Þorgeirsdóttir.

**21.40 Dans dans dans - Keppendur kynntir**

**21.50 The Rolling Stones** *(The Rolling Stones - Crossfire Hurricane)* Heimildarmynd um rokkhljómsveitina The Rolling Stones og feril hennar. Rætt er við hljómsveitarmeðlimi og sýndar upptökur frá tónleikum auk gamalla fréttamynda. Höfundur myndarinnar er Brett Morgen.

**23.45 Í landi mínu** *(In My Country)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.55 Charlie St. Cloud**

**11.35 Sammy's Adventures**

**13.00 Pride and Prejudice**

**15.05 Charlie St. Cloud**

**16.45 Sammy's Adventures**

**18.10 Pride and Prejudice**

**20.20 Main Street**

**22.00 Unstoppable**

**23.35 Seven**

**01.40 Main Street**

**03.15 Unstoppable**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.05 Malcolm In the Middle** *(19:22)*

**08.30 Ellen** *(48:170)*

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 Doctors** *(29:175)*

**10.15 Sjálfstætt fólk** *(28:30)*

**10.55 Hank** *(8:10)*

**11.20 Til Death** *(1:18)*

**11.50 Masterchef USA** *(4:20)*

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Last Man Standing** *(4:24)*

**13.25 Field of Dreams** Bóndi í Iowa telur sig hafa fengið skilaboð um að breyta kornakrinum sínum í hafnaboltavöll. Fjölskylda hans og vinir halda að hann sé genginn af göflunum en brátt kemur í ljós að allt í lífinu hefur sinn tilgang, sama hversu ótrúlegt það virðist í fyrstu.

**15.10 Game Tíví**

**15.35 Barnatími Stöðvar 2**

**16.50 Bold and the Beautiful**

**17.10 Nágrannar**

**17.35 Ellen** *(49:170)*

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Simpson-fjölskyldan** *(14:22)*

**19.45 Týnda kynslóðin** *(12:24)* Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.

**20.10 MasterChef Ísland** *(1:9)*

**20.55 The X-Factor** *(18:27)* Önnur þáttaröð af bandarísku útgáfunni af þessum sívinsæla þætti. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á dómefndinni en auk þeirra Simon Cowell og L.A. Reid hefur bæst í hópinn engin önnur en Britney Spears auk bandarísku söng- og leikkonunnar Demi Lovato.

**22.25 Dodgeball: A True Underdog Story**

**00.00 Crank: High Voltage** Tryllir um Chev Chelios sem þarf á reglulegu raflosti að halda til að halda hjarta sínu gangandi.

**01.35 Magnolia**

**04.40 Rambo**

**06.10 Simpson-fjölskyldan** *(14:22)*

## SPORT — *besta sætið*

**12.00 Formúla 1: Brasilía, Æfing 1** BEINT

**16.00 Formúla 1: Brasilía, Æfing 2** BEINT

**17.30 Equipment** Í þessum þætti er fjallað um búnað golfara, hvað best er að hafa til taks í golfpokanum og hvaða kylfur eru lífsnauðsynlegar hverjum kylfingi.

**18.00 Spænsku mörkin**

**18.30 Þýski handboltinn: RN Löwen - Fuchse Berlin**

**20.00 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**

**20.30 La Liga Report**

**21.00 24/7 Pacquiao - Marquez** Þættir um hnefaleikakappana Manny Pacquiao og Juan Manuel Marquez.

**21.30 Evrópudeildarmörkin**

**22.20 Tvöfaldur skolli**

**22.50 UFC 116**

## SPORT 2 — *enski boltinn*

**15.55 Sunnudagsmessan**

**17.10 Liverpool - Wigan**

**18.50 Man. City - Aston Villa**

**20.30 Premier League World 2012/13**

**21.00 Premier League Preview Show 2012/13**

**21.30 Football League Show 2012/13**

**22.00 WBA - Chelsea**

**23.40 Premier League Preview Show 2012/13**

**00.10 Arsenal - Tottenham**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.00 Dóra könnuður**

**08.25 Doddi litli og Eyrnastór**

**08.35 UKI**

**08.45 Stubbarnir**

**09.10 Strumparni**

**09.30 Brunabílarnir**

**09.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar**

**10.15 Ævintýri Tinna**

**10.35 Búbbarnir** *(7:21)*

**11.00 Stöð 2 Krakkar: barnatími**

**17.00 Villingarnir**

**17.25 Xiaolin Showdown**

**17.50 Tricky TV** *(2:23)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 The Simpsons** *(12:22)*

**17.25 Íslenski listinn**

**17.50 Sjáðu**

**18.15 Gossip Girl** *(6:18)* Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**19.00 Friends** *(14:24)*

**19.25 The Simpsons** *(10:23)*

**19.50 How I Met Your Mother** *(19:22)*

**20.15 The Secret Circle** *(14:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.

**21.00 The Vampire Diaries** *(14:22)*

**21.45 Pretty Little Liars** *(15:25)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.

**22.30 Sons of Anarchy** *(1:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Mótorhjólaklúbburinn þarf að takast á við ógnanir eiturlyfjasala, spilltra lögreglumanna og verktaka til að halda velli. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur byssuframleiðslu, peninga og ofbeldis.

**23.15 The Secret Circle** *(14:22)*

**00.00 The Vampire Diaries** *(14:22)*

**00.45 Pretty Little Liars** *(15:25)*

**01.30 Sons of Anarchy** *(1:13)*

**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** *(76:175)*

**19.00 Ellen** *(49:170)*

**19.45 Það var lagið**

**20.45 Idol-Stjörnuleit**

**21.45 Idol-Stjörnuleit**

**22.05 Entourage** *(5:12)*

**22.30 The X-Factor** *(19:27)*

**23.15 Það var lagið**

**00.15 Idol-Stjörnuleit**

**01.15 Idol-Stjörnuleit**

**01.35 Entourage** *(5:12)*

**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** *(e)*

**08.45 Dr. Phil** *(e)*

**09.35 Pepsi MAX tónlist**

**15.20 Parenthood** *(17:22) (e)*

**16.05 My Mom Is Obsessed** *(6:6) (e)*

**16.55 Rachael Ray**

**17.40 Dr. Phil**

**18.20 Survivor** *(3:15) (e)*

**19.05 Running Wilde** *(1:13) (e)*

**19.30 Solsidan** *(1:10) (e)*

**19.55 America's Funniest Home Videos** *(33:48) (e)*

**20.20 America's Funniest Home Videos** *(5:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.45 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Amanda og Timothy halda keppninni áfram.

**21.30 The Voice** *(11:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er hæfileikaríku tónlistarfólki. Dómarar þáttarins eru þau Christina Aguilera, Adam Levine, Cee Lo Green og Blake Shelton.

**00.05 Excused** Nýstárlegur stefnumótaþáttur um ólíka einstaklinga sem allir eru í leit að ást.

**00.30 House** *(10:23) (e)*

**01.20 CSI: New York** *(14:18) (e)*

**02.10 Last Resort** *(1:13) (e)*

**03.00 A Gifted Man** *(12:16) (e)*

**03.50 CSI** *(6:23) (e)*

**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** World Tour Championship 2012 (2:4) **13.00** Golfing World **13.50** World Tour Championship 2012 (2:4) **18.50** Ollie´s Ryder Cup (1:1) **19.15** World Tour Championship 2012 (2:4) **00.15** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Randver **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





SKAMMTUR
AF GLEÐI
DAGUR
RAUÐA
NEFSINS
7.DES
Ráðlagður dagskammtur fyrir
þá sem vilja bæta heiminn.
VERTU MEÐ,
KAUPTU
NEF
SÖLUSTAÐIR: HAGKAUP, BÓNUS, TE OG KAFFI,
MP BANKI, DOMINO'S.
SKEMMTUN SEM
SKIPTIR MÁLI
Horfðu á þáttinn 7. desember
í opinni dagskrá á Stöð 2.
www.baddydesign.com
unicef
Þessi auglýsing er kostuð af:
VALITOR
mp banki

## HELGIN



**„Ég stend vaktina alla helgina í Dótturfélaginu en er svo heppin að vera boðin í risa matarboð í anda þakkargjörðarhátíðarinnar á laugardaginn. Það verður hápunktur helgarinnar og ég hlakka mikið til.“**

Oddný Jóna Bárðardóttir, annar eigandi fataverslunarinnar Dótturfélagið.

# Stofnaði Félag misfætlinga vegna viðbragða

Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir gæti hafa fundið fótaspegilmynd sína en hefur enn ekki hitt hana.

„Ég held að ég gæti verið búin að finna spegilmynd mína. Ég ætla samt ekki að gera mér of miklar vonir því ég á eftir að hitta hana,“ segir leikkonan Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir sem opinberaði misstóra fætur sína í blaðinu í gær.

Hægri fótur Ólafar er í skóstærð 38 en sá vinstri er stærð 40. Munurinn hefur löngum valdið Ólöfu vandræðum, enda þarf hún yfirleitt að kaupa tvö pör af skóm. Því auglýsti hún eftir einhverjum sem glímdi við sama vandamál, nema öfugt, og gæti deilt með henni skókaupum. Í kjölfarið á fréttinni í gær hefur pósti rignt yfir Ólöfu þar sem fólk deilir með henni reynslu sinni af misstórum fótum sínum. „Þetta hefur vakið mikla athygli og auðvitað skemmtun. Vinir mínir hafa gert mikið grín að mér og skammað mig fyrir að reka ofan í þá tærnar með morgunkaffinu,“ segir Ólöf, sem prýddi forsíðu Fréttablaðsins í gær.

Í kjölfarið á þessum góðu viðtökum stofnaði Ólöf Félag misfætlinga á Facebook í gær og þegar í stað skráðu fimm meðlimir sig í hópinn. „Geturðu ímyndað þér hversu skemmtilegir hittingar geta verið hjá félaginu, allir að bera saman fætur sínar í tíma og ótíma? Það besta er að ég held að ég sé búin að para tvo saman sem geta deilt skókaupum. Mér líður eins og sambandsmiðlara,“ segir Ólöf kát og viðurkennir að hún sé fegin að heyra að hún sé ekki ein með þetta vandamál. „Ég er viss um að ég hef stuðlað að ákveðinni vakningu um misstóra fætur og ég bið misfætlinga um að hika ekki við að hafa samband.“ - áp



**STOFNAR SAMTÖK** Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir hefur fengið fjöldann allan af pósti frá fólki sem er með misstóra fætur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM













**SÁTTUR** Ólafur Arnalds er gríðarlega sáttur við nýja útgáfusamninginn við Universal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gerir útgáfusamning við Universal-risann

Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds átti í mjög löngum samningaviðræðum.

„Ég er gríðarlega sáttur,“ segir tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds. Hann hefur gert samning við Universal og mun þessi útgáfurisi gefa út næstu plötur hans.

„Þetta voru mjög langar samningaviðræður. Við erum búin að vera að semja síðan í apríl til að reyna að fá eins góðan „díl“ og hægt er. Ég er með mínar sérþarfir sem listamaður og vildi ekki fórna neinu. Það gekk upp á endanum,“ segir Ólafur, hress með nýja samninginn.

Hljómsveitin Of Monsters and Men er einnig á útgáfusamningi hjá Universal. „Þau hafa ekki farið neitt illa með Of Monsters and Men,“ bætir Ólafur við.

Fyrsta plata hans á vegum Universal lítur dagsins ljós úti um allan heim í lok febrúar. „Hún er framhald af því sem ég er búinn að vera að gera en hún er kannski aðeins poppaðri,“ segir hann. Arnór Dan úr Agent Fresco syngur fjögur lög á plötunni, sem var tekin upp í Hörpu ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það var einmitt samningurinn við Universal sem gerði það að verkum að hann gat leyft sér þann munað. „Ég hef möguleika á að gera miklu stærri hluti en ég hafði áður. Ég gat eytt miklu meira í þessa plötu og þess vegna fengum við Sinfóníuna.“

Aðspurður segir Ólafur að samningurinn sé frábært tækifæri og opni fyrir sér nýjar dyr. Hann hefur síðastliðin fimm ár verið á mála hjá litlu bresku útgáfufyrirtæki, Erased Tapes. „Það hefur gengið rosalega vel en þetta er bara annar pakki. Að fara frá því að vera í fyrirtæki þar sem eru tveir starfsmenn yfir í fyrirtæki þar sem í hverju einasta landi eru fimm manns bara að sjá um markaðsmálin.

Hjá indífyrirtækinu telst gott að selja þrjátíu þúsund plötur en hjá Universal telst það ekkert sérstaklega gott.“

Í tilefni af nýju plötunni heldur Ólafur útgáfutónleika í nokkrum löndum þar sem hann spilar með þarlendum sinfóníuhljómsveitum. Fyrstu tónleikarnir verða með Sinfóníuhljómsveit Lundúna í hinni virtu tónleikahöll Barbican Hall í Lundúnum. Svo verður förinni heitið til Berlínar, New York og Los Angeles. Að þessum tónleikum loknum fer Ólafur í þriggja mánaða hefðbundnari tónleikaferð í vor með eigin hljómsveit. freyr@frettabladid.is

## Vildi ekki semja um kvikmyndatónlist



Samningurinn við Universal felur ekki sér kvikmyndatónlist af neinu tagi. Ólafur hefur undanfarið látið að sér kveða sem kvikmyndatónskáld samhliða píanóskotinni sólótónlist sinni. Hann samdi tónlistina við myndina Another Happy Day með Demi Moore í aðalhlutverki, auk þess sem lag hans Allt varð hljótt hljómaði í stórmyndinni The Hunger Games í sumar. Upphaflega var hann í viðræðum um að semja alla tónlistina í myndinni en ekkert varð af því. „Ein af ástæðunum fyrir því að samningurinn tók svona langan tíma var að ég vildi hafa það algjörlega fyrir utan þennan samning, því ég er með svo fínan samning við umboðsmann í Hollywood fyrir kvikmyndirnar,“ segir Ólafur.



Þegar þú vilt Dorma!
Full búð af vönduðum vörum á Dorma-verði!
Ný sending af Yankee Candle kertunum komin!
Komdu núna!
12 Vaxtalaust MÁNAÐA AFBORGANIR
Aðeins kr. 34.754,- í 12 mánuði*
STÆRÐ 2X90X200
STILLANLEGT
C&J KOMIN AFTUR STILLANLEGU RÚMIN
Tilboðsverð
C&J + Shape dýna
Stærð cm. Með still. botni
2x80x200 375.800,-
2x90x200 399.800,-
2x90x210 405.800,-
2x100x200 423.800,-
120x200 230.900,-
140x200 257.900,-
* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.
SHAPE BY NATURE'S BEDDING
Charlotte & Julien Dream your world™
Como tungusófi
Como tungusófi kr. 129.000
Takmarkað magn!
Como sófi
Tilboð 129.000,-
Verð 169.900,-
Skemill 29.900,-
Verð 39.900,-
ÞÚ SPARAR 50.000.- Á COMO SÓFA MEÐ SKEMLI
Stærð
Br. 267 cm
D. 88/159 cm
H. 85 cm.
Tveir litir
Nature's Rest heilsurúm
Aðeins kr. 8.957,- í 12 mánuði*
STÆRÐ 140X200
FRÁBÆR KAUP
Dorma-verð
Nature's Rest
Stærð cm. Dýna Með botni
90x200 44.900,- 76.900,-
100x200 46.900,- 80.900,-
120x200 53.900,- 89.900,-
140x200 55.900,- 99.900,-
160x200 65.900,- 114.900,-
180x200 75.900,- 127.900,-
* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.
Nature's Rest
Mjúkt og slitsterkt áklæði
Svæðaskipt gormakerfi
Aldrei að snúa
Sterkur botn
Frábærar kantstyrkingar
Gegnheilar viðarlappir
320 gormar pr fm²
Nature's Bedding
Vandaðar dúnvörur í miklu úrvali!
TRÖLLAsængin kr. 13.900,-
140x200 cm
HLÝ OG MJÚK
DÚNSÆNGUR GOTT VERÐ OG DÚNKODDAR
Dorma dúnkoddi kr. 3.900,-
50x70 cm
DÚNDUR KAUP
Skagen sjónvarpssófi
Svart leður kr. 179.900,-
Tveggja sæta
NÝTT Í DORMA
Áklæði kr. 149.900,-
Tveggja sæta
NÝTT Í DORMA
Br: 217 D: 79 H: 106 cm.
OPIÐ
Holtagörðum
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnud.aga kl. 13-16
DORMA
– býður góða nótt
Pöntunarsími
☎ 512 6800
www.dorma.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Árni Hjörvar í Abbey Road

Bassaleikarinn **Árni Hjörvar Árnason** og félagar í bresku rokksveitinni The Vaccines voru nýlega staddir í hinu sögufræga hljóðveri Abbey Road þar sem Bítlarnir voru tíðir gestir á síðustu öld. Árni Hjörvar og félagar voru þó ekki að taka upp ný lög í hljóðverinu heldur var sjónvarpsstöðin Channel 4 að taka þar upp lifandi flutning þeirra. Stutt er síðan The Vaccines spiluðu á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves þar sem þeir fluttu m.a. Vonbrigðalagið Ó Reykjavík við góðar undirtektir.



### Stjörnum prýtt lið Stöðvar 2

Fjölmiðlamótið í fótbolta verður haldið í Fífunni í Kópavogi í dag, en mótið hefur verið haldið árlega í langan tíma. Lið Stöðvar 2 sigraði á mótinu í fyrra og þykir sigurstranglegt í ár. Liðið er enda fótboltastjörnum prýtt, meðal leikmanna þess eru **Guðmundur Benediktsson**, Tryggvi Guðmundsson, Heimir Guðjónsson, **Hjörvar Hafliðason** og Hjörtur Hjartarson. Þá eru þar menn sem eru þekktir fyrir annað en knattspyrnuhæfileikana, eins og Auðunn Blöndal og fréttamennirnir Þorbjörn Þórðarson og Breki Logason. **- fb, þeb**



### Mest lesið vísir

1. Konan sem syngur „Lóan er komin“ er látin
2. Hjón í eina gröf eftir mistök í kirkjugarði
3. „Ég er ekki í neinum hefndarhug“
4. Sleggjuárás í Háholti dregur dilk á eftir sér
5. Enn einn Íslendingurinn handtekinn í stóru fíkniefnamáli


Egill Árnason™

JUNCKERS parketsápa




*Mundu ...við erum flutt!*

Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500
www.egillarnason.is




MOTION & EMOTION

PEUGEOT

1962 - 2012 50 ára
BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

VR 2012